



Biðin og þráin eftir barninu:
Reynsla fólks af ófrjósemi og ættleiðingu

Guðný Birna Guðmundsdóttir

**Heilbrigðisvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
2014**

Biðin og þráin eftir barninu: Reynsla fólks af ófrjósemi og ættleiðingu

Guðný Birna Guðmundsdóttir

60 eininga ritgerð sem er hluti af
Magister Scientiarum gráðu í heilbrigðisvísindum

Leiðbeinendur

Sigríður Halldórsdóttir, prófessor H.A.
Sigrún Sigurðardóttir, lektor H.A.

Framhaldsnámsdeild
Heilbrigðisvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, 7. maí 2014

Biðin og þráin eftir barninu:
Reynsla fólks af ófrjósemi og ættleiðingu
60 eininga ritgerð sem er hluti af *Magister Scientiarum* gráðu í
heilbrigðisvísindum

Höfundarréttur © 2014 Guðný Birna Guðmundsdóttir
Öll réttindi áskilin

Framhaldsnámsdeild
Heilbrigðisvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Sólborg, Norðurslóð 2
600 Akureyri

Sími: 460-8000

Skráningarupplýsingar:
Guðný Birna Guðmundsdóttir, 2014.
Biðin og þráin eftir barninu:
Reynsla fólks af ófrjósemi og ættleiðingu
Meistararitgerð, framhaldsnámsdeild, Háskólinn á Akureyri, 104 bls.
Prentun: Stell ehf stafræn prentun og stimplagerð
Akureyri, 7. maí 2014
ISBN númer/ISSN númer

Útdráttur

Bakgrunnur rannsókna: Ófrjósemi hefur áhrif á milljónir manna um heim allan. Það teljast mannréttindi fyrir barn að alast upp hjá fjölskyldu en á sama tíma eru það ekki talin mannréttindi að verða foreldri. Einungis eitt ættleiðingarfélag er til á Íslandi og hefur það í tímans rás fengið takmörkuð fjárframlög frá hinu opinbera miðað við umfang starfseminnar.

Tilgangur rannsókna: Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna reynslu fólks af ófrjósemi og ættleiðingu.

Rannsóknaraðferð: Stuðst var við fyrirbærafræðilega rannsóknaraðferð. Viðtölin voru 13 í heildina, en þátttakendur voru 10 hjón eða einstaklingar, samtals 13 manns, á aldrinum 29-53 ára. Allir þátttakendur áttu það sameiginlegt að hafa upplifað ófrjósemi og ættleiðingu eða vera í ferli að bíða eftir barni til ættleiðingar. Rannsóknarspurningin var: *Hver er reynsla fólks af ófrjósemi og ættleiðingu?*

Helstu niðurstöður: Helstu niðurstöður rannsókna voru að ófrjósemi er átakanlegt og erfitt ástand andlega, líkamlega og fjárhagslega.

Ófrjósemismeðferðir reyndust þátttakendum mjög erfiðar og jafnvel erfiðari en ættleiðingin og biðin eftir barninu. Depurð var þekkt hjá mörgum þátttakendum bæði vegna ófrjósemi og barnleysis. Forsamþykkisferlið á Íslandi er of langt, of dýrt og oft á tíðum ósanngjarnt. Biðtími eftir barni til ættleiðingar erlendis frá er mjög langur og stóru ættleiðingarlöndin eru að draga úr ættleiðingum úr landi. Flestir þátttakendur treystu sér ekki til að ættleiða íslenskt barn þar sem að þær ættleiðingar eru opnar. Þátttakendum fannst stuðning vanta eftir að heim var komið bæði frá Félagi Íslenskrar ættleiðingar og frá heilbrigðisþjónustunni.

Ályktun: Rannsóknin sýnir að reynsla af ófrjósemi og ættleiðingu getur tekið mjög á þá sem við á. Mikill kostnaður og margra ára bið einkennir það ferli sem bíður þeirra sem ættleiða barn í dag. Væntanlegir kjörforeldrar þurfa aukinn stuðning og efla þarf þekkingu í samfélaginu varðandi ófrjósemi og ættleiðingar. Styrkja þarf þátt heilbrigðisþjónustunnar varðandi þjónustu við ættleidd börn.

Lykilhugtök: Ófrjósemi, ættleiðingar, biðtími, kjörforeldrar, kjörbarn.

Abstract

Background to the study: Infertility affects millions of people worldwide. It is considered to be a human right for a child to grow up with a family but at the same time it is not considered a human right to be a parent. There is only one adoption agency in Iceland and their funding in the past has been quite low.

Objective: The objective of this study was to explore the participant's experience of infertility and adoption.

Method: Phenomenology was chosen as a research approach to the study. The participants were 10 couples or single individuals aged 29 to 53 years old, who had already adopted a child or were waiting to adopt, in all 13 interviews. The main research question was: *What is people's perception of the lived experience of infertility and adoption?*

Findings: The main conclusions were that infertility is difficult to come to terms with and the participants thought it was demanding, physically, mentally and financially. The participants thought that the infertility treatments were difficult, even more difficult than the adoption and the waiting time for the child. Many of the participants experienced sadness because of childlessness and infertility. The process for adoption in Iceland is too long, too expensive and often unreasonable. The waiting time for adopted children from other countries is very long and the largest adoption countries are adopting fewer children out of the country. Most of the participants did not want to adopt a child from Iceland because those adoptions are open and the biological parents can still be involved in the child's life. The participants found that support was lacking after they returned home with the child, from the adoption agency and from their healthcare.

Conclusion: It is the researcher's conclusion that the experience from infertility and adoption can be very difficult for those involved. Adoption in Iceland comes with high expenses and a long wait for the child. Adoptive parents need more support and there is a need for more knowledge in the community about infertility and adoption. The healthcare needs to be more involved regarding services with adopted children.

Key concepts: Infertility, adoption, waiting time, adoptive parents and adoptees.

Gullkorn

„Þetta snýst ekki um ættleiðingar. Þetta snýst bara um að eignast fjölskyldu. Hvort sem ættleiðingarleiðin er farin eða einhver önnur“

Úr rannsóknarviðtali.

Tileinkun rannsóknar

Þessa rannsókn tileinka ég börnunum mínum, Guðmundi Degi og Lilju Rún. Þið eruð það besta sem ég á í þessu lífi og vinnan við þessa rannsókn hefur svo sannarlega minnt mig á það hvað ég er heppin að eiga ykkur.

Megi framtíð ykkar vera rósum stráð.
Ást, mamma.

Efnisyfirlit

Útdráttur	v
Abstract	vii
Yfirlit yfir töflur og myndir.....	xiv
Þakkarorð	xv
Inngangur.....	1
Bakgrunnur viðfangsefnis	1
Viðfangsefnið greint	2
Tilgangur rannsóknar og rannsóknarspurning	3
Rökstuðningur varðandi val á rannsóknaraðferð	3
Skilgreiningar á meginhugtökum	3
Takmarkanir rannsókna	4
Fræðileg umfjöllun.....	5
Bókasafnsleit	5
Ófrjósemi	5
Ástæður ófrjósemi.....	8
Ófrjósemismæðferðir	9
Ættleiðingar.....	10
Ættleiðingarferlið	11
Reglugerðir um ættleiðingar	13
Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna	13
Haag samningurinn	14
Ættleiðingar á Norðurlöndum	15
Danmörk	15
Noregur	16
Svíþjóð.....	16
Finnland	17
Félag Íslenskrar ættleiðingar	18

Kostnaður við ættleiðingu	19
Biðtíminn.....	19
Erlendu ríkin.....	20
Indland	20
Kína.....	21
Kólumbía	22
Tékkland	23
Tógó í Vestur-Afríku	24
Opin ættleiðing á Íslandi	25
Aðferðafræði	27
Aðferðafræði og hugmyndafræðilegur bakgrunnur	27
Yfirlit yfir þátttakendur	28
Ferli rannsóknar samkvæmt 12 þrepum Vancouver-skólans	30
1. þrep. Að velja samræðufélaga.....	30
2. þrep. Að vera kyrr.	31
3. þrep. Þátttaka í samræðum og gagnasöfnun.....	31
4. þrep. Skerpt vitund varðandi orð og gagnagreining hafin.....	32
5. þrep. Byrjandi greining á þemum, að setja orð á hugmyndir.....	33
6. þrep. Að átta sig á heildarmynd hvers einstaklings.	33
7. þrep. Staðfesting á heildarmynd einstaklingsins með honum sjálfum.	33
8. þrep. Að átta sig á heildarmynd fyrirbærisins sjálfs.	34
9. þrep. Að bera saman niðurstöður við rannsóknargögn.	34
10. þrep. Að velja heiti sem lýsir niðurstöðum í stuttu máli.	34
11. þrep. Að sannreyna niðurstöður með þátttakanda.....	34
12. þrep. Að skrifa upp niðurstöður rannsóknarinnar.	35
Siðfræði.....	35
Réttmæti og áreiðanleiki rannsóknar.....	37
Niðurstöður	38
Uppgötvun ófrjóseminnar	40
Ófrjósemisgreining	40
Depurð vegna barnleysis.....	41
Erfiðar en árangurslausar ófrjósemisméðferðir.....	42
Ákvörðun um ættleiðingu.....	44

Erlendar ættleiðingar: Eins misjafnar og löndin eru mörg	44
Íslenskar ættleiðingar: Gallinn við opnar ættleiðingar	45
Kostnaður var mikill en hvað er mikið?	46
Ættleiðingarferlið	47
Félag Íslenskrar ættleiðingar: Eina löggilta	
ættleiðingarfélagið	47
Forsamþykkið: Mikilvægt skref í ferlinu	49
Ólíkar aðstæður í erlendu ríkjunum	50
Draumur á bleiku skýi, eða hvað?	52
Biðin eftir barninu	53
Stuðningur og stuðningsleysi í álagsaðstæðum	53
„Meðgöngutíminn“	54
Niðurbrjótandi áhrif fordóma	56
Ættleidda barnið og nýja fjölskyldan	57
Er ættleiðing barns gagnkvæm björgun?	57
Geðtengslin við ættleidda barnið	58
Fyrstu stundirnar með barninu	60
Ný veröld – nýja fjölskyldan	61
Umfjöllun um niðurstöður rannsóknarinnar	63
Biðin og þráin eftir barninu	63
Helstu tímamót og þáttaskil í tengslum við ófrjósemi	64
Ættleiðingarferlið	64
Geðtengslin við ættleidda barnið	66
Stuðningur og stuðningsleysi í tengslum við ættleiðingu	68
Fjárhagslegar hliðar ófrjósemi og ættleiðinga	70
Notagildi rannsóknarinnar og lokaorð	72
Notagildi rannsóknar og tillögur að framtíðarrannsóknnum	72
Lokaorð	73
Heimildir	74
Viðaukar	80

Yfirlit yfir töflur og myndir

Tafla 1 Fylgigögn sem upprunalönd gera kröfu um frá kjörforeldrum.	25
Tafla 2 Yfirlit yfir þátttakendur, börn þeirra og tæknifrjóvganir	29
Mynd 1 Vitrænir meginferlar rannsóknarferlis Vancouver-skólans.....	30
Mynd 2 Greiningarlíkan: Biðin og þráin eftir barninu: Reynsla fólks af ófrjósemi og ættleiðingu	39

Þakkarorð

Ég vil byrja á því að þakka viðmælendum mínum kærlega fyrir þátttökuna. Án þeirra hefði rannsóknin aldrei verið möguleg. Reynsla þeirra er gríðarlega verðmæt og það er mín einlæga ósk að orð þeirra og reynsla megi hjálpa öðrum í sömu sporum.

Vinnustaðnum mínum, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, vil ég þakka innilega fyrir veittan stuðning og skilning á verkefni mínu.

Sigríður Halldórsdóttir, prófessor við Háskólann á Akureyri, fær mínar innilegustu þakkir fyrir ómetanlega aðstoð og einstaka sýn á rannsóknina. Elskulegri vinkonu minni, Karenu Rúnarsdóttur, færi ég þakkir fyrir að draga mig í meistaranámið og fyrir að vera mín stoð og stytta allan þann tíma. Þú ert ómetanleg.

Ég vil þakka tengdamóður minni, Guðnýju Gunnarsdóttur fyrir innblásturinn að rannsókninni. Móðir mín Guðrún Sveinsdóttir og systir mín Linda María fá þakkir fyrir að hvetja mig áfram. Elskulegi maðurinn minn, Gunnar Þórarinsson og yndislegu börnin mín Guðmundur Dagur og Lilja Rún fá alla mína ástúð og kærleik. Ég vil þakka ykkur fyrir að standa alltaf með mér.

Inngangur

Hér verður fjallað um viðfangsefni og bakgrunn rannsóknarinnar. Rannsóknarspurning verður kynnt, tilgangur rannsóknar verður ræddur og val rannsóknaraðferðar rökstutt. Gerð verður nánari grein fyrir meginhugtökum sem koma fram í tilgangi rannsóknar og rannsóknarspurningu. Í lokin verður fjallað um takmarkanir rannsóknar.

Bakgrunnur viðfangsefnis

Um aldir alda hefur mannkynið lagt kapp við það að fjölga sér. Nú er staðan orðin þannig að mannkynið telur um sjö milljarða. Ekki eru allir sem eiga hlut í þessum tölum, sumir kjósa að vera barnlausir en svo eru aðrir sem eru ófærir um að eignast börn, en algengasta ástæðan fyrir því er ófrjósemi.

Ófrjósemi er ástand sem erfitt er að glíma við, en áætlað er að ófrjósemi hafi áhrif á allt að 80 milljónir manna um allan heim eða að eitt af hverjum tíu þörum glími við ófrjósemi (Nachtigall, 2006). Á flestum menningarsvæðum er ófrjósemi viðurkennd sem streituvaldur og því líkleg til að valda álagi í lífi einstaklinga sem glíma við ástandið (Hynie og Burns, 2006). Ófrjósemi hefur í för með sér mikið álag fyrir viðkomandi einstakling, á samband parsins sem og tengsl þeirra við aðra. Rannsóknir hafa sýnt að álag tengt ófrjósemi er marktækt meiri álagspáttur en allir aðrir lífsviðburðir sem einstaklingur getur staðið frammi fyrir (Rosenberg og Epstein, 1999). Ættleiðingar barna hafa tíðkast frá örófi alda. Eftir seinni heimsstyrjöldina, eða frá um 1950, fór ættleiðingum að fjölga mikið og fram til ársins 2010 er áætlað að í heiminum hafi verið ættleidd um 1 milljón barna (Selman, 2009b). Ættleiðingar eru háðar mörgum lagalegum skilyrðum. Uppfylla þarf reglugerðir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem fjallar um mannréttindi barna og önnur réttindi þeirra svo sem félagsleg og menningarleg. Í samningnum er sérstök grein sem snýr að ættleiðingum barna sem miðar að verndun þeirra milli landa. Einnig

þarf að uppfylla ákvæði Haag samningsins en samningurinn útskýrir nánar ákvæði í barnasáttmálanum sem á að tryggja að ættleiðingar milli landa eigi eingöngu að miðast að því hvað sé barninu fyrir bestu og að samskipti milli ríkja séu góð. Samkvæmt lögum um ættleiðingar (nr. 130/1999) á Haag samningurinn að tryggja að ættleiðing barns milli landa sé alltaf með hagsmuni barnsins í fyrirrúmi, fyllsta öryggis sé gætt og þannig sé komið í veg fyrir sölu og brottnám barna. Sameinuðu þjóðirnar gáfu út yfirlit árið 2003 um það hversu mörg börn væru munaðarlaus í heiminum og hefðu gott af ættleiðingu. Áætlunin leiddi í ljós að það voru 60 sinnum fleiri börn sem þyrftu ættleiðingar með en sá fjöldi barna sem ættleiddur er árlega. Ef horft er til fjölda barna í heiminum er áætlað að 12 af hverjum 100.000 börnum séu ættleidd árlega (United Nations, 2009).

Biðtíminn eftir ættleiddu barni er langur og reynir mikið á væntanlega kjörforeldra. Rannsóknir hafa sýnt að óvissa er eitt stærsta málefnið sem væntanlegir kjörforeldrar þurfa að takast á við. Mikilvægt er að kjörforeldrar leiti sér hjálpar og finni sér bjargráð til aðstoðar á þessum erfiðu tímum. Hafa ber í huga að fyrir einstaklinga sem eru ekki kunnugir málefninu virðist ferlið ekki vera eins erfitt og átakanlegt eins og kjörforeldrarnir upplifa það (Frank, 1994).

Viðfangsefnið greint

Kveikja rannsóknarinnar var sú að rannsakandi þekkir vel til fólks sem hefur þurft að glíma við ófrjósemi og hefur valið ættleiðingu. Rannsakandi hafði kynnt sér málefnið vel og lesið sér til en langaði alltaf að vita meira um málefnið og hvað stæði í vegi fyrir því að fleiri ættleiddu þar sem mörg börn eru munaðarlaus og mikið er um kjörforeldra sem þrá að eignast barn.

Rannsakandi hefur í áranna rás fengið að fylgjast með vinum og ættingjum sem hafa greinst með ófrjósemi og eru staddir í ættleiðingarferlinu, það ásamt langri umræðu við tengdamóður rannsakanda um hentugt rannsóknarverkefni, var stefnan tekin á ættleiðingar. Það helsta sem leitaði á rannsakanda var að meta biðtímann eftir barni til ættleiðingar og kanna nánar hvað það væri sem gerði biðina eins langa og hún er.

Tilgangur rannsóknar og rannsóknarspurning

Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna reynslu þátttakenda af ófrjósemi, upplifun þátttakenda af því að ættleiða barn á Íslandi og biðina eftir því barni.

Rannsóknarspurningin var: Hver er reynsla þátttakenda af ófrjósemi og ættleiðingu?

Rökstuðningur varðandi val á rannsóknaraðferð

Í ljósi þess hversu viðkvæmt málefni ófrjósemi og ættleiðingar eru, sem og reynsla þátttakenda, var ákveðið að gera eigindlega rannsókn til þess að skoða þessa þætti. Tekin var ákvörðun um að notast við fyrirbærafræði Vancouver-skólans, því með þeirri aðferð er lögð áhersla á að byggja upp ákveðna heildarmynd af því hvernig reynsla þátttakenda lítur út frá þeirra sjónarhorni. Með þessari vinnu má sjá rauða þráðinn svokallaða í samræðunum (Sigríður Halldórsdóttir, 2013).

Þátttakendur í rannsókninni eru allir titlaðir meðrannsakendur vegna þess hve hlutverk þeirra í rannsókninni er stórt. Hópurinn samanstóð af einstaklingum sem höfðu reynslu af ófrjósemi og voru búnir að ættleiða barn eða biðu eftir barni til ættleiðingar. Ljóst er að hópurinn er viðkvæmur og var því sálfræðingur beðinn um að vera til taks fyrir þau ef þurfa þótti. Rannsóknaraðferðin var talin henta vel vegna þess að með henni er hægt að kafa nánar í rannsóknarefnið og gera sér þannig betur grein fyrir upplifun meðrannsakenda (Sigurlína Davíðsdóttir, 2013). Viðtölin voru mjög djúp og yfirgripsmikil og því var rannsóknaraðferðin tilvalin vegna áherslu á að sýna þátttakendum varfærni og umhyggju. Rannsakandi hafði einnig notast við fyrirbærafræði Vancouver-skólans áður og þekkti því til aðferðarinnar.

Skilgreiningar á meginhugtökum

Ófrjósemi er ástand þar sem einstaklingar eru ófærir um að geta eða ala afkvæmi. Ófrjósemin getur legið hjá konunni, karlinum eða hjá báðum aðilum. Almenn er talið að ófrjósemi hrjái um eitt af hverjum tíu pörum (Íslenska Alfræðiorðabókin, 2011).

Ættleiðing er þegar stofnað er til sambands milli ættleiðanda (foreldra) og barns. Gjörningurinn ber með sér réttaráhrif sem leiðir til þess að lítið er á barnið eftir ættleiðingu sem barn kjörforeldra sinna að öllu leyti (Íslenska Alfræðiorðabókin, 2011).

Biðtími er skilgreindur sem sá tími sem fer í að bíða eða tíminn þangað til afgreitt er (Íslensk orðabók, 1993).

Kjörforeldrar eru karl eða kona (hjón) sem ættleiða barn (Íslensk orðabók, 1993).

Kjörbarn vísar til barns sem hefur verið ættleitt, þ.e. barn sem einhver hefur tekið sér í sonar eða dóttur stað með löggerningi. Kjörbarn er alið upp af kjörforeldrum, ekki líffræðilegum foreldrum barnsins (Íslensk orðabók 1993; Hrefna Friðriksdóttir, 2011).

Takmarkanir rannsókna

Með takmörkun rannsókna er átt við það að í rannsókninni geta komið fram ákveðin atriði sem hafa áhrif á niðurstöður og þannig dregið úr trúverðugleika hennar. Takmarkanir rannsókna eru til dæmis þær að á Íslandi hefur það sem snýr beint að upplifun kjörforeldra um biðina eftir barninu lítið verið rannsakað. Þess vegna er lítið hægt að bera niðurstöður saman við fyrri rannsóknir á Íslandi. Takmörkun rannsókna gæti líka verið að viðtölin voru tekin víðsvegar á suðvesturhorni Íslands sem gæti verið takmörkun.

Það sem hinsvegar styrkti þessa rannsókn var að tekin voru alls 13 viðtöl við 10 pör eða einstaklinga, alls 13 manns og þannig fengin aukin dýpt í samræðurnar. Þátttakendur voru á víðu aldursbili og börnin höfðu verið ættleidd frá öllum löndum sem Félag Íslenskrar ættleiðingar semur við, nema Tógó. Einnig var rætt við einhleypan einstakling sem hafði ættleitt. Tilgangur eigindlegra rannsókna er að auka skilning og dýpka þekkingu á viðkomandi fyrirbæri, hér ófrjósemi og ættleiðingum.

Fræðileg umfjöllun

Í þessum kafla verður fjallað um rannsóknir og annað ritað efni sem fellur innan sviðs rannsóknarinnar. Með því að skoða nánar annað efni er hægt að fá fram skýrari mynd af viðfangsefni hennar.

Kaflinn skiptist í undirkafla þar sem byrjað er að fara yfir heimildaleit rannsakanda. Þá er fjallað um ófrjósemi, orsakir hennar og ófrjósemismæðferðir. Næsti undirkafla fjallar um ættleiðingar, ættleiðingarferlið og farið er yfir reglugerðir um ættleiðingar. Að lokum er farið yfir starf og ferli Íslenskrar Ættleiðingar þar sem einblínt verður á biðtíma, stuðning, kostnað, erlendu ríkin og rætt um opnar ættleiðingar.

Bókasafnsleit

Rannsakandi leitaði víða að heimildum gegnum ýmis gagnasöfn, en helst var stuðst við CINAHL (Ebsco host), Proquest, Medline og einnig var notast við Google Scholar og Skemmuna. Notuð voru leitarorð um ófrjósemi, ættleiðingar, ættleidd börn, kjörforeldra og biðtíma eftir barni. Einnig var leitað að heimildum um ættleiðingar á vef og upplýsingaritum frá Félagi Íslenskrar ættleiðingu og hjá Innanríkisráðuneytinu og rýnt var í heimildir um Haag samninginn og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Ófrjósemi

Hún fór þarna í aðgerð til þess að opna fyrir eggjaleiðara svo náttúrulega kom á daginn að það var allt ónýtt þarna. Þá sagði hún við mig, ég gleymi þessu aldrei. Hún sagði við mig grátandi: „Viltu ekki fara og leita þér að einhverri annarri?“

(Úr rannsóknarviðtali, 2013).

Þegar mæla á frjósemi er algengasti mælikvarðinn fjöldi lifandi fæddra barna á ævi konu. Til þess að viðhalda mannfjöldanum til lengri tíma er miðað við að hver kona þurfi að eiga 2,1 barn um ævina (Hagtíðindi, 2005).

Á Íslandi árið 2004 mældist frjósemin 2,0 börn á ævi konu en árið 2012 birtust tölur um að Ísland væri frjósamasta land í Evrópu með 2,2 börn að meðaltali á hverja íslenska konu. Um alla Evrópu má nú sjá minnkandi fæðingartíðni sem farið er að valda stjórnvöldum áhyggjum. Nær öll Evrópulöndin eru með frjósemistölur undir viðmiðunarmörkum sem talin eru nægileg til að tryggja endurnýjun kynslóða (Ragnheiður Inga Bjarnadóttir, 2013).

Á Íslandi er Art Medica eina fyrirtækið sem sér um tæknifrjógvanir og hefur verið starfandi síðan árið 1991. Fyrir einstaklinga sem eru að fara í fyrsta skipti í gласafrjógvun er kostnaðurinn 376.055 - 449.660 krónur. Önnur til fjórða meðferð er talsvert ódýrari en við fimmtu meðferð hækkar verðið aftur upp í byrjunarverð. Ófrjósemi er skilgreind sem sjúkdómur sem hefur áhrif á rúmlega 15% íslensku þjóðarinnar (Art Medica, e.d.a).

Orsakir ófrjósemi geta verið ýmsar. Skilgreining ófrjósemi er þegar parið eða einstaklingurinn hefur ekki náð að eignast barn eftir að hafa reynt í 12 mánuði eða lengur með óvörðum kynmökum (ASRM, 2008). Í flestum samfélögum viðhelst ákveðin skylda eða þrýstingur á að eignast börn. Þessi menningarlega hefð fyrir barneignum virðist vera sérstaklega sterk og viðheldur sér gegnum kyn, aldur, kynþátt, trú, stétt og þjóðaruppruna. Sökum þess að í samfélaginu viðgengst það að skilgreina konur m.a. vegna æxlunar þeirra, upplifa konur sem glíma við ófrjósemi að þær standi ekki undir þessum skilgreiningum og blygðast sín vegna þess (Whiteford og Poland, 1990). Ófrjósemi er erfitt ástand að takast á við, sérstaklega fyrir konur. Ástandinu fylgir oft sársauki, smán og ákveðinn missir þess æviferils sem einstaklingurinn var búinn að ákveða sér (Franklin og Brockman, 1990). Konur leita sér oftast meðferðar vegna ófrjósemi heldur en karlar, jafnvel þó að ófrjósemismeðferð kvenna sé umfangsmeiri og dýrari en hjá körlum. Hafa þarf þessa staðreynd í huga þar sem að fjöldi bandarískra kvenna á aldrinum 20-24 ára sem glíma við ófrjósemi, hefur þrefaldast síðan árið 1965 (Whiteford og Poland, 1990). Rannsóknir á ófrjósemi hafa sýnt kynjamun á því hvernig brugðist er við ófrjóseminni. Karlmenntakast oft á við ófrjósemi með því að loka á tilfinningar sínar þegar þeir takast á við þennan meinta missi (Abbey, Andrews og Halman, 1991). Konur hafa hinsvegar lýst ófrjósemi sem verstu krísu í lífi þeirra (Daniluk, 1997). Einstaklingar sem glíma við ófrjósemi tengja ástandið við þunglyndi ásamt því að upplifa ákveðinn missi af sjálfsvitund sinni, sjálfsvirðingu og félagslegu hlutverki

(Deveraux og Hammerman, 1998). Whiteford og Gonzalez (1995) gerðu eigindlega rannsókn með feminískri aðferðafræði og könnuðu þannig upplifun 25 bandarískra kvenna sem sóttu meðferð vegna ófrjósemi. Konurnar lýstu í rannsókninni upplifun sinni af þeirri smán sem þeim fannst fylgja því að glíma við ófrjósemina. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að konurnar tengdu ófrjósemi við skömm, samviskubit, neikvæð lífsgæði, það að hafa brugðist, að vera óeðlileg og að finnast þær ekki heilar. Berger, Paul og Henshaw (2013) rannsökuðu reynslu kvenna af ófrjósemi. Rannsóknin var megindeleg en notast var bæði við spurningalista og opna spurningu. Talað var við 56 konur sem glímdu við ófrjósemi en niðurstöðurnar leiddu í ljós að það sem konunum fannst erfiðast í ferlinu var kostnaðurinn við ófrjósemisméðferðina og það mikla fjárhagslega álag sem meðferðin olli á hjónabandið. Konurnar töluðu um að hafa fengið tiltölulega lítinn stuðning en sá stuðningur sem þær fengu var yfirleitt frá maka eða fjölskyldu. Aðalniðurstöður þeirra voru að konurnar litu á fjölskyldu, vini og aðra í nánasta félagslega umhverfi sínu sem uppsprettu bæði álags og stuðnings, en lækniþjónusta og stefna ófrjósemisméðferða var tillitslaus, ósanngjörn og jók frekar á líkamlegt og andlegt álag þeirra.

Í fyrirbærafræðilegri rannsókn Imeson og McMurray (1996) var könnuð reynsla sex hjóna sem gengust undir glasameðferð vegna ófrjósemi. Helstu þemu rannsóknarinnar voru hjálparleysi, sveifla milli vonar og vonleysis, lífsstílsbreytingar og félagsleg einangrun. Öll pörin sem gengust undir meðferðina upplifðu breytingu á lífi sínu, líkamlegt og tilfinningalegt álag og breytingu á hjónabandinu. Pörunum fannst þau missa stjórn á mörgum hliðum lífsins. Flest töluðu um að hafa upplifað félagslega einangrun tengda ófrjóseminni, sem stigmagnaðist þegar þau þurftu að takast á við óviðeigandi viðbrögð annarra.

Á Íslandi eru starfrækt hagsmunasamtök fyrir einstaklinga sem glíma við ófrjósemi. Samtökin heita Tilvera og voru stofnuð árið 1989 af nokkrum þörum sem fóru saman í tæknifrjóvgun til Bretlands.

Markmið félagsins er að stuðla að aukinni fræðslu í samfélaginu um ófrjósemi, bæði til almennings og til stjórnvalda. Félagið heldur opin kvöld einu sinni í mánuði þar sem mikið er lagt upp úr stuðningi innan hópsins (Tilvera.is, e.d.).

Ástæður ófrjósemi

Helstu læknisfræðilegu skýringar á ófrjósemi eru óreglulegt egglos, legslímufلاك og skemmdir eggjaleiðarar. Algengasta ástæða ófrjósemi er óreglulegur tíðarhringur sem kemur til vegna óreglulegs eggloss og hormónaójafnvægis. Ástæður geta verið ýmsar en oftast er um að ræða of miklar líkamsæfingar, ónógt mataræði og mikið ójafnvægi í þyngd. Legslímufلاك er flokkaður sem góðkynja sjúkdómur. Sjúkdómurinn hefur áhrif á 4-10 milljónir kvenna í Bandaríkjunum. Orsakir sjúkdómsins eru óþekktar en legslíman fer á „flakk“ og vex annars staðar í líkamanum en í leginu og kemur sér oft fyrir á eggjastokkunum (American Infertility Association, 2003).

Sjúkdómar í eggjaleiðurum eru önnur orsök. Þegar eggjaleiðararnir eru skemmdir er þungun ekki möguleg. Orsök getur verið bakteríusýking út frá kynsjúkdómum eins og klamydíu og lekanda en einnig getur verið um að ræða bólgusjúkdóma í grindarholi.

Í 10-15% tilfella er um að ræða óútskýrða ófrjósemi, þ.e. parið er rannsakað ítarlega en ekkert óeðlilegt finnst (Franklin og Brockman, 1990). Ófrjósemi er hluti af eðlilegu öldrunarferli en rannsóknir hafa sýnt að frjósemi kvenna nær hámarki á tvítugs- og þrítugsaldri. Þegar konur verða þrítugar minnka gæði eggjanna og erfiðara er að ganga fulla meðgöngu. Í Bandaríkjunum hefur ófrjósemi áhrif á 10,2% kvenna á aldrinum 15 til 44 ára, sem er rúmlega 6,2 milljónir kvenna (American Infertility Association, 2003). Orsakir ófrjósemi geta líka verið hjá karlinum en ástæður fyrir ófrjósemi í körlum geta verið vegna hormónagalla, litningagalla eða vegna líkamlegra þátta. Ef um er að ræða hormónagalla er ástæðan yfirleitt sú að ekki framleiðist nóg af hormónum sem eru nauðsynleg fyrir sæðisframleiðslu. Ef um er að ræða litningagalla er algengast að karlar séu með Klinefelters sjúkdóm þar sem karlmenn eru með aukalegan X litning og verður því XXY í stað XY eins og almennt er. Í þessum tilfellum er Y litningurinn yfirleitt gallaður og ekkert sæði myndast. Annað dæmi um litningagalla eru stíflaðar sáðrásir sem getur orsakast af Cystic fibrosis sjúkdómnum. Stífla í sáðrás er einnig greind sem líkamleg orsök sem getur verið tilkomin vegna áverka, sýkingu eða uppskurðar. Ófrjósemi karla er í langflestum tilfellum ólæknanleg en oft er hægt að notast við glasafrjóvganir

til að stuðla að þungunum, sérstaklega smásjárfrjóvganir þar sem einni sáðfrumu er stungið inn í eggjö (Art Medica, e.d.b).

Ófrjósemismeðferðir

Til eru ýmsar ófrjósemismeðferðir en ef konan hefur ekki orðið þunguð eftir að hjónin eða parið hefur reynt að eignast barn í 12 mánuði eða lengur með óvörðum kynmökum, er ástæða til að leita sér aðstoðar.

Art Medica er, eins og áður sagði, íslenskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í tæknifrjóvgunum og sér einnig um rannsóknir á ófrjósemi. Í Art Medica eru gerðar árlega um 300 tæknisæðingar, 300-320 smásjár- og glasafrjóvganir, 500 sæðisrannsóknir og um 90 pör leita sér meðferðar sem felur í sér uppsetningu á frystum fósturvísimum. Árið 1992 fæddist fyrsta barnið á Íslandi sem getið var með glasafrjóvgun en síðan hafa fæðst yfir 1000 börn (Art Medica.is, e.d.c). *Tæknifrjóvganir* eru yfirheiti um bæði tæknisæðingu og glasafrjóvgun en tæknifrjóvgun felur í sér að þungun er náð með öðrum hætti en með samförum. Líkur á því að eignast barn eftir tæknifrjóvganir eru um 30-35% eða rúmlega ein af hverjum þremur meðferðum endar með þungun. *Tæknisæðing* (intrauterine insemination) er yfirleitt fyrsta meðferðin sem er reynd en þá eru sæðisfrumurnar teknar og þeim komið hátt upp í legholið, en með þessari aðferð komast mun fleiri sáðfrumur upp til eggjaleiðaranna þar sem frjóvgun verður, en ella, eða um 100.000 fleiri sáðfrumur. Einnig er konan örvuð með hormónum fyrir ferlið til að auka líkur á þroskuðum eggjum. Hér er hægt að nota sæði eiginmanns eða gjafasæði ef vandamál hafa komið upp með sæði eiginmanns (Goverde o.fl., 2000). Líkur á að þungun verði með tæknisæðingu á Íslandi eru um 17% en algengt er að meðferðin sé gerð allt að fjórum sinnum áður en reynt er við glasafrjóvgun eða smásjárfrjóvgun (Art Medica.is, e.d.b).

Glasafrjóvgun (In vitro fertilization) er þegar eggfruma er tekin og hún sett með þúsundum sæðisfrumna í von um frjóvgun á diskum (in vitro). Um það bil 120 börn fæðast á Íslandi á ári eftir glasafrjóvganir.

Meðferðin felur í sér að örva eggjastokkana til að framleiða fleiri eggfrumur en eggfrumurnar eru teknar úr konunni með ástungu. Með glasafrjóvgun er um það bil ein af hverjum þremur meðferðum sem

leiðir til þungunar og fullrar meðgöngu. Ýmsar ástæður eru fyrir því að glasaftrjógungun er valin en helstu ástæður eru þegar kona hefur fengið tíð utanlegsfóstur, tæknisæðing hefur ekki virkað eða eggjaleiðarar eru skemmdir. *Smásjárfrjógungun* (intracytoplasmic sperminjection) er þegar tekin er ein sæðisfruma og henni stungið inn í eggfrumu en eins og nafnið bendir til er þetta framkvæmt í smásjá. Smásjárfrjógungun er gerð þegar glasaftrjógungun hefur ekki virkað, sæðisfrumur karlsins eru of fáar eða eru með skerta hreyfigetu (Tanbo o.fl., 1998).

Aukaverkun vegna ófrjósemismæðferða er aukin hætta á utanlegsfóstri sem gerist í 3-5% tilfella hjá þeim konum sem verða þungaðar. Auknar líkur eru á utanlegsfóstrum þegar konur eru með skemmda eggjaleiðara. Einnig getur mæðferð valdið miklu andlegu álagi og því er gott að leita sér aðstoðar og stuðnings. Konur geta fundið fyrir óþægindum vegna lyfjameðferðarinnar og fundið fyrir hitakófi, höfuðverk og fengið oförvun á eggjastokkana sem lýsir sér með slappleika og magaverkjum sem geta versnað fyrstu vikurnar eftir eggheimtu en einkenni hverfa oftast innan þriggja vikna (Art Medica, e.d.b).

Ættleiðingar

Ættleiðingar eiga ekki að vera fyrir ríka. Ættleiðingar eiga að vera fyrir gott fólk sem eiga að uppfylla kröfur sem eru settar í lögum og reglugerðum um kjörforeldra, en þetta á ekki að vera fyrir ríkt fólk. Bara fyrir gott fólk. Það eru engar rannsóknir sem sýna fram á það að ríkt fólk séu betri uppalendur en fólk sem er ekki ríkt. Heildarferlið á Íslandi kostar eitthvað á bilinu um þrjár milljónir, fjárhagur þarf að vera traustur, það þarf að vera í lagi en þetta á að vera venjulegt gott fólk sem getur veitt barni gott heimili (Kristinn Ingvarsson, 2014).

Ef horft er til ættleiðinga á Norðurlöndunum árið 2004 þá voru ættleidd til Noregs 706 börn, til Svíþjóðar 1109 börn, til Danmerkur 528 börn og til Íslands 27 börn. Á árunum 2010-2011 fækkaði svo ættleiðingum þar sem ættleidd voru um 400 færri börn á þessum tíma á öllum Norðurlöndunum nema á Íslandi (Selman, 2009b).

Ljóst er að mikil eftirspurn er eftir börnum til ættleiðingar erlendis frá og er að aukast. Á sama tíma hefur ættleiðingum frá stóru löndunum eins og Kína og Indlandi fækkað verulega. Nokkur lönd

hafa dregið úr ættleiðingum úr landi vegna gífurlegs þrýstings frá kjörforeldrum í viðtökuríkjum. Í einhverjum tilfellum hefur komið upp grunur um spillingu og jafnvel sölu á börnum milli landa. Í sumum ættleiðingarlöndum eins og Kína hafa aðstæður fólksins í landinu breyst. Kína var mikið gagnrýnt árið 1980 þegar landið setti fram fjölskyldustefnu sína um eitt barn á fjölskyldu. Hinsvegar var þessi stefna dregin til baka þann 28. desember 2013 og nú mega fjölskyldur í landinu eignast tvö börn. Í þessum löndum hefur einnig orðið ákveðin vitundarvakning varðandi börn og uppeldisaðstæður, stuðningur við fjölskyldur hefur verið aukinn og ekki er litið eins niður á einstæðar mæður og börn sem fæðast utan hjónabands og áður. Fæðingartíðni hefur einnig lækkað í þessum löndum eins og annars staðar í heiminum og ættleiðingar innanlands eru orðnar fleiri (Gross, 2014).

Ættleiðingar í heiminum eru á undanhaldi. Það eru miklu færri ættleiðingar núna en voru fyrir tíu árum síðan. Þetta er að dragast saman, biðin er að lengjast, það er meira um eldri börn og það er meira um börn með skilgreindar þarfir. Þar af leiðandi eru færri sem treysta sér inn í þetta ferli. Ef miðað er við tölurnar frá 2012 sem gefur nýrri mynd af því hvernig þetta er, þá voru 17 börn ættleidd, 12 frá Kína og 10 af þessum lista, það er listinn með skilgreindar þarfir. Við erum að reyna að nota ekki orðið sérþarfir. Þegar þú heyrir orðið sérþarfir á Íslandi þá hugsa allir um fatlanir (Kristinn Ingvarsson, 2014).

Ættleiðingarferlið

Samkvæmt Reglugerð um ættleiðingar (nr. 238/2005) er Ísland aðili að Haag samningnum en innanríkisráðuneytið, áður dóms- og mannréttindaráðuneytið, hefur yfirumsjón með því að framfylgja samningnum hér á landi.

Undir ráðuneytinu er Sýslumaðurinn í Reykjavík, áður Búðardal, sem gefur út forsamþykki fyrir ættleiðingu barns en ættleiðing barna erlendis frá er ekki möguleg án forsamþykkis. Barnavernd sér um að meta bæði kjörforeldrana og heimilisaðstæður. Þegar og ef forsamþykki fæst þurfa kjörforeldrar að snúa sér til löggilts ættleiðingarfélags, en Félag Íslenskrar ættleiðingar er eina löggilda ættleiðingarfélagið á landinu. Til þess að hægt sé að senda umsóknina utan verða kjörforeldrar að uppfylla kröfur sem til þeirra eru gerðar bæði á Íslandi og viðkomandi upprunaríki barns. Ef upprunaríki

samþykkir foreldrana fara þau utan að sækja barnið þegar að þeim kemur í röðinni.

Kröfur sem íslensk stjórnvöld gera eru meðal annars að umsækjendur mega ekki vera á sakaskrá, þeir þurfa að vera bæði líkamlega og andlega hraustir og þurfa að vera á aldrinum 25-45 ára. Nær alltaf er gerð krafa um giftingu umsækjenda eða óvígða sambúð í fimm ár og einnig þarf að sýna fram á að umsækjendur geti framfleytt fjölskyldu (Lög um ættleiðingar nr. 130/1999). Í lagalegri skilgreiningu er ættleiðing verndarúrræði fyrir barnið. Þegar unnið er að lausnum fyrir munaðarlaus börn er talið best fyrir barnið að alast upp með foreldrum sínum og nánustu fjölskyldu. Ef það gengur ekki er reynt að finna kjörforeldra í heimalandi barnsins. Alltaf þarf að hafa í huga að aldrei er talið vera í hag barnsins að alast upp á stofnun. Sú grundvallarregla í alþjóðasamningum um ættleiðingar er að ættleiðingar milli landa komi einungis til greina eftir að leitað hefur verið að fjölskyldu barnsins og ættingjum eða reynt hefur verið að koma barninu í fóstur eða ættleiðingu innanlands. Ef horft er til stóru upprunaríkjanna voru mun færri börn ættleidd frá Kína, Rússlandi og Kóreu árið 2007 heldur en árið 2004. Hinsvegar voru á sama tíma fleiri börn ættleidd frá Guatemala, Víetnam og Eþíópíu (Selman, 2009a). Þar sem áætlað er að ættleiddum börnum frá þessum stóru upprunaríkjum fækki enn frekar er líklegt að alþjóðlegar ættleiðingar verði enn færri í framtíðinni, nema fram komi ný ættleiðingarlönd. Margir telja að vegna skýrra vísbendinga um fækkun ættleiddra barna og vaxandi gagnrýni á kerfi sem hefur verið bendlað við misnotkun, að komið sé að ákveðnum endamörkum í ættleiðingum barna milli landa (Post, 2007). Staðan er orðin þannig að mörg barnlaus pör á Vesturlöndum vonast eftir barni til ættleiðingar og líklegt er að bið þeirra eftir barni fari að lengjast og jafnvel er líklegt að þau fái kannski aldrei barn til ættleiðingar. Svipaða sögu er að segja um Spán, Holland og Norðurlöndin. Alheims fjármálakreppan hefur einnig áhrif og gæti leitt til minni eftirspurnar eftir börnum til ættleiðingar eða gæti jafnvel leitt til aukinnar hættu á sölu barna. Nú er staðan í ættleiðingarheiminum orðin þannig að fjöldi kjörforeldra er alltaf mun meiri en fjöldi fánlegra kjörbarna og þannig er það um allan heim (Selman, 2009c). Alþjóðlega ættleiðingarheiminum í dag fylgir víðtæk spilling. Börn eru

seld, þeim er stolið, en mútur og mansal eru algeng undir núverandi stjórnarfyriřkomulagi. Þegar kostnaður við alþjóðlegar ættleiðingar hækkar, þá græða menn meira á því að ræna börnum og viðhafa hverskyns aðra spillingu (Wechsler, 2009).

Reglugerðir um ættleiðingar

Í dómum Mannréttindadómstóls Evrópu og lögum og reglugerðum sem varða ættleiðingar eru forgangsatriðin alltaf þarfir og hagir barnsins en ekki væntanlegra kjörforeldra. Markmið ættleiðinga er alltaf að finna fjölskyldu fyrir barnið en ekki barn fyrir fjölskylduna (Hrefna Friðriksdóttir, 2011). Þegar horft er til Evrópusambandsins (ESB) hefur ekki verið sett fram stefna hjá þeim varðandi málefni ættleiðinga. Hinsvegar hefur aðildarríkjum innan sambandsins fjölgað talsvert, bæði upprunaríki og viðtökuríki ættleiddra barna og sökum þess hefur aukinni athygli verið beint að málaflöknum (European Parliament, 2008).

Fyrstu lögini um ættleiðingar á Íslandi voru nr. 19/1953. Núverandi íslensk lög um ættleiðingar eru nr. 130/1999, en breytingar voru gerðar á lögnum það ár vegna undirritunar Íslands á Haag samningnum (Lagasafn, 2009).

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Árið 1989 var undirritaður samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Samningurinn mótaði nýja tíma um réttindi barna en samningurinn er einn stærsti og umfangsmesti alþjóðasamningur sem til er, en Ísland skrifaði undir samninginn árið 1992.

Meginreglur samningsins eru fjórar talsins en þær segja að alltaf eigi að stuðla að jafnræði barna og að aldrei megi mismuna þeim á grundvelli uppruna þeirra, kynþáttar eða kynferðis. Ávallt skal hafa hag barna að leiðarljósi þegar teknar eru ákvarðanir fyrir þeirra hönd. Börn hafa sinn rétt til að lifa og þroskast og alltaf skal taka tillit til skoðana barns í samræmi við þroska þess og aldur. Í 21. grein samningsins er sérstaklega fjallað um ættleiðingar barna og þær lágmarkskröfur sem ríki þurfa að uppfylla fyrir ættleiðingar.

Ættleiðingar á aðeins að heimila af ákveðnum stjórnvöldum svo sem innanríkisráðuneytinu og sýslumannsembættum hér á landi. Stjórnvöld eiga að fara eftir þeim reglum og lögum sem liggja fyrir og heimila skal ættleiðingu ef staða barnsins er þannig að hún er barninu í hag. Mikilvægt er að setja ættleiðingarferlinu mikil takmörk með reglugerðum og lögum og þannig reynt að koma í veg fyrir að ættleiðingar milli landa feli í sér gróða fyrir einstaklinga sem koma að ættleiðingunni (Hrefna Friðriksdóttir, 2011).

Haag samningurinn

Haag samningurinn var gerður á vegum Haag stofnunarinnar árið 1993 og fjallar um ættleiðingar milli landa og vernd barna. Aðildarríki Haag samningsins voru 81 talsins árið 2009. Af þeim eru 30 ríki svokölluð viðtökuríki eða ríki sem barn er ættleitt til og 51 ríki voru skilgreind sem upprunaríki barnsins.

Mikil áhersla er lögð á að þau ríki sem vilja taka þátt í ættleiðingum skuli vera aðilar að Haag samningnum, en Ísland varð formlega hluti af honum 1. maí árið 2000 (Innanríkisráðuneytið, 2011). Ýmis gagnrýni hefur verið á Haag samninginn meðal annars að skilyrðin eru talin vera of dýr fyrir fátæk þróunaríki, sem er alvarlegt vandamál þar sem mjög mikið er af munaðarlausum börnum í umræddum löndum. Sem dæmi má nefna Guatemala. Áður en landið varð aðili að Haag samningnum öfluðu ættleiðingar barna úr landi 100 milljónir dollara á ári fyrir Guatemala sem fékk að meðaltali 30.000 dollara fyrir barn. Einnig má segja að Haag samningurinn setji auknar byrgðir á upprunaríki barna þar sem langt og kostnaðarsamt ferli þarf fyrir hverja ættleiðingu barns úr landi. Upprunaríki þurfa að leita að foreldrum barnsins, athuga með ættleiðingu innanlands og svo erlendis, vernda réttindi barnsins og koma í veg fyrir ólöglegt athæfi eins og sölu barna. Hafa ber í huga að upprunaríkin eru oftast fátækari en móttökuríkin. Þannig má segja að Haag samningurinn gerir það erfitt fjárhagslega og félagslega að leysa vandamálin sem samningurinn var upphaflega gerður til að fást við (Chadwick, 1999).

Ættleiðingar á Norðurlöndum

Danmörk

Ættleiðingarlög Danmerkur eru síðan árið 2004. Í Danmörku er Familiestyrelsen miðstjórnvaldið og í Danmörku eru tvö ættleiðingarfélög, DanAdopt og AC Børnehjælp sem hafa samninga við 26 upprunaríki. Í janúar árið 2014 missti AC Børnehjælp tímabundið starfsleyfi sitt vegna meintrar óreiðu í fjármálum sínum. Miðstjórnvald Danmerkur í ættleiðingarmálum gaf út tvær skýrslur um félagið, árið 2012 og 2013. Á biðlista hjá félaginu eru 400 umsóknir um ættleiðingu barna erlendis frá. Félagið hefur kært einn starfsmann vegna fjárdráttar en stjórnvöld vilja meina að orsök fjármálaóreiðunnar liggja hjá félaginu sjálfu. Hitt ættleiðingarfélag Danmerkur, Danadopt var einnig svipt starfsleyfi sínu tímabundið árið 2013 vegna þess að fulltrúi félagsins í Eþíópíu var staðinn að því að kúga foreldra til að gefa barn sitt til ættleiðingar (Isadopt, e.d.a).

Í Danmörku er undirbúningsnámskeið skylda fyrir væntanlega kjörforeldra eins og á Íslandi. Ættleiðingarferlið er svipað í Danmörku og á Íslandi en því má í raun skipta í þrennt. Fyrst er formlega sótt um leyfi til ættleiðingar til stjórnsýslufirvalda sem tilheyrja velferðar- og jafnréttisráðuneyti Danmerkur. Skila þarf flestum þeim gögnum sem skila þarf á Íslandi. Ef forsamþykki er gefið þarf næst að fara á undirbúningsnámskeið. Í þriðja lagi er ættleiðingarráð sem tekur loka ákvörðun um hvort samþykki fyrir ættleiðingunni er gefið út eða ekki eftir að hafa metið stöðu og persónu umsækjenda. Í Danmörku er gefið út tvenns konar samþykki fyrir ættleiðingu, annars vegar almennt samþykki og hinsvegar sérstakt samþykki. Almennt samþykki er fyrir þá umsækjendur sem vilja ættleiða börn á aldrinum 0-36 mánaða. Þessi börn glíma ekki við andleg eða líkamleg heilsufarsvandamál. Sérstakt samþykki á við þegar umsækjendur vilja ættleiða eldra barn, barn með sérstakar þarfir sökum andlegs eða líkamlegs vandamáls eða vilja ættleiða systkini (Familiestyrelsen, 2009; Hrefna Friðriksdóttir, 2011).

Noregur

Ættleiðingarlög Noregs eru síðan árið 1986. Miðstjórnvald Noregs í ættleiðingarmálum er á vegum Barne- ungdoms- og familiedirektoratet (Bufdir) en hlutverk þess er að sjá um að löggilda þau ættleiðingarfélög sem sjá um ættleiðingar milli landa og hafa eftirlit með þeim.

Þrjú ættleiðingarfélög eru í Noregi, Verdens barn, Adopsjonsforum og Inoradopt en félögin þrjú eru með samning við 17 upprunaríki barna. Í Noregi er það ekki Bufdir sem afgreiðir forsamþykki um ættleiðingu, heldur er umsóknin send til þess sveitarfélags sem viðkomandi er frá og sveitarfélagið sér um hæfnismat umsækjanda. Ekki eru reglur um það hver á að sinna þessu mati en algengast er að einhver sem starfar í barnavernd í sveitarfélaginu afgreiði málið. Bufdir býður upp á undirbúningsnámskeið en ekki er skylda að fara þó að sterklega sé mælt með því. Í Noregi eru ættleidd börn yfirleitt á aldrinum 0-3 ára, en hægt er að fá forsamþykki fyrir allt að fimm ára barni ef umsækjendur þykja sérstaklega hæfir og þá mega umsækjendur einnig ættleiða systkini. Árið 2009 kom út ítarleg skýrsla um ættleiðingar í Noregi þar sem lagðar voru til ýmsar breytingar og meðal annars að miða ættleiðingar í landinu meira við ættleiðingaferlið í Danmörku. Helstu breytingar sem voru lagðar til voru meðal annars að auka stuðning við ættleiðingarfélög, setja skýrari reglur um skilgreindar sérþarfir og auka stuðning við kjörfjölskyldur eftir að heim er komið með barnið (NOU, 2009; Hrefna Friðriksdóttir, 2011).

Svíþjóð

Í sænskum lögum eru ekki til sérlög um ættleiðingar heldur eru ákvæði í lögum hér og þar allt frá árinu 1949 til 2001. Í Svíþjóð er miðstjórnvaldið í höndum Myndigheten för internationella adoptionsfrågor (MIA) frá árinu 1997. MIA sér um eftirlit með löggiltum ættleiðingarfögum í landinu, heimsækir upprunaríki, sér um að lögum sé framfylgt og ber ábyrgð á gæðum ættleiðingarmála í landinu.

Í Svíþjóð eru það dómstólar sem veita samþykki til ættleiðingar en hinsvegar er félagsmálanefnd (socialnämnd) í sveitarfélagi viðkomandi sem tekur afstöðu til hæfis umsækjenda. Í Svíþjóð eru fimm löggild ættleiðingarfélög sem eiga samninga við alls 29 upprunaríki. Árið

2013 hætti FFIA, eitt af ættleiðingarfélögum í Svíþjóð starfsemi sinni, en ástæðan var sögð vegna fækkunar ættleiðinga. Undirbúningsnámskeið fyrir ættleiðingu er skylda í Svíþjóð og kjörforeldrum er ráðlagt að fara á námskeiðið áður en persónulegt mat á umsækjendum fer fram. Hvað varðar aldur barna er oftast miðað við 0-3 ára og svo 3-6 ára. Þegar samþykki fæst sér félagsmálanefndin um að útbúa skýrslu sem send er til löggilts ættleiðingarfélags. Í Svíþjóð fer ættleiðingin annaðhvort endanlega fram í Svíþjóð þar sem sænskir dómstólar samþykkja ættleiðinguna, eða þá að hún fer fram í upprunaríki barnsins en þá staðfestir MIA ættleiðinguna við komuna til Svíþjóðar. Þegar heim er komið sér félagsmálanefndin um að kjörfjölskyldur fái viðeigandi stuðning. Árið 2009 kom út skýrsla í Svíþjóð varðandi ættleiðingarmál, Modernare adoptionsregler, en helstu breytingar sem lagðar voru til voru m.a. að heimila fólki í sambúð að ættleiða, lengja tíma forsamþykkis úr tveimur árum í þrjú ár og setja í lög hámarksaldur umsækjenda (SOU, 2009; Hrefna Friðriksdóttir, 2011).

Finnland

Finnsk lög um ættleiðingar eru frá árinu 1985 með viðbótum frá 1997. Í Finnlandi er miðstjórnvald í höndum ættleiðingarnefndar sem tilheyrir félags- og heilbrigðismálaráðuneytinu.

Ráðuneytið gefur ýmist ættleiðingarfélögum eða sveitarfélögum leyfi til að vera milligönguaðili í ættleiðingum barna milli landa. Svo eru það yfirleitt dómstólar sem veita leyfi til ættleiðingar en umsækjendur þurfa að leita til félagsmálanefnda sveitarfélaga sem metur hæfi þeirra. Þessar umræddu félagsmálanefndir eiga svo að sjá um undirbúning, fræðslu og aðstoð eftir að heim er komið. Tvö löggild ættleiðingarfélög eru í Finnlandi, Interpedia og Rádda barnen en svo mega félagsmálayfirvöld í Helsinki einnig annast milligöngu ættleiðinga en börnin koma frá 10 upprunaríkjum. Finnsk lög segja að allir þeir sem ættleiða barn þurfi að sækja undirbúningsnámskeið. Árið 2009 kom út skýrsla um ættleiðingarmál í Finnlandi en þar er lögð áhersla á endurskoðun fyrri ættleiðingarlaga og eflingu málsmeðferðar ættleiðinga. Lagt er til að stofnuð verði þekkingarmiðstöð til að auka

hæfni og þekkingu þeirra sem standa að ættleiðingarmálum og tryggja kjörfjölskyldum þann stuðning sem þær þurfa (Hrefna Friðriksdóttir, 2011).

Félag Íslenskrar ættleiðingar

Félag Íslenskrar ættleiðingar er eina ættleiðingarfélagið á Íslandi sem hefur fengið löggildingu íslenskra stjórnvalda. Félagið var stofnað árið 1978 og hefur þessi 36 ár verið rekið að mestu leyti með félagsgjöldum, fjármunum sem félagið sjálf hefur safnað og með sjálfbodastarfi félagsmanna.

Síðan félagið tók til starfa hafa verið ættleidd rúmlega 600 erlend börn til Íslands (Isadopt.is, e.d.b). Hlutverk Íslenskrar ættleiðingar er að annast milligöngu um ættleiðingar á Íslandi milli íslenskra kjörforeldra og erlendra upprunaríkja. Samkvæmt íslenskum lögum á félagið að sinna fræðslu og aðstoð við væntanlega kjörforeldra. Félagið sér einnig um að hjálpa kjörforeldrunum að sækja barnið erlendis, dvölinna erlendis og samskipti við erlendu ríkin. Félagið ber líka ábyrgð á eftirfylgniskýrslu sem upprunalandið vill fá ári eftir ættleiðingu en þetta er gert til að fylgjast með að allt hafi gengið vel. Félag Íslenskrar ættleiðingar þarf að uppfylla ákveðnar skyldur í samræmi við Haag samninginn og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Krafist er að félagið starfi ekki með hagnaðarsjónarmiði og að starfsmenn séu menntaðir og hafi reynslu á sviðinu (Innanríkisráðuneytið, 2009). Fjárframlög til félagsins voru lengi vel 6 milljónir á ári. Þrátt fyrir það voru kvaðir á félagið um ákveðna þjónustu en sökum fjárleysis gat félagið ekki sinnt því. Fjárveiting hækkaði upp í 9,2 milljónir árið 2011. Árið 2012 fór félagið í mikla herferð til að bæta hag þess, þar sem félagið taldi sig ekki lengur geta sinnt störfum sínum sökum fjárskorts. Eftir mikla baráttu voru fjárframlög til félagsins hækkuð árið 2013 í 34 milljónir. Á biðlista hjá Félagi Íslenskrar ættleiðingar eru nú 64 umsóknir. Um er að ræða bæði umsóknir í forsamþykkisferli og umsóknir sem eru erlendis hjá upprunaríkjum. Um nokkra fækkun er að ræða þar sem milli 2009 og 2010 voru 140 umsóknir á biðlista. Ástæður fyrir þessari fækkun eru meðal annars aldur kjörforeldra en þegar vissum aldri er náð dettur fólk út af biðlistanum. Fólk hefur einnig dregið umsóknir sínar til baka eftir bankahrunið árið 2008.

Kristinn Ingvarsson (munnleg heimild, 2014) telur að gera þurfi miklar kröfur til kjörforeldra vegna þess að upprunaríkin vilji að þeir séu sem hæfastir og því eigi lög og reglugerðir að vera eins strangar og hægt er.

Kostnaður við ættleiðingu

Í ættleiðingarferlinu verða kjörforeldrar fyrir miklum fjárútlátum. Í grunninn er kostnaðurinn þannig að félagsmenn hjá Íslenskri ættleiðingu greiða 2750 krónur í félagsgjöld á ári.

Þess er krafist að væntanlegir kjörforeldrar sækji námskeið hjá Íslenskri ættleiðingu sem heitir: Er ættleiðing fyrir mig? Ekki fæst forsamþykki án þess að fara á námskeiðið en það kostar 75.000 krónur. Þegar búið er að veita forsamþykki er greitt forsamþykkisgjald sem er 152.090 krónur. Þegar umsókn um ættleiðingu er send utan eru greiddar 145.000 krónur og svo er að lokum pörunargjald við barn sem er 46.500 krónur. Svo skiptir máli hvaðan í heiminum er verið að ættleiða barnið frá en flug og uppihald leggst ofan á grunngjöldin. Oftast er miðað við þrjár milljónir króna í heildina (Kristinn Ingvarsson munnleg heimild, 2014).

Biðtíminn

Upprunalönd sem heimila erlendar ættleiðingar eru sífellt að breytast sem og efnahagslegar aðstæður þeirra. Þessi óstöðugleiki hefur ekki aðeins áhrif á viðkomandi lönd heldur einnig kostnað við ættleiðingar, aðstæður fyrir ættleiðingar og þau börn sem eru tiltæk fyrir ættleiðingu (Hellerstedt o.fl., 2008). Ef miðað er við þörfina á Íslandi eru þetta um 30 börn á ári sem þarfnast ættleiðingar (Kristinn Ingvarsson munnleg heimild, 2014).

Indland hefur fækkað ættleiðingum úr landi og eins og staðan er nú, árið 2014, eru engar íslenskar umsóknir í Indlandi og því er ekki vitað um nákvæman biðtíma. Í Kína er biðtími eftir barni á hefðbundna listanum allt að átta ár. Undanfarin ár hefur verið mikil fjölgun ættleiðinga barna með skilgreindar þarfir en þar er biðtíminn mun styttri eða frá þremur mánuðum. Stysta biðin af þessum lista er sólarhringur en það er mjög sjaldgæft. Yfirvöld í Kólumbíu eru búið að

loka á allar ættleiðingar úr landi til að minnsta kosti ársins 2015. Biðtími þar hefur verið tvö til þrjú ár en hefur dregist allt upp í sjö ár.

Tékkland starfar eftir öðrum forsendum en flest önnur lönd. Í Tékklandi er teymi sem sér um að para börn við foreldra. Í þessum tilfellum ræður röðin ekki alltaf ferðinni en meðalbiðtími í Tékklandi er um tvö ár. Stysta biðin í Tékklandi eru þrjár sólarhringar en það er mjög sjaldgæft.

Tógó er nýjasta landið sem Íslensk ættleiðing skiptir við. Þar er meðalbiðtíminn sagður vera um 6-12 mánuðir en þar sem einungis fjögur börn hafa verið ættleitt þaðan þarf aukna reynslu af landinu. Íslensk Ættleiðing er að reyna að gera nýja samninga við Rússland, Suður-Afríku og Filippseyjar og svo eru uppi hugmyndir um að gera samninga við fleiri lönd eins og Kambódíu, Ekvador, Brasilíu, Argentínu og Kenía. Að sögn forsvarsmanna Íslenskrar ættleiðingar getur samningsgerð við ný lönd tekið tvö til fimm ár (Kristinn Ingvarsson munnleg heimild, 2014; Isadopt, e.d.c).

Erlendu ríkin

Indland

Elsti samningur Íslenskrar ættleiðingar er við Indland en hann er yfir 20 ára gamall frá árinu 1987. Frá Indlandi hafa verið ættleidd 164 börn. Indland hefur þó fækkað ættleiðingum úr landi undanfarin ár og mikil óvissa er í kringum þær.

Indland gerðist aðili að Haag samningnum árið 2003. Miðstjórnvald Indlands í ættleiðingarmálum heitir CARA (Central Adoption Resource Authority) en samkvæmt upplýsingum frá vefsíðu Íslenskrar ættleiðingar í mars 2014 eru engar íslenskar beiðnir í ferli hjá CARA. Á Indlandi eru 72 stofnanir sem sjá um ættleiðingar úr landi. Indland gaf út nýjar reglur um ættleiðingar árið 2011 þar sem fram kemur að ættleiðingar innan Indlands eigi alltaf að vera í forgangi, hagsmunir barnsins verði ávallt í fyrirrúmi, enginn megi hagnast á ættleiðingunni, ættleiðingar eigi að fara fram eftir ferlum sem hafa ákveðinn tímaramma og að lokum segir að ættleiða megi öll munaðarlaus börn

ef framfylgt er reglum CARA og Barnaverndarnefnd hefur ákveðið að barnið sé tilbúið í ættleiðingu.

Skilyrði sem sett hafa verið í Indlandi fyrir ættleiðingu úr landi eru eftirfarandi:

1. Ekki má ættleiða barn úr landi til pars nema það hafi verið gift í að minnsta kosti tvö ár. Þör í staðfestri sambúð mega ekki ættleiða.
2. Til þess að fá að ættleiða barn á aldrinum 0-3 ára mega væntanlegir kjörforeldrar ekki vera yngri en 25 ára og ekki eldri en 50. Einnig má samanlagður aldur þeirra ekki vera meira en 90 ár. Til að ættleiða barn yfir þriggja ára þurfa væntanlegir kjörforeldrar að vera eldri en 25 ára og yngri en 55 ára. Samanlagður aldur má ekki vera meira en 105 ára.
3. Ef væntanlegt kjörforeldri er einhleypur einstaklingur má viðkomandi ekki vera yngri en 30 ára og ekki eldri en 50 ára. Hámarksaldur til að ættleiða börn 0-3 ára er 45 ára en yfir þriggja ára er hámarksaldur 50 ár.
4. Gerð er krafa um að væntanlegir kjörforeldrar séu fjárhagslega vel stæðir til að geta alið upp barn.
5. Kjörforeldrar skulu vera við góða heilsu og mega ekki þjást af smitsjúkdómum eða banvænum sjúkdómum eða glíma við nokkurs konar líkamlegan eða andlegan sjúkdóm sem kemur í veg fyrir að hugsað sé vel um barnið.
6. Ættleiðing á öðru barni er ekki leyfileg fyrir en gengið hefur verið frá fyrstu ættleiðingunni.
7. Einhleypur eða ókvæntur karlmaður má ekki ættleiða stúlkubarn.

Kína

Íslensk ættleiðing er með samning við Kína en flest erlend börn hafa verið ættleidd þaðan, eða alls 171 barn. Félagið hefur verið með löggildingu frá Kína síðan árið 2001. Biðtími eftir barni í dag frá Kína er gríðarlega langur.

Miðstjórnvald Kína í ættleiðingar málum er CCCWA (China Centre for Children's Welfare and Adoption). Kína er aðili að Haag samningnum. Samkvæmt upplýsingum af vefsíðu Íslenskrar

ættleiðingar í mars 2014, hefur CCCWA samþykkt átta umsóknir frá Íslandi sem bíða afgreiðslu en bið eftir barni frá Kína hefur verið allt að átta ár.

Skilyrði Kína fyrir ættleiðingar úr landi:

1. Gerð er krafa um 30 ára lágmarksaldur en 45 ára hámarksaldur. Ef ættleiða á barn með sérþarfir er hámarksaldur hækkaður í 55 ár.
2. Væntanlegir kjörforeldrar þurfa að hafa verið giftir í að minnsta kosti tvö ár. Ef viðkomandi er fráskilinn þarf hann að hafa verið í hjónabandi áður í a.m.k. fimm ár.
3. Gerð er krafa um að vera fullkomlega heilbrigður og taldir eru upp 11 sjúkdómar sem væntanlegir kjörforeldrar mega ekki þjást af en þar eru meðal annars geðrænir sjúkdómar, heyrnarleysi, flogaveiki, ef viðkomandi er á lyfjum við þunglyndi eða kvíða eða BMI er yfir 40. Kjörforeldrar skulu búa yfir góðu siðferði, eiga að fara eftir lögum og reglum og mega ekki hafa hlotið refsidóma.
4. Krafa er um framhaldsmenntun væntanlega kjörforeldra eftir grunnskóla.
5. Væntanlegir kjörforeldrar þurfa að sýna fram á fastar tekjur og eignir upp á 80.000\$ eða um 9 milljónir íslenskra króna. Gerð er krafa um örugga atvinnu hjá að minnsta kosti öðru hjónanna. Árlegar tekjur þurfa að vera að lágmarki 10.000 dollarar, eða um 1,1 milljón króna á hvern fjölskyldumeðlim en tekjurnar mega ekki vera vegna bóta eins og vegna örorku, atvinnuleysis eða eftirlauna.

Kólumbía

Samningur Íslands við Kólumbíu er síðan árið 1981. Frá árinu 1990–2012 hafa verið ættleidd til landsins 22 börn frá Kólumbíu. Hinsvegar hefur staðan í Kólumbíu breyst til muna.

Á árunum 2013-2014 breyttu Kólumbíumenn reglunum hjá sér og juku áherslu á að halda börnunum til ættleiðinga innanlands. Það er búið að vera heilmikill áróður í Kólumbíu gegn ættleiðingum og þeir gætu verið að loka á ættleiðingar. Landið tekur ekki við nýjum

umsóknum þar til árið 2015 og þær umsóknir sem voru í landinu eru í bið þar til annað verður ákveðið.

Tékkland

Tékkland er aðili að Haag samningnum en samningur Íslenskrar Ættleiðingar við Tékkland var gerður árið 2004 og alls hafa verið ættleidd 11 börn frá Tékklandi. Miðstjórnvald Tékklands er UMPOD (Úrad pro mezinárodne právní ochranu detí).

Tékkland ættleiðir um 40 börn úr landi á ári. Meðalbiðtími er eins og áður sagði rúm tvö ár en erfitt er að segja til um það vegna pörunarstefnu Tékka. Mikil vinna er lögð í að finna hentugustu foreldrana fyrir tiltekið barn en skoðun þeirra er sú að börn séu ólík og foreldrar einnig og því er ekki endilega farið eftir biðlistanum. Fyrsta ættleiðingin frá Tékklandi til Íslands var árið 2007. Yfirleitt er um að ræða drengi og oftast eru börnin af Roma uppruna (Sígaunar). Aldursbilið er oftast milli tveggja og þriggja ára. Í dag eru í Tékklandi fimm íslenskar umsóknir. Barnaheimili í Tékklandi hafa fengið mjög góða dóma miðað við annars staðar í Austur Evrópu. Í Tékklandi eru mikið fötluð börn yfirleitt ekki ættleidd. Til er sérþarfasti en UMPOD leitar þá sérstaklega eftir foreldrum fyrir þau börn. Tékkar leggja mikla áherslu á að halda systkinum og frændsystkinum saman. Þeir umsækjendur sem eru barnlausir fá forgang á aðra, engar reglur eru um hámarksaldur en þó eru yngstu börnin ekki send til foreldra eldri en 45 ára. Einhleypir mega ættleiða en ekki er tekið á móti mörgum umsóknum frá einhleypum. Hallast er að því að einhleypir ættleiði frekar eldri börn, systkini eða barn með skilgreindar þarfir. Til að sækja um til Tékklands þarf að skila sálfræðimati og gerð er krafa um að væntanlegir kjörforeldrar séu ekki á sakaskrá. Tékkland gerir miklar kröfur um eftirfylgd með barninu eftir ættleiðinguna en bæði lækni og félagsráðgjafi eiga að skila til Tékklands níu skýrslum, allt að 48 mánuðum eftir að barnið kemur til landsins. Hafa skal það í huga að hver skýrsla kostar 50.000 krónur eða 450 þúsund krónur í heildina.

Tógó í Vestur-Afríku

Tógó er aðili að Haag samningnum en samningur Íslenskrar Ættleiðingar við Tógó gekk í gildi árið 2011. Til Íslands hafa verið ættleidd fjögur börn frá Tógó og miðstjórnvaldið CNAET (Comite National d'Adoption des Enfants au Togo) er með tvær umsóknir sem bíða afgreiðslu.

Umsækjendur til Tógó mega vera þar eða einhleypur einstaklingur, karl eða kona eldri en 30 ára. Ættleiðingarferlið í Tógó skiptist í tvennt, annars vegar stjórnsýslulegt ferli og hinsvegar dómstóla ferli.

Stjórnsýslulegt ferli hefst þegar umsókn um ættleiðingu er skráð til CNAET. Þá þarf að greiða 540.000 CFA sem er um það bil 130.000 krónur íslenskar. Ættleiðingarefnd metur umsókn og ef hún er samþykkt er hún send til dómstóla. Dómstólaferlið byrjar á greiðslu upp á 40.000 CFA sem er um það bil 10.000 krónur íslenskar. Dæmt er um það að barnið hafi verið yfirgefið, en þetta á við um þau börn sem foreldrar hafa ekki gefið frá sér til ættleiðingar. Gefið er út af dómstólum að dómnum verði ekki áfrýjað en gefinn er frestur til mótmæla í einn mánuð. Eftir þann tíma er gerður dómur um ættleiðingu og aftur er beðið í mánuð eftir mótmælum. Málið fer í ferli hjá skattayfirvöldum og barnavernd og dómur um ættleiðingu er sendur til CNAET. Eftir það koma væntanlegir kjörforeldrar til landsins og eru í landinu í fjórar vikur í aðlögun með barninu. Tógó gerir kröfu um eftirfylgd með barninu eftir að heim er komið.

Tafla 1 Fylgigögn sem upprunalönd gera kröfu um frá kjörforeldrum.

Kína	Tékkland	Tógó
Stimpill frá kínverska sendiráðinu	Sálfræðimat	Sálfræðimat
Bréf frá Utanríkisráðuneytinu	Fráværspróf (blekklessupróf)	Meðmælendabréf
Tekjuvottorð	Tekjuvottorð	Afrit af launaseðlum
Eignavottorð	Eignavottorð	
Meðmælendabréf frá þremur aðilum	Spurningalisti varðandi heilsu	
Staðfest eyðublað forræðis (Guardian statement)	Spurningalisti frá UMPOD	
	Yfirlýsing um skuldbindingu við ættleiðingarfélagið	

Ættleiðingarlöndin Kína, Tékkland og Tógó gera öll kröfu um að skila inn eftirfarandi gögnum: Umsóknareyðublað um ættleiðingu, staðfestingu á undirbúningsnámskeiði Íslenskrar ættleiðingar, fæðingavottorð, atvinnuvottorð, hjúskaparvottorð, sakavottorð, læknisvottorð, forsamþykki ættleiðingar frá Íslandi, umsögn félagsráðgjafa, staðfest ljósrit af vegabréfum, bréf frá umsækjendum og ljósmyndir (Isadopt.is, e.d.c).

Opin ættleiðing á Íslandi

Við ættleiðingu er rofið á þau fjölskyldutengsl sem barnið átti fyrir og sköpuð ný tengsl með nýju fjölskyldunni. Á Íslandi er nær einungis í boði opin ættleiðing þar sem lagt er upp með að barnið viðhaldi tengslum við bæði nýju og gömlu fjölskylduna (Alþingistíðindi, 1998- 1999).

Opin ættleiðing er þegar blóðforeldrar barns hafa samfelldan rétt til að fá upplýsingar um barnið sem þau hafa gefið frá sér til ættleiðingar. Hinsvegar er alltaf krafa um að blóðforeldrar afsali sér öllum lagalegum rétti til barnsins og kjörforeldrar eru því samkvæmt lögum

foreldrar barnsins (Wolfgram, 2008). Á Íslandi eru ekki til almennar reglur um það ef einstaklingur vill gefa frá sér barnið sitt til ættleiðingar eða reglur um það ef erlendur aðili vill ættleiða íslenskt barn (Innanríkisráðuneytið, 2011).

Ef horft er til þeirra fjölda barna sem eru ættleidd milli landa í heiminum, fer um helmingur þeirra til Bandaríkjanna (Kane, 1993). Á sama tíma hefur börnum í fósturkerfinu í Bandaríkjunum sem bíða eftir ættleiðingu, fjölgað úr 20.000 árið 1990 í 130.000 árið 2007 (U.S. Department of Health and Human Services, 2008). Í Bandaríkjunum er aðeins um 5% af börnum í fósturkerfinu ættleidd en um 4% í Bretlandi (Blackstone, Buck, Hakim og Spiegel, 2008). Vekur þessi staða almennt mikla athygli þar sem Bandaríkjamenn ættleiða mörg börn erlendis frá. Er þetta talið vera nær eingöngu vegna þess að ættleiðingar innan Bandaríkjanna eru opnar ættleiðingar þar sem blóðforeldrar barna hafa rétt á upplýsingum um barnið og jafnvel umgengnisrétt. Fyrir kemur að blóðforeldrum snúist hugur eða taka sig á og fá börnin sín aftur til sín, bæði í Bandaríkjunum og á Íslandi. Líklegt er að þessi sama ástæða hamli íslenskum innlendum ættleiðingum sem eru alltaf opnar nema um mjög sérstök tilfelli sé að ræða.

Aðferðafræði

Í þessum kafla verður fjallað um aðferðafræði og hugmyndafræðilegan bakgrunn rannsóknarinnar. Greint verður nánar frá Vancouver-skólanum í fyrirbærafræði og aðferðum við gagnasöfnun og gagnagreiningu verður lýst nánar. Þátttakendum er lýst og í lok kaflans verður fjallað um rannsóknarsíðfræðina sem höfð var í heiðri í rannsókninni og að lokum verður fjallað um réttmæti og áreiðanleika rannsóknarinnar.

Aðferðafræði og hugmyndafræðilegur bakgrunnur

Til að svara rannsóknarspurningunni var notast við eigindlega rannsóknaraðferð byggða á aðferðum fyrirbærafræðinnar. Fyrirbærafræði Vancouver-skólans byggir á þeim skilningi að hver einstaklingur sjái og upplifi heiminn með sínum eigin augum og að túlkun hans og viðhorf geta verið öðruvísi en annarra, jafnvel þó að um sömu reynslu sé að ræða. Leitast er við að fá fram persónulega reynslu einstaklinga eins og þeir hafa skynjað hana. Þannig er hægt að fá ólíkar lýsingar á sömu reynslu hjá mörgum einstaklingum, en þó er hver upplifun í sjálfri sér réttmæt (Sigríður Halldórsdóttir, 2013).

Tilgangur eigindlegra rannsóknaraðferða er að auka skilning á mannlegum fyrirbærum í von um að bæta þjónustu við menn. Með eigindlegum rannsóknum er reynt að falast eftir tiltekinni reynslu og fá hana fram með samræðum við einstaklinga sem hafa orðið fyrir henni, eins og til dæmis reynslu af ófrjósemi og ættleiðingu barns. Leitast er við að mynda smám saman ákveðna heildstæða mynd af umræddu fyrirbæri og eftir það er stuðst við textagreiningaraðferðir.

Rannsakandi sem styðst við Vancouver-skólann þarf að tileinka sér ákveðna eiginleika til að ná fram aukinni dýpt í samræðunum. Rannsakandi þarf að vera fær um að skilja sjónarmið þátttakenda jafnvel þó að þau stangist á við hans eigin.

Rannsóknaraðferð Vancouver-skólans er ferli. Ferlið er í raun hringur þar sem farið er fram og til baka í ferlinu við lausn vandamála (problem solving process). Rannsóknarferlið samanstendur af sjö vitrænum meginþáttum. Þessir þættir eru: Að vera kyrr, að ígrunda, að koma auga á, að velja, að túlka, að raða saman og að sannreyna. Því næst er rannsóknarferlinu skipt upp í 12 meginþrep. Þessi meginþrep lýsa hvernig staðið er að rannsókninni innan Vancouver-skólans (Sigríður Halldórsdóttir, 2013).

Yfirlit yfir þátttakendur


Þátttakendur í rannsókninni voru 13 talsins. Rætt var við sjö mismunandi einstaklinga og þrenn hjón. Af einstaklingunum sem var rætt við var einn fráskilinn, ein var einhleyp og eiginmenn hinna voru fjarverandi vegna vinnu sinnar. Þátttakendurnir voru frá 29 ára til 53 ára.

Viðtölin voru tekin frá árunum 2012-2014. Allir þátttakendur höfðu ýmist ættleitt börn eða voru að sækja um ættleiðingu. Einn þátttakandi hafði ættleitt íslenskt barn. Allir voru viljugir til að taka þátt í rannsókninni en báðu þó um að fá að lesa viðtölin sín yfir áður en þau voru samþykkt. Af þessum tíu pörum/einstaklingum voru níu þeirra búin að ættleiða barn eða börn. Eitt parið, María og Hafliði voru að bíða eftir að ættleiða seinna barnið sitt. Kormákur og Sigurlína, höfðu ættleitt barn milli viðtala, þ.e. milli áranna 2012 og 2014. Guðmundur og Stefanía biðu enn eftir barni til ættleiðingar og höfðu beðið í tæp sjö ár eftir barni. Flestir þátttakendur áttu það sameiginlegt að glíma við ófrjósemi af einhverju tagi. Fimm kvennanna urðu ófrískar ýmist fyrir eða eftir ættleiðingar en þrír þátttakendur, Tinna, Njáll og Guðrún áttu sín líffræðilegu börn. Tinna og Guðrún átti börn fyrir með fyrri eiginmönnum sínum. Hjá fjórum kvennanna endaði meðgangan með fósturláti. Sjá nánar í töflu 2.

Tafla 2 Yfirlit yfir þátttakendur, börn þeirra og tæknifrjógvanir

Rannsóknarnöfn	Tæknifrjógvanir	Staðan í dag
Guðmundur og Stefanía	Fóru fjórum sinnum í tæknifrjóggun.	Bíða ennþá eftir barni.
Kormákur og Sigurlína	Fóru sex sinnum í tæknifrjóggun.	Ættleiddu dreng frá Tékklandi, 11 mánaða.
Guðrún	Fóru ekki í tæknifrjóggun.	Ættleiddu tvo drengi frá Kína, 1 árs og 10 mánaða.
Karítas	Fór sex sinnum í tæknifrjóggun.	Ættleiddi dreng frá Tékklandi, 5 ára.
María	Fóru þrisvar sinnum í tæknifrjóggun.	Ættleiddu stúlku frá Kólumbíu, 15 mánaða. Er í bið eftir öðru barni.
Hrafnhildur	Fóru þrisvar sinnum í tæknifrjóggun.	Ættleiddu stúlku frá Sri Lanka, 1 ½ mánaða og íslenskan dreng, 1 ½ árs.
Elva	Fóru ítrekað í mörg ár í tæknifrjóggun.	Ættleiddu dreng frá Indlandi, 9 mánaða og stúlku frá Kína, 1 ½ árs.
Trausti og Sif	Fóru einu sinni í tæknifrjóggun.	Ættleiddu stúlku, 6 mánaða og dreng, 14 mánaða frá Indlandi.
Njáll	Fóru ítrekað í tæknifrjóggun.	Ættleiddu stúlku frá Suður Ameríku, nýfædda og stúlku frá Kína, 11 mánaða.
Tinna	Fóru fjórum sinnum í tæknifrjóggun.	Ættleiddu dreng frá Indlandi, 5 mánaða.

Meðalaldur barnanna við ættleiðingu var 13,5 mánuðir.



Mynd 1 Vitrænir meginferlar rannsóknarferlis Vancouver-skólans

Ferli rannsóknar samkvæmt 12 þrepum Vancouver-skólans

1. þrep. Að velja samræðufélaga.

Mikilvægt er að þátttakendur í rannsókn séu einstaklingar sem búa yfir persónulegri reynslu af tilteknu fyrirbæri. Þátttakendur þurfa að hafa getu og jafnframt áhuga á því að opna sig og deila reynslu sinni með öðrum (Sigríður Halldórsdóttir, 2013). Í rannsókninni var notast við tilgangsráttak en þá eru þátttakendur valdir miðað við tilgang rannsóknar.

Í rannsókninni voru tekin viðtöl við 13 aðila, hjón eða einstaklinga sem voru tilbúnir að deila reynslu sinni. Þátttakendur voru frá 29 til 53 ára en meðalaldur var 43 ár. Litið er á þátttakendur rannsóknarinnar sem meðrannsakendur þar sem rannsóknin er ekki möguleg án þeirra og þeir eru í raun og veru að rannsaka fyrirbærið með rannsakendum. Þegar vitnað er í þátttakendur í rannsókninni er notað gervinafn sem

þeir höfðu valið sér sjálfir. Stuðst var við gervinöfnin í allri rannsókninni sem og í kynningu hennar.

2. þrep. Að vera kyrr.

Þegar unnið er að fyrirbærafræðilegum rannsóknum er mikilvægt að staldra við áður en byrjað er og leggja til hliðar það álit sem rannsakandi hefur á því fyrirbæri sem á að rannsaka.

Með þessu er rannsakandinn fær um að taka við nýrri sýn á fyrirbærinu sem kemur fram við samræðurnar. Lögð er áhersla á það að rannsakandi sé búinn að lesa sér til um efnið áður en rannsókn hefst til þess að auka víðsýni hans um málefnið. Einnig er talið gott að halda rannsóknardagbók til að skrá mikilvæg atriði sem geta gagnast við rannsóknina (Sigríður Halldórsdóttir, 2013). Rannsakandi var búin að kynna sér málefnið vel áður en rannsóknin hófst. Stuðst var við rannsóknardagbók í viðtölunum sem nýttist vel við úrvinnslu þeirra. Lagt var upp með viðtalsramma en að öðru leyti voru samræður frjálsar.

3. þrep. Þátttaka í samræðum og gagnasöfnun.

Viðtöl eru mikilvæg gagnaöflunaraðferð þegar gera á fyrirbærafræðilega rannsókn. Með viðtölum er verið að safna saman rannsóknargögnum með orðaskiptum milli rannsakanda og þátttakanda. Ljóst er að einstaklingar opna sig meira í viðtali heldur en ef þeir skrifa svör á blað. Segja má að viðtöl séu félagsleg athöfn þar sem einstaklingar skiptist á upplýsingum og rökræðum um fyrirbæri eins og skynjun, væntingar, viðhorf og gildismat (Helga Jónsdóttir, 2013).

Í viðtölum er virk hlustun mjög mikilvæg og stuðlar að árangursríkari viðtölum en ella. Virk hlustun er sú færni rannsakanda að skilja tjáningu og tilfinningar viðmælenda (Kvale, 1996). Rannsakandi þarf að vera fær um að sýna reynslu viðmælenda sinna áhuga og virðingu og iðka virka hlustun eftir fremsta megni þar sem hún hvetur þátttakendur til tjáningar og leiðir þar með umræðurnar áfram (Fontana og Frey, 2000). Ætlunin var í byrjun að taka tvö viðtöl við hvern þátttakanda. Tekin voru 10 grunnviðtöl við 10 pör eða

einstaklinga, samtals 13 manns. Sjö þeirra höfðu ættleitt nokkru áður og á þessu ári sem leið milli viðtala hafði hagur þeirra og barnsins ekkert breyst að neinu ráði og því var ekki talin þörf á seinna viðtalinu. Hinsvegar var ýmislegt sem þau vildu breyta eða taka út úr fyrra viðtalinu og unnið var með það eftir þeirra höfði. Við hin þrjú pörin var tekið annað viðtal vegna breyttra aðstæðna á tímabilinu eða til að fá auknar upplýsingar. Eitt parið var ennþá að bíða eftir barni og voru þau að íhuga að skipta um upprunaríki. Annað parið hafði fengið barn í millitíðinni og ákveðið var að taka aftur viðtal við þriðja parið til að fá auknar upplýsingar. Þetta voru því samtals 13 viðtöl við þátttakendur. Fyrstu viðtölin voru tekin í desember árið 2012 og síðustu í mars 2014 og voru frá 40 mínútum til 2 klukkustunda og 20 mínútna, að meðaltali.

4. þrep. Skerpt vitund varðandi orð og gagnagreining hafin.

Þegar stuðst er við aðferðir Vancouver-skólans er unnið að gagnasöfnun og gagnagreiningu á sama tíma. Þetta fyrirkomulag virkar vel jafnvel þó að þessi tvö ferli séu á tveimur þrepum í rannsóknarferlinu sjálfu.

Með þessu móti er hægt að setja fram reglu um fyrirfram mótaðar hugmyndir í lokagreiningunni þegar samræðum er lokið (Sigríður Halldórsdóttir, 2013). Að sögn Sóleyjar S. Bender (2013) má skipta eigindlegri gagnagreiningu í þrjá hluta. Fyrsta stig gagnagreiningar fer fram meðan á viðtalinu stendur en þá þarf rannsakandi að temja sér að vera athugull gagnvart óskýrum upplýsingum þátttakenda. Stig tvö á við þegar viðtalinu sjálfu er lokið. Þriðja stig gagnagreiningar er þegar að búið er að rita viðtalið upp. Á þessu stigi eru fyrirbyggjandi gögn dregin saman og upplýsingar úr þeim flokkaðar. Öll viðtölin voru tekin upp. Að því loknu voru viðtölin skrifuð upp og í kjölfarið var upptökunum eytt. Gætt var fyllsta öryggis varðandi nafnleynd en gögnin voru geymd í læstu hólfi og í tölvu sem var læst með aðgangsorði sem rannsakandi einn hafði aðgang að.

5. þrep. Byrjandi greining á þemum, að setja orð á hugmyndir.

Þegar viðtölin hafa verið rituð upp er hægt að hefja formlega greiningu textans. Rannsakandi las hvert viðtal yfir þrisvar til fjórum sinnum til að fá betri heildarmynd af viðtölunum. Merkt var sérstaklega við þau atriði sem þóttu merkileg og gætu seinna orðið þemu í rannsókninni.

6. þrep. Að átta sig á heildarmynd hvers einstaklings.

Þegar viðtölin höfðu verið rituð upp var leitað að rauða þræðinum sem einkenndi svör þátttakenda og þemu þróuð út frá þeim, sem og undirþemu.

Rannsakandi þarf að leggja mikla vinnu í að rýna í afrit samræðnanna. Þessi vinna er ekki búin fyrr en komin er heildarmynd af fyrirbærinu eins og það kemur fyrir augu þátttakenda. Hér er notast við sjö meginferla Vancouver-skólans (Sigríður Halldórsdóttir, 2013). Á þessu stigi var farið yfir þemu og athugasemdir sem rannsakandi hafði áður skrifað hjá sér og leitað að rauða þræðinum í lýsingu á reynslu þátttakenda af ófrjósemi og ættleiðingu. Eftir þessa undirbúningsvinnu var hafist handa við greiningarlíkan með yfirþemum og undirþemum. Reynt var eftir fremsta megni að láta þemun lýsa reynslu þátttakenda.

7. þrep. Staðfesting á heildarmynd einstaklingsins með honum sjálfum.

Eftir að búið var að rita upp viðtalið, var haft samband við þátttakendur og leitast við að hitta þá aftur. Farið var með gagnagreiningu úr fyrri viðtölunum til þeirra og þannig voru niðurstöður viðtalsins sannreyndar.

Ef þátttakendur voru ósáttir voru atriði fjarlægð. Ef tekið var aftur viðtal var það hugsað til þess ef þátttakendur hefðu gleymt einhverju fengju þau tækifæri til að bæta því við. Mjög gott er að sannreyna niðurstöður úr úrvinnslu samræðna með þátttakendum. Þannig er í raun kominn grundvöllur fyrir þemun og hægt að fá staðfestingu á þeim frá þátttakendum (Sigríður Halldórsdóttir, 2013).

8. þrep. Að átta sig á heildarmynd fyrirbærisins sjálfs.

Viðtölin voru borin saman til þess að hægt væri að sjá hver væri sameiginleg reynsla þátttakenda og einnig hver mismunurinn væri. Hér skiptir nákvæmni rannsakandans miklu máli en hér þarf stöðugt að velta fyrir sér hvort aðalatriðin séu rétt skilin og rauði þráðurinn í frásögnunum sé sá rétti.

Hér er mikilvægt að vera gagnrýninn á eigin vinnu. Heildarmyndin var fengin með því að bera hvert viðtal við greiningarlíkanið. Farið var ítrekað yfir viðtölin, yfirþemu og undirþemu og þannig metin sífellt, hvort gera þyrfti einhverjar breytingar. Til að ljúka þessu ferli var sett upp tafla sem sýndi yfirþemu og undirþemu rannsóknarinnar en með töflunni er betur hægt að sjá niðurstöður hennar.

9. þrep. Að bera saman niðurstöður við rannsóknargögn.

Þegar niðurstöður lágu fyrir voru þær bornar saman við viðtölin og athugað hvort að öll gögnin pössuðu saman. Á þessu stigi var farið aftur vandlega yfir öll gögnin. Þemun voru ígrunduð vel til þess að tryggja að ekkert merkilegt í gögnunum misfærist.

10. þrep. Að velja heiti sem lýsir niðurstöðum í stuttu máli.

Gott er að heiti rannsóknar geti verið lýsandi og þannig upplýst lesandann um þá reynslu sem þátttakendur ræða um (Sigríður Halldórsdóttir, 2013).

Það að velja heiti getur verið erfitt verk og gott er að ígrunda niðurstöðurnar vel áður en ákvörðun er tekin. Oft getur heiti rannsóknar þróast út frá meginþemum. Heiti rannsóknar er: *Biðin og þráin eftir barninu: Reynsla fólks af ófrjósemi og ættleiðingu*. Heitið endurspeglar vel upplifun kjörforeldra af bæði ófrjósemi og ættleiðingu.

11. þrep. Að sannreyna niðurstöður með þátttakanda.

Gott er að bera niðurstöðurnar undir einhvern af þátttakendum og kanna hvort þeir þekki eigin reynslu út frá niðurstöðunum. Mikilvægt er að velja þátttakanda sem hefur nokkuð góða reynslu af og skilning á fyrirbærinu (Sigríður Halldórsdóttir, 2013). Rannsakandi settist niður með fjórum af

þátttakendum og fór yfir niðurstöður rannsóknar með þeim en þeir gátu séð eigin reynslu endurspegladar í niðurstöðum og voru sáttir við útkomuna.

12. þrep. Að skrifa upp niðurstöður rannsóknarinnar.

Mikilvægt er að setja niðurstöður innan Vancouver-skólans þannig fram að raddir allra þátttakenda heyrast. Það er gert með því að vitna í alla þátttakendur og það er gert á eins trúverðugan hátt og hægt er (Sigríður Halldórsdóttir, 2013). Rannsakandi passaði að vitna í alla þátttakendur í niðurstöðunum. Úr mörgu var að velja en reynt var að vinna fagmannlega með niðurstöðurnar með tilvitnunum.

Siðfræði

Við framkvæmd allra rannsókna er mikilvægt að uppfylla bæði aðferðafræðilegar og siðfræðilegar kröfur. Siðfræði í heilbrigðisgreinum leggur til grundvallar fjórar höfuðreglur. Þessar fjórar höfuðreglur eru kenndar við réttlæti, sjálfræði, velgjörðir og skaðleysi (Munson, 2000).

Sjálfræðisreglan snýst um virðingu fyrir einstaklingnum sem og sjálfræði hans. Í vísindarannsóknum snýst þessi regla um þá kröfu að fá fram óþvingað, upplýst samþykki. Koma þarf fram til hvers er ætlast af þátttakendum, á hvaða tímabili er áætlað að rannsóknin fari fram, hvort þátttöku fylgi einhver áhætta eða ávinningur og ef svo er hvernig verður brugðist við þeirri áhættu og hvað verði gert ef þátttakandi verður fyrir skaða (U. S. Department of Health & Human Services, 2009). Samkvæmt *skaðleysisreglunni* er það umfram allt hlutverk heilbrigðisstarfsfólks að forðast að valda skaða. Rannsakandi á að sjá um að ávinningur rannsóknar sé alltaf meiri en áhætta og að ávallt sé hugað að hagsmunum þátttakenda. Í *velgjörðareglunni* er lögð áhersla á þá skyldu að láta alltaf sem best af sér leiða og velja ávallt þá leið sem leiðir til minnstu fórnanna. Samkvæmt reglunni er það því skylda rannsakenda að gera einungis þær rannsóknir sem eru líklegastar til hagsbóta fyrir mannkynið í heildina. *Réttlætisreglan* hefur leitt af sér þá kröfu að hópar sem hafa hvað veikasta stöðu séu verndaðir fyrir óþarfa áhættu. Í rannsóknarvinnu á þetta helst við val þátttakenda. Þessar fjórar reglur um rannsóknarsíðfræði: réttlæti, virðing, skaðleysi

og velgjörðir eru grundvöllur fyrirbyggjandi siðareglu um vísindarannsóknir (Sigurður Kristinsson, 2013).

Rannsakandi hafði þessar fjórar reglur að leiðarljósi. Í samræmi við sjálfræðisregluna var útbúið kynningarbréf um rannsóknina og upplýst samþykki sem var kynnt fyrir þátttakendum og þeir skrifuðu undir í kjölfarið. Farið var yfir tilgang rannsóknar og útskýrt að hægt væri að hætta þátttöku í rannsókninni hvenær sem væri án nokkurra eftirmála. Ferli rannsóknar var útskýrt, þ.e. að viðtölin yrðu öll tekin upp og vélrituð en eftir það yrði upptökunum eytt. Allir þátttakendur fengu gervinafn svo ekki yrði hægt að rekja þátttöku þeirra í rannsókninni. Eftir skaðleysisreglunni var ljóst að þátttakendur skildu að ávinningur rannsóknar yrði meiri en áhætta þar sem allir þátttakendur vildu vekja athygli á málefnum ófrjósemi og ættleiðinga á Íslandi. Eftir réttlætisreglunni var gert ráð fyrir að einhverjir þátttakendur ættu erfitt með að rekja sögu sína en brugðist var við því með því að fá sálfræðing sem var til taks fyrir þátttakendur þeim að kostnaðarlausu, ef með þyrfti. Hvað varðar velgjörðarregluna telur rannsakandi að nýta megi rannsóknina í þágu íslenskra ættleiðinga með því að varpa ljósi á núverandi aðstæður málaflokksins.

Samkvæmt reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði (1999) er mikilvægt að gætt sé fyllsta öryggis og varkárni þegar unnið er með persónugreinanlegar upplýsingar. Á Íslandi, sem og annars staðar, þurfa siðanefndir að samþykkja rannsóknir á mönnum samkvæmt lögum. Siðanefndir eiga því fyrst og fremst að gæta hagsmuna þátttakenda í vísindarannsóknnum. Samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga (2000) þarf einnig að tilkynna rannsóknina til Persónuverndar en hlutverk Persónuverndar er að annast eftirlit með framkvæmd laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Tilkynning var send til Persónuverndar en númer rannsóknar hjá Persónuvernd er: S5957. Að því loknu var send umsókn til Vísindasiðanefndar en jákvætt svar barst frá henni þann 6. nóvember árið 2012. Númer rannsóknar hjá Vísindasiðanefnd er: VSNb2012100012/03.07.

Réttmæti og áreiðanleiki rannsóknar

Réttmæti og trúverðugleiki skiptir gríðarlegu máli fyrir eigindlegar rannsóknir. Í Vancouver-skólanum í fyrirbærafræði er lögð rík áhersla á þessi atriði en það er gert með því að athuga vel allan vafa sem leikur á réttmæti rannsóknar.

Þetta verður svo að einskonar réttmætisferli þar sem rannsakandi spyr sig í sífellu: Hef ég skilið þetta rétt? Áhersla er innan Vancouver-skólans á að efla gæði rannsóknar með stöðugri sjálfsgagnrýni varðandi gæði gagnasöfnunar og gagnagreiningar og hvernig niðurstöður eru settar fram (Sigríður Halldórsdóttir, 2013). Niðurstöður í eigindlegum rannsóknum gætu verið litaðar um of af gildismati rannsakenda ef ekki er vel staðið að rannsókninni. Þegar átt er við réttmæti rannsóknar er verið að vitna í gæðaeftirlit sem krafist er að notað sé í öllu ferli rannsóknarinnar. Réttmæti rannsóknar má í raun skipta í tvennt. Annars vegar er innra réttmæti rannsóknar sem sýnir að sú mynd sem rannsóknin dregur upp af raunveruleikanum endurspeglir raunveruleikann eins og hann er. Ytra réttmæti segir til um hvort alhæfa megi um niðurstöður rannsóknarinnar (Sigurlína Davíðsdóttir, 2013). Réttmæti viðtals má staðfesta í viðtalinu sjálfu með því að spyrja þátttakendur hvort þeir séu sammála túlkun rannsakenda, eða hvort þeir vilji bæta einhverju við (Helga Jónsdóttir, 2013).

Niðurstöður

Í kaflanum eru niðurstöður rannsóknarinnar kynntar. Rannsóknarspurningin sem sett var fram í byrjun var: Hver er reynsla fólks af ófrjósemi og ættleiðingu?

Helstu niðurstöður rannsókna voru að þátttakendum reyndist það mjög erfitt og lífsbreytandi að greinast með ófrjósemi. Flestir þátttakendur reyndu að eignast börn með hjálp fagmanna og gengust undir ýmsar ófrjósemismeðferðir. Vendipunkturinn frá ófrjósemismeðferðunum yfir í ættleiðingarferlið reyndist vera léttir fyrir flesta þátttakendur. Allir voru sammála því að forsamþykkisferlið á Íslandi væri of langt og þyrfti að breyta því vegna þess að biðin erlendis er einnig að lengjast. Kostnaður við ófrjósemismeðferðirnar og ættleiðingarferlið er mjög mikill og kröfurnar einnig. Endurskoða þyrfti málefni íslenskra ættleiðingar þar sem næstum enginn þátttakenda treysti sér til að ættleiða íslenskt barn vegna ótta um að missa það aftur frá sér. Depurð og þunglyndi þekktist meðal þátttakenda sem og erfiðleikar tengt nýja barninu og upplifuðu stuðningsleysi. Efla þarf stuðning við kjörforeldra og kjörbörn hjá Félagi Íslenskrar ættleiðingar, hjá heilbrigðisþjónustunni og í samfélaginu í heild sinni.

Uppgötvun ófrjóseminnar

- Ófrjósemisgreining
- Depurð vegna barnleysis
- Erfiðar en árangurslausar ófrjósemismeðferðir

Ákvörðun um ættleiðingu

- Erlendar ættleiðingar
- Íslenskar ættleiðingar
- Kostnaður var mikill en hvað er „mikið“?

Ættleiðingarferlið

- Félag Íslenskrar ættleiðingar
- Forsamþykkið: Mikilvægt skref í ferlinu
- Ólíkar aðstæður í erlendu ríkjunum
- Draumur á bleiku skýi eða hvað?

Biðin eftir barninu

- Stuðningur og stuðningsleysi í álagsaðstæðum
- „Meðgöngutíminn“
- Niðurbjótandi áhrif fordóma

Ættleidda barnið og nýja fjölskyldan

- Er ættleiðing barns gagnkvæm björgun?
- Geðtengslin við ættleidda barnið
- Fyrstu stundirnar með barninu
- Ný veröld – nýja fjölskyldan

Mynd 2 Greiningarlíkan: Biðin og þráin eftir barninu: Reynsla fólks af ófrjósemi og ættleiðingu

Uppgötvun ófrjóseminnar

Það kemur að þeim tíma í lífi flestra þara að þau fara að huga að barneignum. Oft er málefnið rökrætt fram og til baka áður en tekin er ákvörðun sem hentar báðum. Flest þörin voru búin að reyna við barneignir lengi áður en þau leituðu sér aðstoðar. Nokkrar konur í rannsókninni urðu ófrískar en misstu allar fóstur komnar mislangt á leið. Þrír þátttakendur eignuðust líffræðileg börn á einhverjum tímamarki, ýmist fyrir ættleiðingu eða eftir.

Ófrjósemisgreining

Flestir þátttakendur höfðu verið greindir með einhvers konar ófrjósemi og í öllum tilvikum reyndist það þeim gífurlega erfitt að viðurkenna og takast á við. Eitt parið gekk í gegnum erfiða meðgöngu sem endaði með fósturláti og ákváðu að reyna ekki aftur við barneignir. Dætur Guðrúnar báðu móður sína um að reyna ekki aftur að verða ófrísk þar sem fósturmissirinn hafi verið henni og þeim svo erfiður.

Svo varð ég bara óvart ófrísk. ..þetta var bara ægilega spennandi og gaman og mér ..fannst ég vera rosalega gömul að vera að þessu þarna. ...þá er ég 43 ára. ...ég geng með hálfra meðgöngu og það er sem sagt mikið að barninu og ég þarf að fæða það. Þetta var rosalega erfiður tími. Nema að svo verð ég ólétt aftur ári seinna óvart líka og missi það líka ..nema að við ákváðum að hætta þessu.

Elva og maðurinn hennar höfðu reynt allar gerðir tæknifrjövngana í mörg ár.

...náttúrulega gríðarleg sorg þegar við misstum þarna tvisvar fóstur. Mjög erfitt að ganga í gegnum það ...maður bara reyndi að harka þetta af sér og ýta þessu frá sér og halda áfram en það var visst sjökk í kringum þetta.

Trausti og Sif voru ung þegar þau voru greind með ófrjósemi. Viðbrögðin hjá þeim og úrvinnsla við fréttunum var misjöfn.

Það var svolítið högg en það var eiginlega ekki ófrjósemi sem slík ...Sjökk. Maður bara einhvern veginn ..þetta getur ekki verið. Einhvern veginn hummaði maður þetta bara af sér. ...þetta var meira afneitun hjá mér. . ..maður fór bara í vinnu og vann á kvöldin. Leiddi þetta bara hjá sér.

Hrafnhildur upplifði ófrjósemina sem skömm og leið eins og hún stæði sig ekki í því hlutverki sem hún átti að uppfylla.

Að maður getur ekki átt eða gengið með barn, maður finnst hálfpartinn svona skömm að því. Að maður finni fyrir því að maður er ekki kona eða manneskja, að geta ekki gefið frá sér barn. Maður fann það líka sko út af þrýstingnum að maður fannst maður ekki vera nógu góður. En maður er vitur eftir á. Það er ekki leggjandi á nokkurn mann þessa krísu ófrjósemina og að upplifa það að finnast maður ekki vera manneskja. Og upplifa þessa höfnun að geta ekki verið foreldri er hræðilegt...

Tinnu hafði þó lengri grunað að barneignir yrðu erfiðar.

Það var reyndar búið að segja við mig ..að það myndi reynast erfitt fyrir mig að eiga barn. Þannig að þetta var svona alltaf bak við eyrað en samt trúði maður þessu aldrei. En þetta var líka ofboðslegur léttir ...þegar lækni-rinn sagði þetta bara hreint út: Þetta gengur ekki, þið verðið að fara einhverjar aðrar leiðir ...það eiginlega bara létti og þá hætti maður að hugsa um þetta. Þá er þetta bara búið, þá er maður ekkert að gera sér einhverjar vonir sem verða aldrei.

Depurð vegna barnleysis

Þegar þátttakendur voru spurðir um þunglyndi einhvern tímann á ferlinu þá sögðu flestir að þau hefðu upplifað mikla depurð yfir barnleysisinu. Maríu fannst mjög erfitt að fara á staði með mikið af börnum meðan hún beið eftir Pálínu.

Ég get frekar sagt, ekki þunglyndi en mikla depurð með barnleysið ...ég myndi frekar segja að væri vegna barnleysisins, biðin var alveg erfið og allt það en hún orsakaði ekki þær tilfinningar, þessi mikla depurð. Það var bara rosalega erfitt að höndla öll barnaafmælin og jólin og jólaboðin og allt það bara ár eftir ár eftir ár og ...ég held að við séum öll sammála um það. Þetta er bara hrikalega erfitt.

Öðrum fannst lítið mál að fara á staði og samkomur með börnum og neitaði að láta ófrjósemina og depurðina einangra sig frá vinum og ættingjum. Stefanía lætur ófrjósemina ekki hindra sig í að geta umgengist vini og fjölskyldu sem eiga börn.

...ég hef aldrei fundið fyrir einhverju svona afbrýðisemi eða einhverju, kannski depurð yfir því að fólk sko er að eiga börn sem hefur ekkert efni á því og hefur enga þolinmæði eða nenna ekki að sinna börnunum sínum. Mér finnst það sorglegt ...við erum endalaust í barnaafmælum, endalaust.

Hrafnhildur upplifði mikinn þrýsting frá öðrum að eignast börn. Það að geta ekki eignast börn tók mjög mikið á hana.

Bara þráhyggja að geta sjálf gengið með barn. Já það var náttúrulega mjög erfitt að fá það svar að maður gæti ekki verið ófrísk. ...það er líka svo mikið sko þrýstingur frá öðrum að koma með barn ...Þetta var voða erfitt tímabil að ganga í gegnum þetta. ...en þetta er bara verkefni sem maður þurfti að glíma við og nú er þessi pakki bara búinn. Nú á ég tvö yndisleg börn sem eru á lífi og gefa mér mikið.

Þátttakendur hafa allir tekist á við þrána eftir barni. Tinna átti barn þegar hún var ung en átti erfitt með að verða ófrísk aftur. Mörg ár liðu og þráin eftir barninu jókst.

Þráin eftir barninu ...var rosaleg. ...ég man eftir því einu sinni að við förum saman systurnar niður í bæ, ...Þá var ég akkúrat búin að ganga í gegnum þessar glasaftrjóvganir ...Við löbbum niður í bæ og ég labba með tóman barnavagninn heim ...ég grét alla leiðina. ...þetta reyndi rosalega á mig tilfinningalega af því að þetta var það sem mig dreymdi um.

Erfiðar en árangurslausar ófrjósemismeðferðir

Það er gríðarlega erfitt að takast á við ófrjósemi. Þátttakendur sáu að draumar þeirra um fjölskyldu skinu ekki lengur svo skært og oft á tíðum þurftu þau að glíma við skilningsleysi og jafnvel uppgjöf. Sigurlína var ákveðin að ófrjósemismeðferðirnar myndu ganga upp.

Mamma nefndi þetta við mig örugglega eftir þriðju eða fjórðu meðferð og það f auk rosalega í mig. Mér fannst þetta alls ekki tímabært sko. ...mér fannst hún svona vera að gefa í skyn að ég ætti að gefast upp á þessu. En ég var ennþá með hnefann á lofti.

Aðrir lögðu áherslu á að gera ástandið upp við sjálfan sig. Þá var sest niður og rýnt í ástandið og hvað það bar í skauti sér og hverjar væru mögulegar úrlausnir. Stefanía ákvað strax að ófrjósemin skyldi ekki skilgreina hana sem einstakling.

Þetta eru bara mín hlutskipti og þegar þetta gerist þá ákvað ég að ég hafði ...bara um tvennt að velja. Það var að leggjast í rúmið og breiða upp fyrir haus og aldrei að minnast á þetta eða ég tæki þessu bara eins og manneskja og talaði opinskátt um þetta ...en ég skyldi aldrei, aldrei öfundast út í fólk og ég skyldi aldrei láta þetta fara í taugarnar á mér. Ég hafði bara þessa tvo möguleika.

Flest þörin tókust á við meðferðirnar af miklu æðruleysi og lögðu mikið á sig. Mörg þeirra fóru oft í meðferðir en þær geta verið mjög erfiðar vegna hormónaójafnvægis. Svo kom upp sá dagur að það var komið að leiðarlokum í ófrjósemismeðferðinni. Sigurlína gafst að lokum upp á ófrjósemismeðferðunum eftir langt og erfitt ferli.

En þetta var ótrúlega sérstakt, eftir allar hinar meðferðirnar um leið og ég fékk nei þá var maður bara daginn, tvo daga ...bara að syrgja en svo var maður alltaf ákveðinn að halda áfram ...en svo fann ég bara eftir síðasta, bara: „Ég get ekki meir“. Og þá einhvern veginn var maður alveg sáttur við að hætta ...og þá vorum við alveg tilbúin að fara að snúa okkur að ættleiðingum.

Elva reyndi lengi vel að verða ófrísk með aðstoð tæknifrjógana en hún og maðurinn hennar reyndu allar gerðir tæknifrjógana í 15 ár.

Þetta er bæði dýrara og tekur lengri tíma. ...Maður einhvern veginn harkaði sér í gegnum þetta og hélt áfram. ...Það var rosalega erfitt, alveg skelfilegt. Mér fannst eiginlega verra að ganga í gegnum þetta glasadæmi heldur en ættleiðinguna. ...maður er svo lengi í lausu lofti og þú veist ekkert hvað er að fara að gerast, hvort eitthvað heppnast og ef það heppnast hvort það gengur.

Upplifun af ófrjósemismeðferðum er mjög mismunandi. Ferlið tók mjög á Sif sem upplifði sig ekki sem einstakling í leit að hjálp. Sif fór í tæknifrjógunarferlið fyrir nokkrum árum síðan.

Það var bara með því verra held ég sem ég hef upplifað. Mér leið bara eins og belju í sæðingu og enda hættum við eiginlega á vissum tímamarki. Við bara ákváðum að þetta væri ekki fyrir okkur. ...Mér bara fannst þetta ömurlegt ferli ...Bara að bíða þarna í röðinni með fullt af öðrum konum ..þetta var bara skelfing.

Sif var mjög ánægð að geta lokað kaflanum um ófrjósemismeðferðirnar og beina hug sínum algerlega að ættleiðingum.

Mér fannst það rosalegur léttir. Ég var mjög fegin, ekkert meira svona vesen. Ég fann að þetta fór rosalega mikið í mig. ...mér fannst það, eins og ég segi, ég sé ekki eftir þeirri ákvörðun að hafa ekki haldið áfram. Algerlega.

Ákvörðun um ættleiðingu

Oft beygir lífið af þeirri leið sem var ákveðin af þátttakendum í upphafi. Erfiðleikar, reiði og depurð urðu algeng viðbrögð eftir að ófrjósemin kom í ljós og ófrjósemismæðferðir gengu ekki upp. En það koma nýir dagar með nýjum áskorunum og þátttakendurnir ákváðu að kanna hvaða lausnir væru í boði.

Erlendar ættleiðingar: Eins misjafnar og löndin eru mörg

Ákvörðunin um að ættleiða barn er gríðarlega stór og mikilvæg. Hafa þarf í huga að um er að ræða börn sem mörg hver eru orðin eldri en eins árs þegar þau eru ættleidd til annars lands, til nýrra foreldra sem þau hafa aldrei séð áður.

Ýmsar ástæður liggja að baki ákvörðun þátttakenda um ættleiðingarlöndin. Mælt er með því að taka sér nægan tíma til að gera upp hug sinn og vega og meta alla kosti og galla. María og Hafliði kusu Kólumbíu þar sem biðin átti að vera með stysta móti þar.

Það er eiginlega bara tilfinningarnar sem réðu því, ekki kannski skynsemin ...ég held að við umsækjendur horfum rosalega mikið á það ...hvar er stysta biðin. Það skiptir okkur kannski ekki máli hvaðan börnin koma, þetta er börn, sama hvaðan þau eru.

Fjölmörg dæmi eru um að illa gangi með ættleiðingar. Lenging á biðlistum erlendis og tafir í forsamþykkisferlinu hérlendis eru nefndar sem aðalástæðurnar. Guðmundur og Stefanía eru í ferli hjá innanríkisráðuneytinu til þess að fá forsamþykki fyrir ættleiðingu í tveimur löndum, Kólumbíu og Kína.

Við fáum kannski að vera með forsamþykki í tveimur löndum í einu ...á þeim forsendum að það er ekkert að gerast í Kólumbíu, þetta hefur aldrei verið gert áður á Íslandi þannig að við erum brautryðjendur. Við erum búin að bíða það lengi eftir þessu, það er ekkert um að vera. ...það er nýr forseti og ný ríkisstjórn í Kólumbíu og þessi ríkisstjórn vill ekki ættleiða úr landi. Þetta er svo mikil smán fyrir þjóðina að geta ekki alið þegnum sínum önn.

Ljóst er að málefni ættleiðinga í heiminum eru ekki í forgangi. Ættleiðingar eru færri, börnin eru eldri og erfiðleikar með tengslamyndum orðin algengari. Trausti og Sif hafa þá skoðun að umgjörð ættleiðinga sé of þung og erfið í förum og valdi þar með þessari töf á ættleiðingum. Sif leggur áherslu á Haag sáttmálann.

Þetta er of kassalaga, algerlega. Hvað verður um þessi börn? Það eru ekkert færri börn og það þarf meira en tvö ár í hugarfarsbreytingu í Kólumbíu. ...þetta á náttúrulega bara eftir að hafa mjög slæm áhrif á krakkana sem eru þarna. ...En þetta er náttúrulega það sem var búið að vara við að myndi ske þegar Haag sáttmálinn frá Unicef kom inn í málið. Það var nákvæmlega þetta sem var varað við.

Trausti er sannfærður um að með styttingu ættleiðingarferlisins megi koma í veg fyrir upplifaða sorg kjörbarna og erfiðleika hjá þeim varðandi tengslamyndun.

Ég held að það sé ekki eins afdrifaríkt fyrir börnin því yngri sem þau eru, þess vegna tel ég svo mikilvægt að ferlið sé eins stutt og mögulegt getur verið. ...það komi í veg fyrir þessa tengslaröskun ...þetta getur ekki annað en verið gott að stytta ferlið á alla vegu. ...Það að þú þurfir að bíða í eitt ár, eitt og hálf ár til að þurfa svo að bíða úti í þrjú ár. ...Þetta á ekki að vera svona.

Íslenskar ættleiðingar: Gallinn við opnar ættleiðingar

Íslenskar ættleiðingar eru opnar ættleiðingar. Í opnum ættleiðingum er málum þannig háttað að börn fara í raun í fóstur fyrst og mögulega kemur að ættleiðingu seinna meir. Fjölmörg dæmi eru um það að börnin fara aftur til blóðforeldra sinna. Þetta hefur í för með sér mikið tilfinningalegt umrót bæði fyrir barnið og kjörforeldrana.

Elva og maðurinn hennar hugsuðu sig um hvort þau vildu ættleiða íslenskt barn en ákváðu eins og flestir þátttakendur að leggja það ekki á sig.

Já við veltum því aðeins fyrir okkur fyrst en ...við treystum okkur ekkert í þennan tilfinninga rússbana sem er miklu, miklu meira heldur en nokkurn tímann í gegnum hitt ferlið. ...það væri kannski öðruvísi ef þú gætir gengið að þessu vísu og þú værir að fá barn til ættleiðingar strax. ...Það er ábyggilega alveg rosalega erfitt, ...ég hefði ekki getað skilað barninu aftur.

Hrafnhildur var beðin um að taka að sér unga stúlku sem þurfti að komast í fóstur.

Þá var hringt í mig frá Félagsmálastofnun ...og spurt mig að því hvort ég gæti tekið að mér stúlku sem væri á fjórða ári. ...hún hringdi í mig tíu um morguninn ...hún var komin til okkar klukkan tvö sama dag. ...foreldrarnir drukku svolítið mikið og skildu barnið alltaf eftir eitt. Hún var bara heima heilu bara helgarnar í rúminu sínu ...Hún var fjögurra ára gömul þegar þetta var og var mjög illa farin andlega, pissaði undir, talaði ekki neitt og var bara mjög illa farin stelpan. ...Hún var hjá okkur í þrjá mánuði og á þessu tímabili, ...þá hætti hún að pissa undir og þú gast alveg talað við hana og hún var orðin róleg. Bara allt annað barn, ...nema þá vill mamman fá barnið aftur. Og hætti að drekka og það var rosalega erfitt.

Hrafnhildur ættleiðdi íslenskan strák sem var eins og hálfes árs. Hún lýsir vel þeim tilfinningum sem hún upplifði á þessum tíma.

...þetta er svo erfitt bæði fyrir barnið og líka fyrir fyrir foreldrana sem ættleiða, kjörforeldrana. Þetta er svo mikið áreiti, rosalega mikið áreiti. Þetta er eins og þegar strákurinn fékk móður sína í heimsókn hingað, ...ég var í nokkra daga að róa hann niður. Hann var svo æstur og tense yfir þessu öllu saman. ...þetta er voða erfitt líka þessi togstreita.

Kostnaður var mikill en hvað er mikið?

Ættleiðing reynir talsvert á einstaklinginn en hafa ber í huga að mikið er ætlast til í kostnaðarhlíðinni líka. Þegar allt ferlið og ferðakostnaður er tekinn saman er kostnaður oft á tíðum orðinn gífurlegur. Kostnaður við ættleiðingu er yfirleitt um þrjár milljónir en fer að stórum hluta eftir landinu sem barnið kemur frá. Guðrún vildi þó ekki telja kostnaðinn eftir.

Þetta er dýrt en kostnaðurinn liggur að mínu mati mest í bara ferðalögum og hótélkostnaði og bara upphaldi. ...Þá er þetta bara dýrt og ég vil alveg draga allan þennan kostnað frá. Mér finnst það forréttindi að fá að fara þarna út ...Þú vilt ekki fá barnið sent til þín með flugi. Þú vilt ná í það sjálf.

Kjörforeldrar sem ættleiða barn læra fljótt að bregðast við hlutum eins og þeir koma fyrir. Ýmislegt breytist eins og kostnaður og forsendur. Kormákur og Sigurlína tala bæði um að það sé ekki þeirra hlutverk að kvarta yfir kostnaði því á endanum eignist þau barn og það gangi fyrir öllu öðru.

Í þessu ferli okkar, þá getum við aldrei sagt neitt hvað það megi kosta, við þurfum bara að borga. Við höfum engan möguleika á því að segja: Heyrðu þetta er nú svolítið mikið ...Við gátum ekkert sagt.

Flestir eru þó sammála um að taka þátt í öllu sem fyrir þau er lagt því í lokin eru þau að fá þá gjöf að verða foreldrar og flestir eru tilbúnir að leggja allt á sig til að uppfylla það hlutverk. Kormákur og Sigurlína lögðu allt undir til að geta stofnað fjölskyldu.

Við settum það líka bara fram í upphafi að við ætluðum ekkert að láta peninginn stoppa okkur. Bara þá frestum við einhverju öðru eða gerum eitthvað annað ...peningnum bara redduðum við einhvern veginn. Við erum bara heppin að geta það.

Amma Trausta ræddi við hann um ættleiðingu fyrsta barnsins.

...þetta var einhver hellingur sagði ég, eitthvað í kringum milljón. Já já sagði hún, en hvað kostaði bíllinn þinn? Þá vorum við á bíl sem kostaði eina og hálf milljón. Og ég bara já ..þú meinar. Þannig að þá í raun og veru seturðu þetta í samhengi.

Ættleiðingarferlið

Þegar einstaklingar koma til Félags Íslenskrar ættleiðingar eru þau búin að ganga í gegnum ýmislegt og yfirleitt á löngum tíma. Ákvörðunin að ættleiða barn er yfirleitt ekki það fyrsta sem kemur upp í hugann en er engu að síður landingin fyrir marga. Þátttakendurnir voru margir orðnir þreyttir og niðurbrotin eftir árangurslausar tilraunir til að reyna að eignast barn.

Félag Íslenskrar ættleiðingar: Eina löggilta ættleiðingarfélagið

Íslensk Ættleiðing er eina ættleiðingarfélagið á Íslandi sem hefur fengið löggildingu frá Innanríkisráðuneytinu og hefur verið starfrækt í 36 ár, síðan árið 1978. Félagið hefur mikið breyst síðan bæði hvað varðar starfsmenn og starfsumhverfi. María er nokkuð sátt við félagið eins og það er en var líka ánægð með hvernig það var áður.

Já ég er sátt við félagið ...að sumu leyti og að öðru ekki. ...með fyrrverandi starfskonu og annað þá fór mikil reynsla og skilningur. ...það eru bara kostir og gallar við hverja einustu manneskju. ... upplýsingaflæðið hefur batnað til muna, það er bara alveg á hreinu.

Karítas fann mikinn stuðning í starfsfólki Íslenskrar ættleiðingar.

Það er náttúrulega brjáláð að gera hjá þessu fólki ...aldrei nokkurn tímann upplifði ég það að þau mættu ekki vera að því að tala við mig ...þau höfðu alltaf mikinn áhuga á barninu og okkur og hvað þetta væri allt yndislegt.

Aðrir þátttakendur höfðu ættleitt fyrir einhverju síðan þegar félagið og ferlið var allt annað en það er í dag. Þegar Trausti og Sif ættleiddu börnin sín var Íslensk ættleiðing ekki eins stórt og umfangsmikið og það er í dag.

Ég hef aldrei skilið af hverju Íslensk ættleiðing þarf 52 milljónir til að geta rekið sig ...ég hef aldrei skilið þessa fjárhæð, þetta er bara orðið ..fáránlega stórt. ...Þá held ég að þetta sé komið út í einhverja gróðrarstarfsemi. Þú veist ef ég ætti 20 milljónir þá myndi ég eflaust borga þeim 20 milljónir ef þau gætu garanterað mér barn, ...var þetta ekki rekið á þriðjung af því sem þetta er rekið á í dag? ...Er fólk að þiggja svona há laun? Það var fullt af fólki og það er fullt af fólki sem myndi sinna þessu án þess að fá mikið fyrir það.

Íslensk ættleiðing hefur útbúið alls kyns ferla sem eiga að auðvelda kjörforeldrum að átta sig á því hvað þau eru að fara út í og til hvers er ætlast af kjörforeldrum. Kormákur og Sigurlína voru mjög ánægð með Íslenska ættleiðingu og starfshætti þeirra.

Félagið stendur sig rosalega vel í skipulagningu á þessu ferli. Þetta er svo ..það er allt upp á borði bara.

Tinnu leið illa meðan á biðtímanum eftir barninu stóð. Henni fannst að samskiptin við Félag Íslenskrar ættleiðingar hefði mátt vera betri en hún ættleiddi barnið sitt fyrir árið 2009.

...á meðan á þessu stóð var ég í rosalegri fýlu út í þá ...mér fannst þetta ábótavant ...ég hafði það á tilfinningunni að þetta væri ekki professionalt heldur ...fannst svona stundum eins og valdið væri of mikið hjá félaginu, það var mín tilfinning. ...ég man eftir því að hún var með fjóra fæla fyrir framan sig, sem sagt fjögur börn ...mér fannst sú tilfinning, mér fannst hún velja. ...ég vildi að barnaheimilið hefði valið þetta barn, ég trúi því innst inni að barnaheimilið ákveði að þetta barn fari til þessarar fjölskyldu.

Forsamþykkið: Mikilvægt skref í ferlinu

Þegar búið er að taka ákvörðun um ættleiðingu barns fer ferlið af stað. Væntanlegir kjörforeldrar hafa mikið að gera en þau þurfa meðal annars að fá Barnavernd til sín og sækja um alls kyns leyfi og þurfa að sanna að þau geti framfleytt barni. Kormákur og Sigurlína voru sammála um að mikilvægt sé að reyna að flýta forsamþykkisferlinu hér heima.

Það er lítið sem Ísland eða Íslendingar geta gert í ættleiðingarmálum erlendis, að biðin sé að lengjast og fólksfjöldi og minna framboð af börnum og allt þetta en við þurfum ekki á sama tíma að gera ferlið heima erfiðara. Það er eitthvað svona sem má aðeins taka til í ..það var nú ekki auðvelt fyrir.

Þátttakendur voru allir sammála um sanngirni þess að vera metin og tekin út. Hinsvegar fór mikið fyrir brjóstið á þeim sá mikli kostnaður sem fylgir forsamþykkinu hér á landi. Kormákur var ósáttur við allan þann aukakostnað sem hlóðst upp í forsamþykkinu.

Þeir sem eru verstir í þessu, er ríkið. Sýslumaðurinn og þeir, þar fer mesti peningurinn. Þú ferð niður til sýslumanns og segir: Mig vantar að láta prenta út sakarvottorð. Og tómt blað með nafninu þínu á bara: 2000 kall. Mig vantar líka fyrir Sigurlínu: uu 2000 kall. Heyrðu svo vantar mig að láta stimpla þetta: Já 2000 kall og líka fyrir Sigurlínu sama blaðið þú veist. 8000 krónur.

Sumir gátu ekki setið á sér hversu formlegt ferlið var og spurningarnar hispurlausar. Trausti og Sif undirbjuggu sig vel fyrir Barnaverndarnefnd en fannst sumar spurningar beinlínis móðgandi.

Maður var bara spurður beint út. Bara já: Trausti hvernig ætlar þú að ala upp barn? Og ég bara: hvað er til einhver formúla? ...ja bara eins vel og ég get og veita því ást og umhyggju, svona fíflaleg spurning. Ekki er einhver 14 ára spurð að þessu þegar hún liggur á fæðingarveidinni?

Þegar í ljós kom hversu löng biðin var eftir barninu þurfti að gæta að tímamörkum umsóknarinnar. Kormákur og Sigurlína lentu í því að þurfa að sækja um öll gögn fyrir forsamþykkið aftur því þau runnu út á tíma.

...þetta er svo ferkantaður heimur, það skiptir engu máli. Það stendur í línunni að gögnin verða að vera innan við árgömul þegar þau eru tekin

fyrir og það var bara tekin dagsetningin. Við þurftum sem sagt að endurnýja fæðingarvottorðin okkar og við þurftum að endurnýja öll gögnin okkar. Við þurftum aftur að fá barnaverndarnefnd og allt saman. Þannig að í raun og veru sóttum við um tvisvar.

Hrafnhildur og maðurinn hennar lentu í leiðinlegu atviki með Sýslumanninn.

...hann átti bara að staðfesta að þetta væri löglegt, Sýslumaðurinn, en hann var bara með einhverja stæla. Reif pappírana af bóndanum mínum, stimplaði þá og henti því aftur í hann, bara: Farðu. Þetta er það eina sem maður fékk svona höfnun, það var hjá Sýslumanninum. ...Ég vona bara að hann hafi séð að sér og ekki gert þetta aftur.

Trausti ræddi einnig um það að kröfurnar fyrir kjörforeldra séu oft á tíðum óraunhæfar.

...hvernig voru forfeður okkar að alast upp? Ég meina þetta voru 13-14 stykki að alast upp í moldarkofum. ...Ég held að kröfurnar séu bara fáránlegar. Bara úr takti algerlega við það sem skiptir máli. Þær eru örugglega ekki eins stífar í félagslega íbúðakerfinu á Íslandi, hvort að kona með fjögur börn, hvort hún sé í fimm herbergja íbúð. Það er alveg pottþétt ekki.

Tinnu sem og öðrum þátttakendum fannst ferlið á Íslandi fyrir forsamþykkið of langt og svifaseint.

...í sambandi við pappírinn það tók á og tekur rosalega langan tíma. Af því að ég held að áhuginn ..þetta er ekki forgangsatriði. Fólk er ekki að hugsa: Bíddu þetta fólk er að bíða. Það er bara eitthvað svona auka. ...að bíða eftir einum stimpli tók kannski mánuð sem gæti tekið fimm mínútur. Þetta er bara einhvers staðar í bunkanum hjá þér. Það liggur ekkert á...

Ólíkar aðstæður í erlendu ríkjunum

Erlendu ríkin hafa í gegnum árin gengið í gegnum alls kyns tímabil þar sem ættleiðingar hafa gengið hratt og vel yfir í það að dregið hefur mjög úr ættleiðingum úr landi og þau jafnvel lokað á ættleiðingar. Guðmundur og Stefanía hafa beðið eftir barni frá Kólumbíu í sjö ár en Kólumbía hefur nýlega lokað á allar ættleiðingar úr landi.

Kólumbía sem löggilt ættleiðingarland, ...þeir geta ekki lokað á ættleiðingar en þeir geta gert þetta og þeir mega gera þetta. Þeir mega draga þetta svona og reyna ættleiðingar innanlands. Það er enginn sem

getur bannað þeim það. Af því að þá eru þeir samt að sýna það að þeir eru að reyna að hugsa um þessi börn og reyna að koma þeim á heimili.

Aðrir þátttakendur horfðu mest á það hvernig aðstæður voru í ættleiðingarlöndunum og hvernig væri hugsað um börnin. Kormákur og Sigurlína völdu Tékkland nær eingöngu vegna barnaheimilanna þar sem þykja til fyrirmyndar.

Ut anumhald eins og við höfum heyrt að sé hugsað um börnin í Kína ...er bara himinn og haf miðað við í Tékklandi. Allavega eins og við höfum séð ...Það er svona eini staðurinn sem við höfum svona virkilega sagt: Ókei ef við myndum hugsa um þetta þá myndum við gera þetta svona.

Ýmislegt getur komið upp á og hlutir og aðstæður geta breyst án nokkurs fyrirvara. Umönnun barnanna var mjög mismunandi. Sonur Guðrúnar var mikið veikur þegar hún sótti hann til Kína. Henni gramdist mjög hvernig umönnun hans var háttað.

Ég var rosalega reið út í alla kínversku þjóðina. Mér fannst hún bara hafa verið rosalega vond við barnið mitt. Og ég hugsaði bara ...ég treysti ykkur fyrir barninu mínu og þið hugsið ekki nógu vel um það. Hann var bara barnið mitt. Og ég var rosalega reið. Mér fannst þau hafa brugðið okkur algerlega. Og honum sérstaklega náttúrulega.

Dvölin á Indlandi var Tinnu mjög erfið.

Það reyndist mér alveg rosalega erfitt að labba þarna um af því að það var svo mikið af fátækt þarna og það kom kona til mín þarna og sagði: Do you want a baby? I have a baby at home, do you want a baby? Come with me. Ég bara fór á hótélherbergið og bara: Ég fer ekki aftur út, ég var bara komin þarna til að sækja hann.

Elva fann fyrir álagi áður en hún hitti son sinn og upplifði mikinn mun milli upprunalanda barnanna sinna.

...maður var náttúrulega voðalega stressaður hvernig þau myndu taka manni og svona. En sérstaklega með strákinn, ...hann kúrði bara saman við, maður fékk einhvern veginn strax bara móðurtilfinningu og bara vellíðan. Þetta var bara æðislegt ... Í Kína var þetta allt öðruvísi, þeim var einhvern veginn bara hent í fangið á manni og svo bara: Farðu. ...þetta var voðalega, þeir eru svona kaldir einhvern veginn.

Draumur á bleiku skýi, eða hvað?

Hjá nokkrum þátttakendum kom fram að við undirbúning ættleiðingar þeirra var talað um ættleiðingu sem „draumur á bleiku skýi“ þar sem fólk myndi gleyma öllum fyrri erfiðleikum og barnið myndi bjarga öllu. Undirbúningur fyrir þá erfiðleika og áskoranir sem fylgja oft á tíðum ættleiðingu erlenda barna, voru ekki rædd og og þátttakendur settu út á það að hafa ekki verið undirbúnir nægjanlega.

Tinna talaði um vonbrigði með fræðslu fyrir ættleiðinguna og að mikið var lagt upp úr draumnum um barnið.

Já þetta átti að vera bara draumur. Enda það vita allir að þetta er draumur en þetta er líka erfitt og mikil breyting ...ég hefði vilja vita það sem ég veit í dag. ...engin eftirfylgni nema bara læknisskoðun. Það var ekkert verið að kenna manni eins og með tengslamyndun og allt þetta sem að fólk veit í dag ...Fólk veit miklu meira í dag, það var enginn sérstaklega lærður með tengslamyndun eða ættleiðingar, það bara þekktist ekkert. Þú bara tókst barnið í fangið og svo förstu heim ...Gerðir bara það sem þér fannst þú eiga að gera.

Tinnu fannst undirbúningurinn ekki gagnast sér og fannst hann ekki faglegur á sínum tíma.

...við fórum á einn kynningarfund á laugardegi og sunnudegi. ...Það voru tvær konur sem héldu hann, þetta var svona skyldunámskeið sem maður fór á og þetta var bara allt æðislegt. Þetta átti bara að vera meiriháttar og þegar barnið kemur þá gleymirðu öllu ...bara æðislegt eins og allir séu bara hamingjusamir eftir þetta og svo búið. Það var ekkert verið að ráðleggja manni neitt, hvað getur komið upp á, hvernig eru tilfinningarnar ...og eftir að þú ert kominn heim og allt þetta sem er miklu meira í dag. Mér fannst það alveg vanta.

Trausti og Sif ættleiddu fyrir nokkrum árum síðan og fannst eftir á eins og um áróður væri að ræða með ættleiðingunni þar sem einblínt var eingöngu á hamingjuna eftir ættleiðinguna.

...þetta var bara allt saman mjög fínt. Við fórum á ...einn fræðslufund. Fræðslu ...já þetta var meira bara svona draumur á bleiku skýi bara. Það var svona mentallinn þarna. Ekkert talað um neina vandamál sko. ...ég veit ekki hvort ég myndi kalla þetta undirbúning í dag.

Biðin eftir barninu

Það kemur að ákveðnum sigri eftir langt og strangt ferli að væntanlegir kjörforeldrar eru samþykktir af erlendu löndunum sem þau hafa valið sér. Hér er komið að miklum létti þar sem ákvörðunin um ættleiðinguna og forsamþykkisferlið er loksins búið að skila samþykkt. Hér tala þátttakendurnir þó oft um erfiðasta tímenn, raunverulega biðin eftir barninu þeirra.

Stuðningur og stuðningsleysi í álagsaðstæðum

Stuðningur kemur fram í alls kyns myndum en því miður kemur fyrir að stuðningur og skilningur er lítill. Guðrún lenti í miklu skilningsleysi með Bjarna Val son sinn sem kom mjög veikur til landsins.

...það var engin eftirfylgni frá heilsugæslunni, ekki nein og enginn áhugi. Þú veist þetta er eina fárveika barnið á svæðinu á þessum tíma. Og í rauninni í okkar huga alveg nýfæddur. Við fengum rosalega lítinn stuðning ...þær sýndu okkur engan áhuga. Allskonar konur og þetta var bara pínlegt og ótrúlega lélegt og enginn áhugi. Þær spurðu aldrei hvernig ég hefði það, aldrei.

Sif fannst ungbarnavernd ábótavant eftir að heim var komið. Ættleidd börn eru á ýmsum aldri þegar þau koma til landsins en alltaf þarf að hafa í huga að í augum kjörforeldra eru kjörbörn ný fyrir þeim.

Ég hefði viljað að einhver hefði komið af því að ...þetta barn var alveg nýtt fyrir mér þó að það væri sjö mánaða. Það hefði bara einhver þurft að koma heim og fylgjast með ...hún var með næringarskort þegar hún kom heim, hún var með salmonellu og hún var með sníkudýr og það var enginn að fylgjast með því.

Aðrir þátttakendur ákváðu að leita eftir þeirri hjálp og huggun sem þeim fannst vanta. María og Hafliði maðurinn hennar bjuggu til hóp af væntanlegum kjörforeldrum sem fundu stuðning hjá hvort öðru.

Stuðningur, við eiginlega bara bjuggum hann svolítið til sjálf því við hóuðum okkur saman nokkrir umsækjendur. Við erum með bloggsíðu saman, við hittumst reglulega og við erum bara svona stuðningur hvors annars. En það ...var aldrei tékkað þannig á hvernig manni líði eða neitt. Aldrei sko, það var ekki.

Hrafnhildi fannst erfitt að hafa engan faglegan og óháðan til að ræða við um ófrjósemina og ættleiðingarferlið.

Maður talaði svo sem ekkert mikið um það. Þetta var svolítið erfitt að hafa ...engan til að tala um þetta. Maður var svo sem ekkert að leggja mikið á fólk að tala um þetta, þetta var erfitt ...

Trausti og Sif hefðu viljað fá aukinn stuðning og aukna fræðslu varðandi ættleiðinguna.

...í þessum ættleiðingargeira að þetta er ennþá þínu feluleikur. ...Fólk viðurkennir ekkert og ræðir ekkert þessi mál nema bara þegar það er komið í óefni. ...og það er í rauninni enginn staður til þess að leita sér hjálpar á. ...Það er kannski meira í dag heldur en var, við vissum þetta ekkert þá.

„Meðgöngutíminn“

Þátttakendur minnst oft á meðgöngutíma ættleiðingar en þar er átt við tímann sem er á milli þess að þau eru samþykkt frá tiltekna landinu sem þau hafa kosið sér yfir til þess tíma þegar þau fá barnið sitt afhent. Karítas var hóflega bjartsýn eftir að umsóknin hennar var samþykkt en ófrjósemismæðferðirnar reyndu mikið á hana.

...og við tekur þessi yndislega bið sem er alltaf jafn spennandi eða þannig. ...ég fæ svarið mitt ...Tékkland samþykkir umsóknina mína. Þá tölum við í ættleiðingarheiminum um að meðgangun sé hafin. Og hérna mér fannst þetta bara æðislegt og varð rosa glöð en ég trúði því ekki allan tímann ...ég var búin að fá svo mikið af nei-um í hinu að ég trúði aldrei að ...leyfa mér að vona.

Sumir þátttakendur voru rólegir og trúðu ekki á ferlið fyrr en í blálökin. Ljóst er að ferlið tekur mikið á og óvissa ríkir um erlendar ættleiðingar. Njáll neitaði sér um að trú á ferlið fyrr en komið var heim til Íslands.

Ég held að fólk sko geri of mikið úr þessu. Auðvitað er þetta stórkostlegt mál að ættleiða barn en það er líka stórkostlegt mál að eignast barn. Það má ekki gera þetta þannig að þetta verði ónáttúrulega flókið og mikið mál. Þetta er allt saman háð vilja einhvers sem við ráðum ekki yfir og maður verður að vera svona ...hvað eigum við að segja æðrulaus yfir þessu öllu saman. Ég bjóst aldrei við að neitt af þessu yrði að raunveruleika fyrr en ég var kominn heim.

Þegar búið var að samþykkja einstaklingana sem kjörforeldra kom tími tilhlökkunar og sumir voru búnir að tengjast barninu sínu í huganum. Guðrún tengdist Bjarna Val um leið og hún sá myndir af honum.

Alveg sömu tilfinningar ...mínus þetta líkamlega en samt ekki, mér gat verið óglatt allan daginn af áhyggjum af einhverju og endalaust með barnið á heilanum. Bara hvað hann væri að gera núna og hvernig honum liði. Bara alveg eins og þegar þú gengur með barn. Bara hvernig hann liti út, hvernig lyktin af honum væri og þú veist ..þetta var bara rosa svipað og mjög skrytið að upplifa þetta.

Þátttakendurnir gleyma því aldrei þegar símtalið kom um að barnið. Barnið sem þau höfðu látið sig dreyma um allan þennan tíma var orðið að veruleika og beið eftir foreldrum sínum. Kormákur og Sigurlína ætluðu ekki að trúa því þegar hringt var í þau með fréttir af 10 mánaða gömlum syni þeirra.

Ja fyrir ári síðan þá var umsóknin okkar, nýbúið að samþykkja hana í Tékklandi og við sáum fram á svona tveggja til þriggja ára bið. Uhh sem var ekki alveg raunin ...þar sem við fengum símtal í ágúst 2013 síðastliðnum um að það væri búið að finna fyrir okkur barn í Tékklandi ...þannig að biðin varð í rauninni bara átta mánuðir hjá okkur sem bara þykir með því stysta.

Tilfinningarnar urðu sumum um megn og tilhlökkunin eftir barninu svakaleg.

...klukkan var bara fimm eða hálf sex ...og þá hringir síminn ...náttúrulega ...brjálæðislegar gleðifréttir og ég bara sat þarna í hálf tíma og grenjaði. Ætlaði bara ekki að ná þessu ...Svo biðum við bara hérna heima með opna tölvuna...þá er hann sjö mánaða þegar við fáum fyrstu myndirnar af honum.

Biðtíminn eftir Pálínu var mjög erfiður fyrir foreldra hennar og fór fram úr lengstu spám.

Umsóknin fer þarna út um mitt ár 2005 ...Þá var okkur sagt að biðin gæti hugsanlega mögulega ef við værum mjög svartsýn farið í 18 mánuði ...gæti lengst þarna kannski um fjóra til sex mánuði, við biðum í 42 mánuði, frá samþykki.

Niðurbjótandi áhrif fordóma

Kjörforeldrar hafa nær alltaf gengið í gegnum miklar raunir þegar kemur að ákvörðun um ættleiðingu. Langur biðtími, sorg og depurð eru upplifanir sem eru algengar. Þegar búið er að taka þessa tímamóta- og lífsbreytandi ákvörðun er gríðarlega mikilvægt að eiga gott stuðningsnet sem styður og hlúir að kjörforeldrunum. Fordómar á þessu stigi virka aðeins niðurbjótandi.

Tinna var búin að upplifa langan aðdraganda að ættleiðingunni. Hún tók öllum fréttum varlega til þess að gera sér ekki upp tálvonir.

...ég svona aðeins ýtti þessu frá mér því ég á það til að gera mér of miklar væntingar og ég vissi ekki alveg hvað ég var að fara út í. Það var óöryggi ...ég veit ekki af hverju en ég var svo hrædd um að það kæmi eitthvað upp á. Eftir að ég fékk myndina, ...ræddi þetta mikið og fólk alveg: Vá ætlið þið að ættleiða og ætlið þið út í þennan pakka? Það voru rosalega furðuleg viðbrögð hjá fólki, ...Af hverju ferðu ekki bara að njóta lífsins?

Það eru ekki alltaf allir sem eru færir um að setja sig í aðstæður annarra og styðja þá í lífsreynslu þeirra. Hrafnhildur upplifði leiðinleg viðbrögð frá einum vini sínum.

...það var kannski einn vinur sem að stakk mig stundum. Hann sagði þegar við vorum búin að fá Lindu, það var eins og hann væri á móti því að ættleiða börn svona að utan. Hann sagði bara: Fólk sem getur ekki átt börn, það á bara að vera svoléiðis. Og eftir það lokaði ég á þennan mann. Ég hef aldrei getað horft á hann eftir þetta. Hann má bara hafa það fyrir sig...

Fjölskyldan er í flestum tilfellum uppspretta stuðnings og huggunar þegar á reynir. Hinsvegar á það ekki alltaf við. Mágkona Tinnu var ekki sátt við þá staðreynd að Tinna og maðurinn hennar glímdu við ófrjósemi.

...Ofboðslega ertu vond manneskja! Nú segi ég, af hverju? Að eiga ekki barn með manninum þínum. Og ég bara horfði á hana og bara: Er ekki í lagi með þig?

Kjörforeldrar eiga það til að fá allskonar spurningar um ættleiðingar og ættleiddu börnin sín. Stundum gengur fólk þó of langt eins og Trausti hefur stundum heyrt.

Við erum svo oft spurð: Ja eru þau systkini? Já þau eru bæði Traustabörn.

Ættleidda barnið og nýja fjölskyldan

Segja má að ný veröld hefji göngu sína þegar draumar rætast loksins. Það að fá börnin sín í hendurnar er ein fallegasta stund í lífi hvers og eins og skiptir þá litlu máli hvort þessi saklausu börn séu ættleidd eða ekki.

Er ættleiðing barns gagnkvæm björgun?

Þeir þátttakendur sem höfðu ættleitt voru ótrúlega þakklátir fyrir börnin sín. Þau gerðu sitt besta til að vera börnum sínum góðir foreldrar og mátu þau svo mikils.

Elva sótti dóttur sína eins og hálfis árs gamla til Kína. Umgjörð ættleiðinga og ástand dóttur hennar kom henni á óvart.

Hún var orðin eins og hálfis árs og hún sko, ef maður lét hana stíga í lappirnar þá bara lak hún niður. ...hvort það hafi verið út af því að hún hafi verið svona lítið örvuð eða út af sjokkinu. ...hún var alveg eins og smjör. Hún gat ekki setið einu sinni eða neitt.

Hrafnhildur orðar sínar tilfinningar og upplifun af börnunum sínum vel.

Það var bara eins og þau hefðu verið ætluð okkur, bæði tvö. ...Ég hef oft hugsað, hvað hefði maður gert ef maður hefði ekki átt börn? Engin börn, hvað væri maður í dag? Hvað hefði maður gert? Væri ég á sama stað í dag eða gift við hjónin eða hefðum við hætt saman og skilið? Maður bara ..þetta kemur upp í huga manns ef maður hefði ekki fengið þau.

Hrafnhildi fannst Barnavernd ekki hafa staðið sig varðandi son hennar.

...þegar við fengum hann þá hittum við einhvern sálfræðing og hún sagði við okkur að Sindri væri Öskjuhlíðar matur. ...mér fannst ...að hún væri að gefa í skyn sko, hvað er verið að taka þennan dreng það er svo mikið að honum. En ég bara: Vá nei ég skal sýna þér fram á það, ...en ég skal og ætla að koma þessum dreng og hjálpa honum. Ég held að hann hafi verið níu eða tíu ára þegar við förum til hans aftur og hann tekur test á honum ...Svo fer hann að reikna út og hann segir svona við mig: Hvað gerðir þú? ...Hann er kominn langt yfir það þroskamát og alla þá kúrfu sem við vorum búin að gera hérna áður á honum ... Ég segi já þetta var erfitt, þetta var bara stundum á kvöldin þegar hann var sofnaður þá bara grét maður sig í svefn, maður var svo þreyttur og var að hugsa hvort maður væri að gera rétt.

Þegar Trausti og Sif voru spurð um gagnkvæma björgun ættleiddra barna og kjörforeldra þeirra var svarið mjög hreinskilið og áhugavert. Svar Sifjar var einkar fallett.

Nei hún er algerlega einhliða björgun, hún bjargaði okkur. Ekki öfugt, algerlega.

Svarið hjá Trausta var meira hispurslaust.

Nei. Það fer nú bara í taugarnar á mér þegar fólk segir þetta. Já þið björguðu nú barninu. Nei barnið bjargaði okkur. Það hefði bara farið eitthvert annað væntanlega. Þannig að nei við erum ekki að bjarga neinu.

Tinna talar um þau forréttindi að fá að vera foreldri og upplifun sonar síns á Íslandi.

...þetta er alger lúxus að fá að vera foreldri. Ég held að þetta sé bara það skemmtilegasta sem ég hef gert um ævina, alveg sama hvað þau eru gömul. ...En með því erum við að taka hann úr sínu umhverfi, hann sker sig alltaf úr hér. Taka hann úr þar sem hann fellur bara inn í hópinn og er bara einn af ..það getur vel verið að hann hefði bara plummað sig mjög vel, ...það er ekkert víst að við hefðum verið að bjarga honum endilega en ég held að þetta hafi bara verið gagnkvæm þörf.

Geðtengslin við ættleidda barnið

Tengslamyndun tekur mislangan tíma en allir þátttakendur lögðu sig undir til að tengjast nýja barninu sínu. Karítas sér ekki sólina fyrir fjöruga syni sínum.

Hann er svo glaður, hann er alltaf svo lífsglaður og kátur. ...hann er alltaf brosandí. Er með mikið skap svona en samt ...hans leið til að lifa af er að brosa framan í alla og hlægja og fá athygli.

Geðtengsl ættleiddra barna geta verið mjög mismunandi en yfirleitt er talið að því fyrr sem börnin eru ættleidd því meiri líkur séu á því að vel gangi með geðtengslamyndun. Einnig eru dæmi um að barnið tengist meira öðru foreldrinu. Elva og maðurinn hennar lentu í miklum erfiðleikum með dóttur sína.

...svo þurftum við að fara að fylla út einhverja pappíra þarna um kvöldið og ég fór ...og á meðan var pabbi hennar með hana inni í herbergi. Þegar ég kom til baka þá bara talaði hún ekki lengur við mig. Hún bara lokaði á mig algerlega. ...Ég fékk eiginlega ekki að tala við hana fyrr en við komum heim. ...ég mátti horfa á hana og ég mátti tala við hana, ég fékk

alltaf svona svip, ég veit ekkert út af hverju. ...Ég mátti ekki halda á henni, pabbi hennar þurfti liggur við að sofa með hana í fanginu.

Börn Hrafnhildar voru ættleidd á mismunandi aldri og sáust greinileg merki um það í tengslamyndun þeirra við móður sína og föður.

...hún er aldrei að spá í uppruna sínum, ...Hún tengdist mér strax, hún Linda fór bara ekki úr fanginu á mér og hann líka. Þessar martraðir sem hann fékk alltaf á nóttunni þegar hann kom hingað, ég veit ekki hvað það er. Óöryggi ... Hann var bara látinn liggja í rúminu frá því að hann fæddist og þar til hann var 11 mánaða og svo kom hann hingað. Ég held að hann hafi verið svo hræddur um að geta ekki tengst okkur og svo þegar ég fór með ruslið út, þá hljóp hann á eftir mér: Kemur þú aftur heim? Kemur þú aftur heim? Svo fór ég kannski með þvott út á snúru þá hljóp hann á eftir mér: Kemur þú ekki inn aftur? Kemur þú ekki inn aftur?

Börn sem hafa upplifað fyrri hluta ævi sinnar á barnaheimilum eiga oft erfitt með tengslamyndun. Sum börn eiga erfitt með ákveðnar aðstæður löngu síðar eins og sonur Tinnu.

...þegar hann var á barnaheimilinu þá voru bara rúm, rúm, rúm og rúm. Ekkert, það var bara hvítt loftið og heitt þarna inni og hann vissi aldrei hvort hann yrði tekinn upp eða ekki. Hann var bara tekinn upp þegar hann fékk að borða, hann var aldrei tekinn upp til að skipta á honum, það var bara skipt á honum í rúminu. ...Þau fengu að borða á þriggja tíma fresti og einmitt gatið á pelanum var gert mikið stærra til að þetta tæki styttri tíma. Þannig að hann var kannski með óhreina kúkableyju í kannski tvo, þrjá tíma, hræddur og ef hann fékk snuð og missti það fékk hann það ekkert aftur. Kannski börn að gráta, hávaði, viftan í gangi, mikill hiti þannig að ...allur svona hiti og eitthvað snöggt það veldur honum vanlíðan. Hann man ekkert eftir því en innst inni man hann, veit hann að það er óþægileg tilfinning og eitthvað sem veldur honum vanlíðan.

Sonur Trausta og Sifjar átti mjög erfitt með tengslamyndun en hann var ættleiddur 14 mánaða. Þegar þau voru spurð hvort þau myndu gera þetta aftur, þ.e. að ættleiða svona gamalt barn þurftu þau bæði að hugsa sig um. Trausti talaði um skoðun sína og álit á málinu ef aðrir myndu vilja ráðleggingu frá honum.

Ef maður væri að fá fyrsta barn þá myndi maður örugglega taka því vegna þess að maður vissi ekki betur. ...væri það gott ef við segðum fólki frá því nákvæmlega eins og við upplifðum það? ...þetta er akkúrat ráðlegging sem maður hefði viljað fá hérna þegar við vorum í þessu. Bara muninn á þessu öllu saman sko. ...Ég held að fólk sem fær svona barn í hendurnar með

svona vandamál, þetta er ábyggilega hrikalegt. Ef það er ekki búið að undirbúa undir það og kannski er engin þjónusta til að taka á móti því.

Sif tók við í sama streng.

... að fá svona barn í hendurnar aftur? Ég held að ég myndi ekki treysta mér í það. Ef ég á að segja alveg eins og er.

Fyrstu stundirnar með barninu

Það að sameinast loksins og uppfylla draum sinn um fjölskyldu er ómetanlegt. Fyrst um sinn geta tífningarnar verið blendnar og komið getur upp skrýtin aðstaða þegar barnið kemur fyrst í hendurnar. Fyrstu stundir Maríu með Pálínu dóttur sína var yndislegur en einnig bar á ööryggi.

...ég man alveg fyrstu mínúturnar með Pálínu, maður var alveg bara .. hvað ætli hún vilji? Þú náttúrulega þekkir hana ekki neitt sko. En auðvitað ...þetta gekk vel eins og í okkar tilfelli. Þetta er bara búið að vera eilíf hamingja sko, við höfum bara verið mjög heppin og okkur hefur liðið vel...

Kjörforeldrar gleyma aldrei því augnabliki þegar þau sáu og héldu á barninu sínu í fyrsta skipti. Trausti og Sif voru gríðarlega hamingjusöm þegar þau hittu dóttur sína.

Það er ólýsanleg tilfinning. Það er ekki hægt að lýsa því ...Þetta var alveg geðveikt.

...mér fannst hún bara fullkomin, alveg æði. Svo tók maður hana og hún bara kúrði sig alveg að manni. ...ég var náttúrulega þínu hrædd af því að ég fann hvað hún var lasin en það var náttúrulega bara æðislegt að fá hana í fangið. Kófsveitta, pínulítla og lasna.

Elva var búið að bíða eftir því að verða móðir í mjög langan tíma og átti erfitt með sig þegar hún hitti son sinn í fyrsta skipti.

Ahh ég var svo stressuð ..ég titraði öll en strax eftir að maður fékk hann í fangið bara eftir fyrsta dag þá fannst manni bara eins og maður hefði alltaf átt hann. ...það er eiginlega ekki hægt að lýsa því þegar maður fær hann loksins bæði að sjá hann og fær hann í hendurnar. Maður alveg var að springa.

Trausti fór einn til Indlands að sækja son þeirra.

Hann klikkaðist fyrst þegar hann sá mig, alveg bara eins og hann hefði séð draug. Hann varð brjáláður, ...það var einn karlmaður sem hann hafði séð ...Og þegar hann sá mig ..hann kom svona labbandi fyrir hornið í

herbergið, ég sat svona og leit við og þegar hann sá mig þá skalf hann bara og svo út úr herberginu og öskraði alveg.

Ný veröld – nýja fjölskyldan

Við ættleiðingar verður að gera ráð fyrir að það geti komið fram ákveðin sorg bæði hjá kjörforeldrum og börnum þeirra. Kjörforeldrarnir eru að ljúka við og kveðja langan og erfiðan kafla í lífi sínu með því að fá loksins barnið sitt. Eins dásamlegt og það getur verið er ferlið líka erfitt og tekur á að fá ókunnugt barn í hendurnar. Börnin eru líka að kveðja umhverfi sem þau eru vön, fóstrur og önnur börn sem þau muna eftir og fara með ókunnugum foreldrum sínum í nýtt og framandi umhverfi.

Elva eins og margir aðrir kjörforeldrar upplifa sorg hjá börnum sínum. Einnig kemur það fyrir þegar börnunum líður illa að hreyta í foreldra sína að þau eru ekki blóðforeldrar þeirra.

Það koma tímabil þar sem þau eru að spyrja: Af hverju var ég skilin þarna eftir? Af hverju vildu þau mig ekki? Auðvitað koma svona spurningar en maður náttúrulega reynir að svara því...

Þá fær maður stundum: Þú ert ekki mamma mín. Maður lætur það bara inn hérna og hinum megin út sko. ...þá náttúrulega kemur þetta öðruvísi en ef hann væri fæddur af mér. Þá gæti hann náttúrulega ekkert sagt þetta en hann veit að hann getur hugsanlega sært mig með þessu og þá notar hann þetta.

Þegar Tinna er spurð um sorg hjá syni sínum, þá hefur hún fundið fyrir því hjá honum og einnig þessa ögrun með foreldrana þegar honum líður illa.

...auðvitað er þetta höfnun og hann á eftir að finna fyrir því þegar hann verður eldri, ...Hann talar um að honum þætti það rosalega óþægilegt að það væri einhver kona á Indlandi sem saknaði hans eins og ég myndi sakna hans ef að hann færi frá mér. Eins og hann myndi sakna mín ef hann færi frá mér, þessi sorg sko og þessi söknuður. Þannig að hann tók þá ákvörðun þegar hann var yngri að hún væri dái. En hann bara einhvern veginn ákvað það að hún væri dái og þess vegna saknaði hún hans ekki því hún gæti það ekki því hún væri dái.

En hann segir stundum við okkur þegar hann er eitthvað fúll eða eitthvað: Þið eruð ekki foreldrar mínir. Ég á aðra foreldra á Indlandi og það er bara fínt að hann hafi það. En hann talar ekki um það með söknuði heldur meira til að ögra okkur ...

Það að kallast heppin nær nú varla að fanga tilfinningar viðmælenda varðandi draumabörnin sín. Sigurlína og Kormákur lýsa áhrifum sonarins á heimilið.

Þannig að þetta er búið að vera heilmikið ævintýri og miklar breytingar á heimilislífinu á stuttum tíma að hafa einn svona lítinn dekurkarl ...en við teljum okkur hafa unnið í lottóinu.

Tinna talar um að ættleidd börn á Íslandi með öðruvísi litarhátt upplifi sig svolítið sér á báti.

...hann er eini sem er svona. Það eru allir sem horfa á hann, það er alltaf horft á hann. Hann veit að það eru allir að horfa á sig þannig að hann þarf að fara varlega, hann má ekki gera nein mistök og hann má ekki misstíga sig því það eru allir að horfa á hann. ...þeir eru allir eins, hinir krakkarnir, það falla bara allir í skuggann....það horfa allir á hann þannig að þetta er mikil ábyrgð sem hann ber. Þess vegna á tímabili var hann svo hræddur um að gera mistök af því að hann fékk svo mikla athygli.

Umfjöllun um niðurstöður rannsóknarinnar

Rannsóknin fjallar um reynslu þátttakenda af því að greinast með ófrjósemi, upplifunina af því að ættleiða barn og biðtímanum eftir barni til ættleiðingar en tilgangur rannsóknar var að fá fram reynslu þátttakenda af ófrjósemi og ættleiðingu.

Í kaflanum verður fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar en rannsóknarefnið hefur lítið verið skoðað á Íslandi. Erlendar rannsóknir benda til svipaðra niðurstaðna hvað varðar upplifun kjörforeldra um biðina eftir barninu og depurðina sem fylgir ófrjóseminni.

Biðin og þráin eftir barninu

Ímyndin um fjölskylduna er mikilvægari en nokkurn tímann áður í síbreytilegum heimi þar sem alþjóðavæðing nútímans kemur fram með auknar áskoranir fyrir þjóðir, samfélög, fjölskyldur og einstaklinga (Beck-Gernsheim, 2002; Bauman 2003).

Hjá kjörfjölskyldum er missir oft algeng upplifun fyrir bæði kjörforeldra og kjörbarnið. Hafa þarf í huga að sorg getur fylgt ástinni í þessum tilfellum vegna þess að oft syrgja kjörforeldrar það að geta ekki gengið með og eignast sín líffræðilegu börn. Kjörbarnið syrgir það að hafa verið gefið frá foreldrum sínum, syrgir umhverfi sitt og það fólk sem annaðist barnið á barnaheimilinu. Það að verða foreldri barns er eitt af algengustu grundvallar forsendum sem meirihluti karla og kvenna gera á unga aldri varðandi framtíð sína. Purewal og van den Akker (2007) gerðu eigindlega rannsókn til að meta hvað foreldrahlutverkið þýddi fyrir 13 breska einstaklinga af báðum kynjum, á ýmsum aldri, og með ólíkan menningarlegan bakgrunn. Þátttakendurnir deildu þeirri skoðun að foreldrahlutverkið væri náttúrulegt, kærkomið og endurspeglaði óeigingirni og fórnfýsi. Þetta rímar mjög vel við reynslu þátttakenda í þessari rannsókn en bæði þátttakendur og börnin þeirra upplifuðu sorg á einhverjum tímapunkti.

Börnin áttu oft erfitt með að takast á við það að hafa verið gefin eða skilin eftir. Þátttakendur voru flestir búnir að snúa baki við ófrjósemisferlið og gera upp tilfinningar sínar áður en þau gáfu sig öll í ættleiðinguna. Flestir töluðu um sátt við umskiptin og þótti foreldrahlutverkið dásamlegt, þegar að því kom.

Helstu tímamót og þáttaskil í tengslum við ófrjósemi

Fyrir þátttakendur var ófrjósemi lífskrísa meðal annars vegna þess að fólk gerir ráð fyrir því að geta eignast börn á venjulegan hátt eins og aðrir og því kemur ófrjósemin fólki að óvörum eins og Becker (1990) hefur einnig lýst. Oft er ekki hægt að útskýra til fullnustu hvers vegna ófrjósemin er tilkomin sem gerir ástandið verra. Sökum þess getur ófrjósemi valdið yfirþyrmandi álagi á viðkomandi og bjargráð hans og leitt til sorgar og jafnvel samviskubits eins og fram kom í rannsókninni og það rímar við greiningu Forrest og Gilbert (1992).

Þegar glasafrjóvgunarmedferð mistekst getur það leitt til depurðar, þunglyndis og annarra vandamála. Þátttakendurnir í þessari rannsókn sem gengu í gegnum misheppnaða glasafrjóvgun voru oft ákveðnir í því að þeir gætu komist yfir tilfinningar sínar og fannst þeir nógu öryggir til að takast á við líðan sína. Þetta rímar við rannsóknarniðurstöður Chochovski, Moss og Charman (2013) sem gerðu meginlega rannsóknin á 184 konum sem höfðu farið í glasafrjóvgunarmedferð sem misheppnuðust. Rannsókn þeirra leiddi í ljós að strax eftir að meðferðin mistókst, var seigla í einstaklingunum og ákveðni sem hélt aftur af upplifaðri þjáningu þeirra. Gæði hjónabands kvennanna eflði þær og hjálpaði við að takast á við áfallið.

Ættleiðingarferlið

Það að verða kjörforeldri er ferli sem hefst þegar tekin er ákvörðun um að sækja um barn til ættleiðingar og endar þegar barnið kemur heim og verður hluti af fjölskyldunni (Frank, 1994).

Þátttakendur í þessari rannsókn lýstu þessu ferli. Fram kom að börn sem alast upp á stofnun eru berskjölduð fyrir umhverfi þar sem eðlileg örvun, nærandi og gefandi umönnun er oft af skornum skammti. Sem afleiðing af þessum aðstæðum er grunnþörfum barna fyrir eðlilegan líkamlegan og sálfræðilegan þroska ekki mætt eins og fram kemur einnig hjá Bakermans-Kranenburg o.fl. (2012). Fjöldi barna á hvern umönnunaraðila á barnaheimili er mikill og vegna þess er umönnun veitt eftir rúttínu og oft með lítilli hlýju. Stutt viðvera, óæskilegt starfsmannamynstur með mikilli endurnýjun og of mörg börn á hvern umönnunaraðila sviptir börnum tíðum samskiptum við traustan og stöðugan umönnunaraðila sem er nauðsynlegt fyrir eðlilega vitsmunalega, félagslega og tilfinningalega þróun eins og fram kom hjá þátttakendum og rímar við niðurstöður Van Ijzendoorn o.fl. (2011). Tirella, Tickle-Degnen, Miller og Bedell (2012) gerðu eigindlega rannsókn á níu foreldrum sem höfðu ættleidd börn en tilgangur rannsóknarinnar var að lýsa styrk, áskorunum og stefnu þeirra við að ala upp börn sem nýlega höfðu verið ættleidd frá öðru landi. Félagsglegar og tilfinningalegar þarfir barnsins voru metnar svo og skynjunarferli barnsins og álag á foreldrana. Allir foreldrarir í rannsókninni töluðu um að hafa lent í áskorunum með þarfir barnsins hvað varðaði svefn, fæðu, tengslamyndun og að hugga barnið. Jafnvel þó að margar af fjölskyldunum lýstu kjörbarni sínu sem áskorun við daglegt líf, töluðu kjörforeldrarir um að þeir gætu og hefðu náð að búa til árangursrík úrræði og bjargráð til að takast á við þessa umræddu hegðun hjá börnunum. Þetta rímar við reynslu þátttakendanna í þessari rannsókn.

Ættleiðingar síðari ára hafa sýnt að ættleidd börn eru eldri en áður og fjölgun er á ættleiddum börnum með skilgreindar þarfir og gert er ráð fyrir að sá fjöldi aukist með árunum. Ævinlega ber að hafa í huga við ættleiðingar þann veruleika og aðstæður sem ættleidd börn hafa kynnst. Þessi börn hafa öll upplifað missi þegar þau voru aðskilin frá fjölskyldu sinni jafnvel þó að þau hafi verið lítil á þeim tíma. Þessi áhrif geta komið fram í tengslamyndun þeirra, samskiptum og þroska (Hrefna Friðriksdóttir, 2011). Erfiðleikar með tengslamyndun ættleiddra barna er af ýmsum ástæðum. Helst má nefna að á barnaheimilum eru margir umönnunaraðilar. Börnin sjá oft ekkert

samræmi í því hver kemur næst til þeirra, yfirleitt er ör starfsmannavelta á barnaheimilum og oft eru reglur sem segja að umönnunin megi ekki vera of nán til að forðast að barnið myndi of mikla nánd við starfsfólkið. Sökum þess er erfitt fyrir barnið að mynda sterka tengingu við einhvern einn aðila. Ef þessar aðstæður eru langvarandi geta þær haft afleiðingar fyrir þroska barnsins, til dæmis eftt óæskilega hegðun og seinkað tilfinningalegum og félagslegum þroska (United Nations, 2009). Boele-Wolki o.fl. (2007) gerðu rannsókn á nokkrum góðum barnaheimilum í Evrópu. Niðurstöður leiddu í ljós að börnin höfðu komist í kynni við að meðaltali 24 mismunandi umönnunaraðila fyrir tveggja ára aldurinn og að meðaltali 50 umönnunaraðila fyrir 4 og hálfis árs aldur. Á þessu sömu stofnunum, líkt og á mörgum barnaheimilum, var reynt að koma í veg fyrir nán persónuleg sambönd í því skyni að forðast sársaukafullan aðskilnað fyrir bæði börnin og starfsfólkið.

Geðtengslin við ættleidda barnið

Foreldrunum í rannsókninni varð tíðrætt um hvernig best væri að stuðla að góðum tengslum milli foreldra og barns, en hvað eru geðtengsl?

Í geðtengslakenningu Bowlby (1988) er lögð áhersla á að geðtengsl séu fyrstu félagslegu böndin milli barna og foreldra. Bowlby setti fram kenninguna um geðtengsl eftir að hafa fylgst með börnum sem höfðu upplifað langan aðskilnað frá foreldrum sínum. Geðtengsl eru í raun tilfinningatengsl milli barna og foreldra þar sem báðir aðilar sækjast í nánd hins. Geðtengsl eru talin vera mjög mikilvæg fyrir barnið hvað varðar almenna geðheilsu, persónulegan þroska og velferð. Geðtengslaröskun, eða „attachment disorder“, er algeng meðal ættleiddra barna en röskunin veldur því að barnið hefur skerta getu til að mynda geðtengsl við aðra. Oft er það sökum þess að barnið er lengi viðskila við foreldri sitt. Að sögn Bowlby reyna öll börn að mynda geðtengsl við einn eða nokkra aðila umfram aðra og oftast við þann sem annast barnið mest. Í kenningu Bowlby um geðtengsl barna kemur fram að það öryggi sem tengslin færa barninu sé grunnur að öllum samskiptum þess í framtíðinni. Geðtengsl milli kjörforeldra og ættleiddra barna þeirra er því gríðarlega mikilvægt ferli. Í dag er mikið

lagt upp úr því að kjörforeldrarnir einangri sig í fyrstu með barnið til að efla tengslamyndun. Félag Íslenskrar ættleiðingar býður væntanlegum kjörforeldrum upp á fræðslu með nánustu fjölskyldu til að útskýra nánar ferlið þegar heim er komið með barnið og af hverju þessi einangrun í byrjun sé svona mikilvæg. Ættleidd börn hafa upplifað mikið umrót og marga umönnunaraðila fyrstu mánuði og ár ævi sinnar og þurfa því aðlögunartíma með foreldrum sínum.

Í rannsókninni upplifðu þrír foreldrar geðtengslaröskun við barnið sitt. Dóttir einnar konunnar lokaði algerlega á móður sína meðan hún tengdist föður sínum mjög vel og nær eingöngu. Sonur eins parsins í rannsókninni tengdist þeim ekkert og fór á eftir hverjum sem hann sá og skipti hann engu máli hver hugsaði um hann. Því eldri sem börn eru við ættleiðingu, því meiri líkur virðast vera á að erfiðleikar komi fram varðandi geðtengsl og jafnvel geðtengslaröskun. Þetta rímar við rannsókn Barcons o.fl. (2012) sem rannsökuðu félagsleg sambönd hjá 116 börnum sem höfðu verið ættleidd til Spánar. Niðurstöður sýndu að marktækur munur var á tengslamynstri barnanna og fór það aðallega eftir því frá hvaða landi börnin komu. Því eldri sem börnin voru við ættleiðingu, því neikvæðari voru áhrifin á félagsleg samskipti þeirra og félagslegan kvíða. Niðurstöður sýndu einnig að börn sem voru ættleidd frá Austur-Evrópu áttu í meiri erfiðleikum með að þróa félagsleg sambönd en börn sem ættleidd voru frá Asíu og Afríku. Þegar börnin voru borin saman varðandi félagslegan kvíða, virtust börnin frá Austur-Evrópu upplifa meira álag og streitu en börn frá Asíu, Afríku og Suður-Ameríku.

Samkvæmt Johnson (2002) hefur ættleiðing ætíð verið góð leið til að tryggja afkomu fyrir þau börn sem foreldrar vilja ekki eða geta ekki alið önn fyrir. Fyrir börn sem hafa orðið fyrir alvarlegri vanrækslu eða misnotkun snemma á lífsleiðinni er kjörfjölskylda gott umhverfi til að græða tilfinningaleg og líkamleg áföll og snúa við þeim skorti sem kjörbörn hafa orðið fyrir. Framfarir hjá kjörbörnum sem hafa verið alin upp á barnaheimilum fyrri hluta ævi sinnar, varpar ljósi á þau öfluggu og jákvæðu áhrif fjölskyldunnar í enduruppbyggingu vaxtar, getu og hæfileika sem hafa tapast eða eru vanþróuð vegna fyrri skorts.

Í heildina séð fannst foreldrunum í þessari rannsókn áhrif ættleiðingarinnar á fjölskylduna vera mjög eða að mestu leyti jákvæð.

Þetta rímar við rannsókn Groze og Ileana (1996) sem lögðu könnun fyrir 68 kjörforeldra. Niðurstöður leiddu í ljós að 91% foreldranna fannst að í heildina væru áhrif ættleiðingarinnar á fjölskylduna mjög eða að mestu jákvæð og 93% foreldranna hugsuðu aldrei um það að hætta við ættleiðinguna. Aðeins 3% þátttakenda fundu fyrir neikvæðri upplifun að mestu eða mjög miklu leyti varðandi ættleiðinguna og hugsuðu um að hætta við ættleiðinguna oft eða mestan hluta tímans.

Stuðningur og stuðningsleysi í tengslum við ættleiðingu

Stuðningur og stuðningsleysi við þátttakendur kom fyrir í ýmsum myndum. Þátttakendur minntust í nokkrum tilvikum á ungbarnaverndina og heilsugæsluna. Tvær konur í rannsókninni töluðu um að hafa ekki fengið stuðning frá þeim og upplifuðu afskiptaleysi varðandi börnin sín.

Margir þátttakendur fundu fyrir erfiðleikum eftir að heim var komið, einhverjir fundu fyrir depurð eða þunglyndi en voru aldrei spurð um líðan, hvorki af heilbrigðisþjónustunni né Félagi Íslenskrar ættleiðingar. Aðrir lokuðu á erfiðleikana og settu alla sína orku í nýja barnið. Eitt parið bjó sér til stuðningshóp með öðrum kjörforeldrum sem voru í bið eftir barni frá sama landi og hjálpaði það þeim mikið að fá stuðning frá öðrum í svipaðri stöðu.

Langflestir þátttakendur hefðu hinsvegar viljað aukinn stuðning eftir að heim var komið með barnið. Atkinson og Gonet (2007) könnuðu þjónustubörf hjá 500 fjölskyldum í Virginíu í Bandaríkjunum eftir ættleiðingu barns. Niðurstöðurnar sýndu að fjölskyldurnar vildu auknar upplýsingar og ráðgjöf varðandi ættleiddu börnin sem er í samræmi við þarfir þátttakenda í þessari rannsókn. Einna gagnlegust þjónusta eftir ættleiðingu er sú sem býður upp á samansafn þjónustu sem er aðgengileg og sveigjanleg fyrir fjölskyldur til að notfæra sér í samræmi við þarfir sínar um langan tíma þar sem ættleiðing er ævilöng og fram geta komið erfiðleikar hvenær sem er.

Íslensk ættleiðing hyggst opna á árinu 2014-2015 nokkurs konar leikskóla. Félagið verður ekki með leikskólakennara heldur er þetta hugsað sem stuðningsúræði þar sem fjölskyldan kemur saman í ákveðið ferli sem getur verið aðlögun að leikskóla. Meðan á þessu

stendur mun starfsfólk vera með augu og eyru opin til að hægt sé að koma með íhlutun strax ef þurfa þykir. Þessi meinti leikskóli á engan sinn líkan í heiminum í dag. Einnig eru uppi hugmyndir um að kjörfjölskyldan komi í skylduheimsóknir að minnsta kosti tvisvar sinnum eftir að heim er komið með barnið til að ná að fylgjast betur með hvernig gengur og til að bjóða kjörforeldrum aðstoð með barnið. Félagið ætlar einnig að beina auknum kröftum að barna- og unglíngastarfi sínu til að fræða og styrkja eldri ættleidd börn (Kristinn Ingvarsson munnleg heimild, 2014). Kanna mætti betur þjónustu heilbrigðisyfirvalda við ættleidd börn og hvort heilbrigðisstarfsfólk sé menntað og í stakk búið til að sinna fræðslu og eftirliti með ættleiddum börnum. Smit (2010) gerði eigindlega lýsandi rannsókn til að kanna reynslu kjörforeldra af samskiptum við heilbrigðisþjónustu varðandi ættleiddu börnin sín. Rætt var við 107 foreldra á aldrinum 26 – 57 ára en börnin voru á aldrinum 7 mánaða til 15 ára. Niðurstöður sýndu að kjörforeldrar upplifðu miklar breytingar á stuttum tíma þegar þeir ættleiddu barnið sitt. Jafnvel þó að margar fjölskyldur hafi verið búnar að gera ráð fyrir komu barnsins í marga mánuði, og jafnvel ár, var atburðurinn sjálfur erfiður, áskorun fyrir alla og hafði í för með sér mikla breytingu í lífi kjörforeldra og aðstandenda þeirra. Barnið hafði venjur sem foreldrarnir þekktu ekki, talaði annað tungumál og var sorgmætt yfir að fara frá fólkinu sem það kannaðist við og úr sínu umhverfi. Margar fjölskyldur höfðu litlar eða engar upplýsingar um líffræðilega foreldra barnsins og heilsufarssögu þeirra, en kjörforeldrar höfðu áhyggjur af heilsu barnsins nú og í framtíðinni sem þýddi aukið óöryggi og álag. Heilbrigðisstarfsfólk sem sýndi þekkingu og stuðning við alþjóðlega ættleidd börn hafði marktæk áhrif á reynslu kjörfjölskyldna af heilbrigðisþjónustunni. Ályktun Smit (2010) er að kjörforeldrar hafi sértæka þörf fyrir upplýsingar og stuðning sem hægt væri að mæta af heilbrigðisþjónustu þeirra strax eftir ættleiðinguna og einnig síðar. Þegar þessum þörfum kjörforeldra er mætt finnst þeim þeir vera betur færir um að uppfylla þarfir fjölskyldu sinnar. Niðurstöður þessarar rannsóknar styðja þetta eindregið.

Ættleiðingarþunglyndi er hugtak sem var sett fram árið 1995 af June Bond. Ástandið getur komið fram í kjölfar ættleiðingar barns og getur verið misalvarlegt líkt og fæðingarþunglyndi. Einkenni

ættleiðingarþunglyndis eru depurð, óöryggi, kvíði, framtaksleysi og jafnvel sektarkennd. Ættleiðingarþunglyndi er þó ólíkt fæðingarþunglyndi að því leyti að það getur komið fram strax og kjörbarnið kemur á heimilið eða mörgum árum síðar og varir stundum í fleiri ár (Macrae, 2006).

Oft á tíðum upplifa kjörforeldrar sorg en aðallega vegna ófrjóseminnar þegar þau þurfa að sættast við það að geta ekki gengið með og eignast líffræðilegu börnin sín. Ef kjörforeldrar ná að útkljá tilfinningar sínar og gera upp þessa sorg gengur þeim almennt betur að aðlagast kjörforeldra hlutverki sínu og ættleidda barninu. Ef sorgin er ekki gerð upp eru meiri líkur á ættleiðingarþunglyndi og að ættleidda kjörbarnið sé aðeins uppbót fyrir barnið sem varð aldrei (Valgerður Baldursdóttir, 2009).

Fjárhagslegar hliðar ófrjósemi og ættleiðinga

Samkvæmt framkvæmdastjóra Félags Íslenskrar ættleiðingar er kostnaðarviðmið ættleiðingar um þrjár milljónir. Kostnaður í ófrjósemisferlinu er svo annað, en meðferðirnar þar kosta hundruð þúsunda.

Þegar þátttakendur voru spurðir um kostnaðarhlið ættleiðingar og ófrjósemismeðferða, voru svörin yfirleitt svipuð. Ferlin voru bæði mjög dýr en flestir þátttakendur voru búnir að gleyma hvað þetta kostaði mikið. Þau vildu ekki leiða hugann að því en ljóst var að kostnaðurinn var mikill. Talsverður kostnaður fer í ferðalagið erlendis en það er upplifun sem enginn þátttakenda hefði viljað missa af. Einum þátttakanda var minnisstætt að hafa átt kostnaðar umræðu varðandi ættleiðinguna við ömmu sína sem bað hann um að setja kostnaðinn í samhengi við annan kostnað eins og bíl og sófasett. Eitt parið talaði um að vera stillt upp við vegg þegar kæmi að flestu í forsamþykkisferlinu. Aldrei mátti segja neitt eða spyrjast fyrir um kostnað þar sem allt þetta ferli myndi leiða til þess að þau fengju barnið sitt. Þau voru stopp í ferlinu í marga mánuði vegna sálfræðiprófs sem gerð er krafa um en enginn á Íslandi kunnir að taka. Kostnaðurinn við prófið var um 100.000 krónur.

Þátttakendur tóku þá ákvörðun um að gefa sig öll í ferlið og eins og eitt parið talaði um þá frestuðu þau öðrum hlutum á meðan og tóku

ákvörðun um að láta kostnaðinn ekki standa í vegi fyrir draumi sínum um fjölskyldu.

Notagildi rannsóknarinnar og lokaorð

Í þessum kafla verður fjallað um notagildi rannsóknarinnar fyrir heilbrigðisvísindi og tillögur settar fram varðandi framtíðarrannsóknum.

Notagildi rannsóknar og tillögur að framtíðarrannsóknum

Markmið rannsakanda með rannsókninni var að efla þekkingu og dýpka skilning á reynslunni af ófrjósemi og ættleiðingum á Íslandi. Þátttakendur rannsóknarinnar voru á öllum aldri og hafa þurft að hafa mikið fyrir því að stofna fjölskylduna sína sem öðrum kann að þykja auðvelt og jafnvel sjálfsagt.

Að mati rannsakanda þarf hópurinn aukna athygli samfélagsins og efla þarf stuðning fyrir og eftir ættleiðingu. Mikilvægt er að efla þekkingu almennings um ættleiðingar á Íslandi með auknum umræðum. Einnig þarf að efla stuðning frá heilbrigðisþjónustunni tengt þeim einstaklingum sem glíma við ófrjósemi og eftirlit með ættleiddum börnum til landsins og stuðning við foreldra þeirra.

Rannsóknin getur nýst einstaklingum sem eru í sömu stöðu og þátttakendur, glíma við ófrjósemi eða hugleiða ættleiðingu. Rannsakandi vonast til að niðurstöður rannsóknarinnar verði hvatning til frekari rannsókna og að niðurstöðurnar auki og dýpki skilning og þekkingu almennings á málefnum ættleiðinga. Hvað varðar heilbrigðisvísindi eru háskólarnir góður staður til að fjalla um ófrjósemi og ættleiðingar og hægt er að efla þekkingu og fræðslu með kennslu. Þar sem fáar íslenskar rannsóknir hafa verið gerðar á upplifun kjörforeldra af því að bíða eftir barni til ættleiðingar, telur rannsakandi að hægt sé að gera betur og rannsaka málefnið frekar. Hægt væri að skoða nánar lagalegu hliðarnar, eins og hvernig væri hægt að flýta fyrir forsamþykkisferlinu á Íslandi? Er til dæmis hægt að flytja málaflokkinn frá sýslumannsembættunum?

Lokaorð

Ófrjósemi þarfnast frekari umfjöllunar í samfélaginu ásamt ættleiðingum þar sem það er fyrir marga eina leiðin til að eignast börn. Það að greinast með ófrjósemi og fara í gegnum ítrekaðar meðferðir þar sem ekkert virkar reynir verulega á einstaklinginn. Það er þó ekki endirinn því hjá mörgum tekur við ættleiðingarferli sem er mjög langt og kostnaðarsamt.

Ættleiðingarheimurinn erlendis er óruggur og ljóst er að það sem er öruggt í dag verður það ekki endilega á morgun. Biðtíminn eftir barni var mislangur en frásögn þátttakenda endurspeglar það gríðarlega óöryggi og vanlíðan sem biðin felur í sér þar sem engin haldbær svör fást um komu barnsins. Stuðningur og fræðsla eru gríðarlega mikilvæg og stuðningshópar einstaklinga í sömu stöðu hafa reynst vel. Ljóst er að mörg munaðarlaus börn vantar foreldra en jafnframt fylgir ættleiðingum flókin og mikil lagaumgjörð og samningar sem þarf að uppfylla. Hinsvegar verður að athuga það að á meðan líður tíminn, börnin eldast og eru þess vegna síður ættleidd, kjörforeldrar eldast og detta út af ættleiðingarlistum. Ættleiðingarferlið má aldrei verða í óhag barns og uppfylla verður lög í hvívetna en ljóst er engu að síður að ferlið er of langt og þungt og verður að breytast, með hag allra að leiðarljósi.

Heimildir

- Abbey, A., Andrews, F. M. og Halman, L. J. (1991). Gender's role in response to infertility. *Psychology of Women Quarterly*, 15, 295 - 316.
- Alþingistíðindi. (1998-1999). 123. löggjafarþing. A. Þingskjöl, bls. 2835-2849.
- American Infertility Association. (2003). *When having a baby takes a little more work*. Sótt 19. janúar. 2014 af http://www.FocusOnFertility.org/pdf/working_women.pdf
- Art Medica. (e.d.a). *Gjaldskrá*. Sótt 2. mars 2014 af <http://www.artmedica.is/id/402>
- Art Medica. (e.d.b). *Barnleysi- meðferð með tæknifrjógvun*. Sótt 15. mars 2014 af <http://artmedica.is/id/1000013>
- Art Medica. (e.d.c). *Sögulegt yfirlit*. Sótt 2. mars 2014 af <http://artmedica.is/id/406>
- ASRM (Practice Committee of the American Society for Reproductive Medicine). (2008). Definitions of infertility and recurrent pregnancy loss, *Fertility and Sterility*, 89, 1603.
- Atkinson, A. og Gonet, P. (2007). Strengthening adoption practice: Listening to adoptive families. *Child Welfare*, 86(2), 87-104.
- Bakermans-Kranenburg, M. J., McCreery-Bunkers, K., Dobrova-Krol, N. A., Engle, P., Fox, N. A., Gamer, G. o.fl. (2012). The development and care of institutionally reared children. *Child Developmental Perspectives*, 6, 174–180.
- Barcons, N., Abrines, N., Brun, C., Sartini, C., Fumadó, V. og Marre, D. (2012). Social relationships in children from intercountry adoption. *Children and Youth Services Review*, 34, 955-961.
- Bauman, Z. (2003). *Liquid love: On the frailty of human bonds*. Cambridge: Polity Press.
- Beck-Gernsheim, E. (2002). *Reinventing the family: In search of new lifestyles*. Cambridge: Polity Press.
- Becker, G. (1990). *Healing the infertile family*. New York: Bantam Books.

- Berger, R., Paul, M. S. og Henshaw, L. A. (2013). Women's experience of infertility: A multisystemic perspective. *Journal of International Women's Studies*, 14, 53-68.
- Blackstone, E. A., Buck, A. J., Hakim, S. og Spiegel, U. (2008). Market segmentation in child adoption. *International Review of Law and Economics*, 28, 220-225.
- Boele-Woelki, K., Ferrand, F., González-Beilfuss, C., Jänterä- Jareborg, M., Lowe, N., Martiny, D. o.fl. (2007). *Principles of European family law regarding parental responsibilities*. *European Family Law*, 16. United Kingdom: Intersentia.
- Bowlby, J. (1988). Developmental psychiatry comes of age. *The American Journal of Psychiatry*, 145, 1-10.
- Chadwick, K. A. (1999). The politics and economics of intercountry adoption in Eastern Europe. 5. *Journal of International Legal Studies*, 113, 140.
- Chochovski, J., Moss, S. A. og Charman, D. P. (2013). Recovery after unsuccessful *in vitro* fertilization: The complex role of resilience and marital relationships. *Journal of Psychosomatic Obstetrics & Gynecology*, 34, 122-128.
- Daniluk, J. C. (1997). Gender and infertility. Í S. R. Leiblum (ritstj.), *Infertility: Psychological issues and counseling strategies* (bls. 103-128). New York: Wiley.
- Deveraux, L. L. og Hammerman, A. J. (1998). *Infertility and identity: New strategies for treatment*. San Francisco: Jossey-Bass.
- European Parliament. (2008). *The EU Parliament Resolution: Towards an EU strategy on the rights of the child*. Sótt 1. mars 2014 af <http://www.europarl.europa.eu/sides/getDoc.do?type=TA&reference=P6-TA-2008-0012&language=EN>
- Familiestyrelsen. (2009). *Orientering om Familiestyrelsens adoptionsforberedende kurser*. Denmark: Familiestyrelsen.
- Fontana, A. og Frey, J. H. (2000). The interview: From structured questions to negotiated text. Í N. K. Denzin og Y. S. Lincoln (ritstj.), *Handbook of qualitative research* (2. útg.) (bls. 645- 672). Thousand Oaks; CA: Sage.
- Forrest, L. og Gilbert, M. S. (1992). Infertility: An unanticipated and prolonged life crisis. *Journal of Mental Health Counseling*, 14, 42-58.
- Frank, S. L. (1994). *Waiting for adoption: Coping with uncertainty*. Kanada: University of British Columbia.

- Franklin, R. og Brockman, D. (1990). *In pursuit of fertility: A consultation with a specialist*. New York: Henry Holt.
- Goverde, A. J., McDonnell, J., Vermeiden, J. P., Schats, R., Rutten, F. F. og Schoemaker, J. (2000). Intrauterine insemination or in-vitro fertilisation in idiopathic subfertility and male subfertility: A randomised trial and cost-effectiveness analysis. *The Lancet*, 355, 13-18.
- Gross, M. (2014). Where next for China's population policy? *Current Biology*, 24, 97-100.
- Groze, V. og Ileana, D. (1996). A follow-up study of adopted children from Romania. *Child and Adolescent Social Work Journal*, 13, 541– 565.
- Hagtíðindi. (2005). *Mannfjöldi. Fæðingar á Íslandi 1871-2004, Births in Iceland 1871-2004*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Helga Jónsdóttir. (2013). Viðtöl í eiginlegum og meginlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 137-153). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Hellerstedt, W. L., Madsen, N. J., Gunnar, M. R., Grotevant, H. D., Lee, R. M. og Johnson, D. E. (2008). The international adoption project: Population-based surveillance of Minnesota parents who adopted children internationally. *Maternal and Child Health Journal*, 12, 162-171.
- Hrefna Friðriksdóttir. (2011). *Ættleiðingar á Íslandi – í þágu hagsmuna barns*. Reykjavík: Innanríkisráðuneytið.
- Hynie, M. og Burns, L. H. (2006). Cross-cultural issues in infertility counseling. Í L. H. Burns og S. N. Covington (ritstj.), *Infertility counseling: A comprehensive handbook for clinicians* (bls. 61- 83). New York: Cambridge University Press.
- Imeson, M. og McMurray, A. (1996). Couples' experiences of infertility: A phenomenological study. *Journal of Advanced Nursing*, 24(5), 1014-1022.
- Innanríkisráðuneytið. (2009). *Upplýsingar um ættleiðingar og ættleiðingarfélög*. Sótt 11. mars 2014 af [http://www.innanrikisraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/aettleiðing ar/upplýsingar/nr/6716](http://www.innanrikisraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/aettleiðing-ar/upplýsingar/nr/6716)
- Innanríkisráðuneytið. (2011). *Áfangaskýrsla. Starfshópur innanríkisráðherra um stefnumótun í ættleiðingarmálum*. Sótt 4. febrúar 2014 af [http://www.innanrikisraduneyti.is /media/frettir-2012/Starfshopur-um-stefnumotun-i-aettleiðingarmalum---Afangaskýrsla.pdf](http://www.innanrikisraduneyti.is/media/frettir-2012/Starfshopur-um-stefnumotun-i-aettleiðingarmalum---Afangaskýrsla.pdf)

- Isadopt.is (e.d.a). *Annad danska aettleiðingarfélagið missir starfsleyfi tímabundið*. Sótt 14. janúar 2014 af <http://www.isadopt.is/is/moya/news/annad-danska-aettleiðingarfelagid-missir-starfsleyfi-timabundid>
- Isadopt.is (e.d.b). *Félagið*. Sótt 14. janúar 2014 af <http://www.isadopt.is/>
- Isadopt.is (e.d.c). *Samstarfslönd Íslenskrar aettleiðingar*. Sótt 14. janúar 2014 af <http://www.isadopt.is/is/lond>
- Íslenska alfræðiorðabókin*. (2011). Dóra Hafsteinsdóttir og Sigríður Harðardóttir (ritstjórar). Reykjavík: Örn og Örlygur.
- Íslensk orðabók*. (1993). Árni Böðvarsson (ritstjóri). Reykjavík: Mál og Menning.
- Johnson, D. E. (2002). Adoption and the effect on children's development. *Early Human Development*, 68, 39-54.
- Kane, S. (1993). The movement of children for international adoption: An epidemiologic perspective. *Social Science Journal*, 30, 323-339.
- Kvale, S. (1996). *InterViews. An introduction to qualitative research interviewing*. California: Sage.
- Lagasafn. (2009). *Íslensk lög 136a*. Reykjavík: Alþingi.
- Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000*.
- Lög um aettleiðingar nr. 130/1999 með áorðnum breytingum 65/2006, 69/2006, 143/2006, 51/2008, 65/2010, 162/2010 og 126/2011*.
- Macrae, S. (2006). Post Adoption Depression Syndrome. What it is and one mother's experience. Í J. MacLeod og S. Macrae (ritstj.), *Adoption parenting: Creating a toolbox, building connections* (bls. 62-67). New Jersey: EMK Press.
- Munson, R. (2000). *Intervention and reflection: Basic issues in medical ethics* (6. útg.). Belmont: Wadsworth-Thompson Learning.
- Nachtigall, R. (2006). International disparities in access to infertility services. *Fertility and Sterility*, 85, 871-875.
- NOU. (2009). *Adopsjon-til barnets beste: En utredning om de mange ulike sidene ved adopsjon, 21*. Norway: Norges offentlige utredninger.
- Post, R. (2007). *Romania – for export only: The untold story of the Romanian 'orphans'*. Amsterdam: EuroComment Diffusion.

- Purewal, S. og van den Akker, O. (2007). The socio-cultural and biological meaning of parenthood. *Journal of Psychosomatic Obstetrics & Gynecology*, 28, 79-86.
- Ragnheiður Inga Bjarnadóttir. (2013). Frá Félagi íslenskra fæðinga- og kvensjúkdómalækna - Ísland í evrópskum spegli. *Læknablaðið*, 10, 486.
- Reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðisviði* nr. 552/1999.
- Reglugerð um ættleiðingar* nr. 238/2005.
- Rosenberg, H. og Epstein, Y. (1999). *Infertility is stressful*. Sótt 20. janúar 2014 af http://www.gettingpregnantbook.com/infertility_is_stressful.htm.
- Selman, P. (2009a). From Bucharest to Beijing: Changes in countries sending children for international adoption 1990 to 2006. Í G. M. Wrobel og E. Neil (ritstj.), *International advances in adoption research for practice* (bls. 41-70). New York: Wiley-Blackwell.
- Selman, P. (2009b). Intercountry adoption: Research, policy and practice. Í G. Schofield og J. Simmonds (ritstj.), *The child placement handbook: Research, policy and practice* (bls. 276-303). London: BAAF.
- Selman, P. (2009c). The rise and fall of intercountry adoption in the 21st century. *International Social Work*, 52, 575-594.
- Sigríður Halldórsdóttir (2013). Fyrirbærafraði sem rannsóknaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 281-297). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigurður Kristinsson (2013). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 71-88). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2013). Eigindlegar eða meginlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 229-237). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Smit, E. M. (2010). International adoption families: A unique health care journey. *Pediatric Nursing*, 36(5), 253-258.
- SOU. (2009). *Modernare adoptionsregler*, 61. Sweden: Statens Offentliga Utredningar.
- Sóley S. Bender (2013). Samræður í rýnihópum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 299-312). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

- Tanbo, T., Kjekshus, E., Dale, P. O., Storeng, R., Lunde, O., Magnus, O. o.fl. (1998). Intracytoplasmic sperm injection. *Tidsskrift for den Norske Laegeforening*, 118, 864-869.
- Tilvera. (e.d.). *Tilvera: Samtök um ófrjósemi*. Sótt 20. febrúar 2014 af <http://www.tilvera.is/>
- Tirella, L. G., Tickle-Degnen, L., Miller, L. C. og Bedell, G. (2012). Parent strategies for addressing the needs of their newly adopted child. *Physical & Occupational Therapy in Pediatrics*, 32, 97-110.
- United Nations. (2009). *Child adoption: Trends and policies*. New York: United Nations.
- U.S. Department of Health and Human Services. (2008). *Adoption and foster care statistics*. Sótt 16. febrúar 2014 af http://www.acf.hhs.gov/programs/cb/stats_research/index.htm#afcars
- U. S. Department of Health & Human Services. (2009). *Code of federal regulations: Protection of human subjects*. Sótt 1. febrúar 2014 af <http://www.hhs.gov/ohrp/humansubjects/guidance/45cfr46.html>
- Valgerður Baldursdóttir. (2009). *Mikilvægi geðtengsla*. Í Sigrún María Kristinsdóttir (ritstjóri), *Óskabörn* (bls. 48-55). Reykjavík: Salka.
- Van Ijzendoorn, M. H., Palacios, J., Sonuga-Barke, E. J. S., Gunnar, M. R., Vorria, P., McCall, R. B. o.fl. (2011). Children in institutional care: Delayed development and resilience. *Monographs of the Society for Research in Child Development*, 76, 8–30.
- Wechsler, R. J. (2009). *Giving every child a chance: The need for reform and infrastructure in intercountry adoption policy* (bls. 1-43). Pennsylvania: University of Pennsylvania: Selected works of Rachel J. Wechsler.
- Whiteford, L. M. og Gonzalez, L. (1995). Stigma: The hidden burden of infertility. *Social Science & Medicine*, 40, 27-36.
- Whiteford, L. M. og Poland, M. L. (ritstj.). (1990). *New approaches to human reproduction: Social and ethical dimensions*. Boulder: Westview Press.
- Wolfgram, S. M. (2008). Openness in adoption: What we know so far – A critical review of the literature. *Social Work*, 53(2), 133-142.

Viðaukar

Viðauki A	Fyrri viðtalsrammi
Viðauki B	Síðari viðtalsrammi II (e. interview guide for secondary sampling)
Viðauki C	Kynningar- og upplýsingarbréf vegna rannsóknar
Viðauki D	Upplýst samþykki
Viðauki E	Samþykki frá Vísindasiðanefnd

Viðauki A

Viðtalsrammi



Viðtalsrammi fyrir rannsóknina: Biðin og þráin eftir barninu: Reynsla fólks af ófrjósemi og ættleiðingu.

- Hjón eða einstaklingur?
 - Eru mismunandi viðmið?
 - Þarf að vera giftur eða er sambúð nægileg?
- Hver var ástæðan fyrir því að þið ákváðuð að ættleiða barn?
- Hafið þið prófað aðrar leiðir en ættleiðingu eins og ófrjósemismæðferðir?
 - Hversu oft?
 - Kostnaður?
- Hvernig upplifið þið biðtímann eftir ættleiðingu barns?
 - Fáíð þið reglulega upplýsingar um biðlista?
 - Er haft samband við ykkur á biðtíma til að kanna líðan ykkar?
- Hefur ykkur verið boðinn stuðningur eða sálfræðilega aðstoð vegna ófrjósemi eða fyrirhugaðrar ættleiðingar?
- Hafið þið upplifað þunglyndi vegna barnleysis?
- Hvernig metið þið þá þjónustu sem Félag Íslenskrar ættleiðingar veitir?
 - Er eitthvað sem þið viljið breyta?
- Upplifið þið skilning frá ættingjum og samfélaginu vegna stöðu ykkar?
 - Finnst ykkur vera erfitt að ræða ykkar aðstæður við aðra?
 - Upplifið þið eins og þið þurfið að fela það sem þið eruð að ganga í gegnum?
- Er mikill kostnaður sem fylgir því að ættleiða barn?

- Er einstaklingum með of lágar tekjur hafnað ættleiðingu?
- Er í boði fyrir ykkur einhver niðurgreiðsla?
- Þurfið þið að sýna fram á sjóð og eignir?
- Gætuð þið hugsað ykkur að fara í gegnum þetta ferli aftur?
- Mynduð þið hugleiða að taka að ykkur íslenskt barn til ættleiðingar ef það stæði ykkur til boða?

Viðauki B

Viðtalsrammi II

Secondary sampling

1. Getur þú lýst fyrir mér **þrá þinni eftir barni** (spyrja þau bæði)?
2. Getið þið lýst fyrir mér hvernig upplifun það var að **uppgötva ófrjósemi**? Fylgdi því sorg? Getur þú lýst henni?
3. Getur þú lýst fyrir mér hvernig ykkur (fá frá báðum) leið þegar þú/þið varst/voruð í **tæknifrjóvgun**? Virðist vanta umhyggju og persónulegan stuðning, hvað segir þú um það? Af hverju er ekki hægt að panta tíma eins og í annarri þjónustu?
4. Getur þú sagt mér frá „**the turning point**“ þegar þú ákvaðst að ættleiða?
5. Getur þú lýst fyrir mér hvernig þú tókst ákvörðun um það **frá hvaða landi** þú ættir að ættleiða?
6. Hvernig leið ykkur þegar þið fenguð **samþykkið**?
7. Fram hefur komið að **undirbúningurinn** hefði mátt vera betri. Rannsakandi: Getur þú sagt mér meira frá því?
8. Getur þú lýst fyrir mér **biðinni eftir barninu**?
9. Getið þið lýst **tilfinningum ykkar þegar þið voru að fara út til að ná í barnið**?
10. Getur lýst fyrir mér hvernig þér leið þegar þú **hélst fyrst á barninu þínu** í höndum þér?
11. Getur þú lýst **fyrstu viðbrögðum barnsins** þíns þegar þú hittir það fyrst? (hvernig upplifðir þú viðbrögð barnsins?)
12. Nú hefur komið fram ákveðin þjáning foreldra ættleiddra barna vegna **geðtengslaleysis**. Getur þú sagt mér frá því frá þinni hlið?
13. Fram hefur komið: Það var aldrei spurt **hvernig hefur þú það**? (Fæðingarþunglyndi?). Rannsakandi: Getur þú sagt mér meira frá því? Hvernig leið þér? Hvers þarfnaðist þú á þeim tíma?

14. Fram hefur komið að betra sé að ættleiðingar séu ríkisreknar.
Getur þú sagt mér meira frá því?
15. Getur þú sagt mér frá **helstu tímamótum og þáttaskilum** í a) ófrjósemisferlinu b) ættleiðingafurferlinu? Eru einhverjar dagsetningar sem standa upp úr?
16. Getur þú sagt mér frá upplifun þinni af eftirfarandi þáttum:
Uppgötvun ófrjósemi -> rannsóknir -> tæknifrjóvgun -> glasaffrjóvgun -> Turning point -> Ættleiðingarferli
17. Getur þú lýst fyrir mér **mikilvægi stuðnings og umhyggju** í a) ófrjósemistímabilinu b) ættleiðingartímabilinu.
Jafningastuðnings? Stuðnings frá fagfólki?
18. Finnst þér **mannréttindi að fá að verða foreldri**? Getur þú útskýrt það?
19. **Er eitthvað í ferlinu sem þið mynduð vilja breyta?**
20. Er eitthvað annað sem þú vilt bæta við?
21. Sumir foreldrar hafa sagt að ættleiðing sé *gagnkvæm björgun*.
Hvað segir þú við því?
22. Sumir foreldrar hafa talað um *gagnkvæmt sorgarferli foreldra og barns*. Hvað segir þú við því?

Viðauki C

Kynningarbréf rannsókna



Kynningarbréf fyrir þátttöku í rannsókninni Biðin og þráin eftir barninu: Reynsla fólks af ófrjósemi og ættleiðingu.

Kæri viðtakandi.

Ég er meistaranemi við Háskólann á Akureyri og er að vinna að rannsókn sem verður lokaverkefni mitt til M. S. prófs í heilbrigðisvísindum.

Markmið rannsóknarinnar er fyrst og fremst að fá aukna innsýn í líðan kjörforeldra þegar þeir bíða eftir því að fá barn til ættleiðingar. Einnig verður kannað hvort kjörforeldrum finnst þau fá næga fræðslu og stuðning frá samfélaginu og frá Félagi Íslenskrar ættleiðingar.

Rannsóknin verður framkvæmd þannig að við rannsakendur munum taka tvö viðtöl við þig eða ykkur hjónin þar sem fyrrgreindir þættir verða skoðaðir. Viðtalið tekur um klukkustund í hvort skipti og mun vera tekið á fyrirfram ákveðnum hlutlausum stað sem þið fáið nánari upplýsingar um þegar nær dregur. Viðtalið verður hljóðritað og fært á ritað form.

Allar upplýsingar sem koma fram í viðtalinu verða meðhöndlaðar samkvæmt ströngustu reglum um persónuvernd, trúnað og nafnleynd. Eftir vinnslu rannsóknarinnar verður frumgögnum, pappírsgögnum og segulbandsspólum fargað á réttan hátt samkvæmt íslenskum lögum.

Nafn þitt/nöfn ykkar munu hvergi koma fram í niðurstöðum rannsóknarinnar né annars staðar í umfjöllun rannsókna. Ykkur verða gefin gervinöfn í rannsókninni sem verður ekki hægt að rekja til ykkar.

Þér/ykkur ber engin skylda til að taka þátt í rannsókninni. Þú/þið getið hætt þátttöku hvenær sem er án nokkurra eftirmála.

Niðurstöður rannsóknarinnar verða birtar í formi meistararitgerðar nemanda og í vísindatímariti.

Vonast er til að niðurstöður rannsóknarinnar geti nýst á þann veg að hægt verði að bæta ferli ættleiðinga á Íslandi með von um styttri biðtíma eftir barni, aukinn skilning á ferlinu og eflingu stuðnings við barnið sem og verðandi foreldra.

Sökum þess hve viðkvæmt málefnið er mun þér/ykkur standa til boða þjónusta sálfræðings, ykkur að kostnaðarlausu ef þurfa þykir. Hún heitir Ásdís Claessen og má nálgast hana í síma 659-8812 eða með tölvupósti á netfangið asdisc@gmail.com

Leiðbeinandi minn og ábyrgðarmaður rannsóknar er Dr. Sigríður Halldórsdóttir hjúkrunarfræðingur og prófessor við Háskólann á Akureyri. Ef einhverjar spurningar vakna varðandi rannsóknina eða ef eitthvað er óljóst vil ég benda þér/ykkur á að hafa samband við hana í síma: 460-8999 eða með tölvupósti á netfangið: sigridur@unak.is

Rannsóknin er unnin með samþykki Vísindasiðanefndar og Persónuverndar.

Það er einlæg ósk okkar um að þú/þið sjáið ykkur fært um að taka þátt í þessari rannsókn.

Virðingarfyllst

Sigríður Halldórsdóttir, hjúkrunarfræðingur BSc, MSN, prófessor Háskólanum á Akureyri. Ábyrgðarmaður rannsóknar, sími 460-8452 sigridur@unak.is

Sigrún Sigurðardóttir, hjúkrunarfræðingur BSc, MSN, Ph. D nemi Háskólanum á Akureyri. Sími 891-7654 sigrunsig@unak.is

Guðný Birna Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur BSc, meistaranemi í heilbrigðisvísindum. sími: 693-3747 gudnybirna@hotmail.com

Ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi rétt þinn sem þátttakandi í vísindalegri rannsókn, eða þú vilt draga þátttöku þína í rannsókninni til baka getur þú snúið þér til Vísindasiðanefndar, Hafnarhúsinu Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík, sími: 551-7100, fax: 551-1444

Viðauki D

Upplýst samþykki



Upplýst samþykki vegna þátttöku í rannsókninni: Biðin og þráin eftir barninu: Reynsla fólks af ófrjósemi og ættleiðingu.

Ég undirrituð/aður samþykki hér með frjálsum vilja að vera þátttakandi í ofangreindri rannsókn. Ég hef fengið kynningarbréf um rannsóknina þar sem ég gat kynnt mér allar upplýsingar. Ég geri mér grein fyrir því að ég get dregið þátttöku mína til baka hvenær sem er meðan á rannsókninni stendur án nokkurra skýringa né eftirmála.

Ég hef verið upplýst/ur um að nafn mitt muni hvergi koma fram og að öllum gögnum sem varða rannsóknina verði eytt að lokinni rannsókn og þannig sé gætt fyllstu nafnleyndar.

Rannsóknin sem um ræðir er lokaverkefni Guðnýjar Birnu Guðmundsdóttur til M.S. gráðu í heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri.

Allar nánari upplýsingar varðandi rannsóknina má nálgast hjá ábyrgðarmanni rannsóknar Sigríði Halldórsdóttur, í síma 460-8452 eða með tölvupósti á netfangið sigridur@unak.is

Tekið skal fram að rannsakandi er bundin þagnarskyldu. Öll gögn sem varða rannsóknina verða geymd á læstum stað og verður eytt eftir að rannsókn lýkur. Þátttakendum verða gefin gervinöfn og þar með er ekki hægt að rekja neinar upplýsingar til þeirra.

Staður og dagsetning

Nafn þátttakanda

Guðný Birna Guðmundsdóttir

Viðauki E

Samþykki frá Vísindasiðanefnd

Sigrún Sigurðardóttir
Brekatúni 11
600 Akureyri



VÍSINDASIÐANEFND

Hafnarhúsið, Tryggvagata 17
101 Reykjavík,

Sími: 551 7100, Bréfsími: 551 1444
netfang: visindasiðanefnd@vsn.stjr.is

Reykjavík 6. nóvember 2012
Tílv.: VSNb2012100012/03.07

Efni: 12-174-S1 Ættleiðingar á Íslandi: Úrræði og biðin eftir barninu.

Vísindasiðanefnd þakkar svarbréf þitt, mótttekið 29.10.2012 vegna áðursendra athugasemda við ofangreinda rannsóknaráætlun sbr. bréf nefndarinnar dags. 23.10.2012. Í bréfinu koma fram svör og skýringar til samræmis við athugasemdir Vísindasiðanefndar og því fylgdu endurbætt gögn.

Fjallað var um svarbréf þitt og önnur innsend gögn á fundi Vísindasiðanefndar þann 06.11.2012.

Rannsóknaráætlunin er endanlega samþykkt af Vísindasiðanefnd.

Vísindasiðanefnd bendir rannsakendum vinsamlegast á að birta VSN tilvísunarnúmer rannsóknarinnar þar sem vitnað er í leyfi nefndarinnar í birtum greinum um rannsóknina.

Jafnframt fer Vísindasiðanefnd fram á að fá send afrit af, eða tilvísun í, birtar greinar um rannsóknina. Rannsakendur eru minntir á að tilkynna rannsóknarlok til nefndarinnar.

Áréttað er að allar fyrirhugaðar breytingar á þegar samþykktri rannsóknaráætlun þurfa að koma inn til nefndarinnar til umfjöllunar.

Jafnframt ber ábyrgðarmanni að láta stofnanir, sem veitt hafa leyfi vegna framkvæmdar rannsóknarinnar eða öflunar gagna vita af fyrirhugðum breytingum.

Með kveðju,

f.h. Vísindasiðanefndar,

dr. med., Björn Rúnar Lúðvíksson, læknir, formaður